FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. JÚLÍ 2019



# Sterkari eftir slysið

Guðlaug Edda Hannesdóttir er bjartsýn á að keppa í þríþraut á Ólympíuleikunum í Tókýó 2020. Hún lenti í slysi sem hafði mikil áhrif á líkamlega og andlega heilsu hennar en segist sterkari íþróttamaður og betri manneskja á eftir. 22

Ég svaf ekki í fimm daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bambus Kona Kusi Skrýmir Myrká Náttúra Ditto Sukki

## Nöfnin hluti af sjálfsmyndinni

Lög um mannanöfn fáránleg ólög sem hafa valdið skaða, segir Jón Gnarr. 18



## Tók vináttuna fram yfir peningana

Niklas Natt och Dag slær í gegn víða um heim með 1793. 28



## Útlægur úr heimalandinu

Tengsl NBA-kappa við Fethullah Gülen skapa óvild í heimalandinu Tyrklandi. 26






## Veður




Norðan 3-10 og víða léttskýjað, en norðvestan 10-15 á annesjum norðaustanlands og rigning þar seint um kvöldið. SJÁ SÍÐU 36



Asadullah Sarwary, Mahdi Sarwary og Ali Sarwary. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verður ekki vísað úr landi

**ÚTLENDINGAMÁL** Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir dómsmálaráðherra breytti í gær reglugerð um útlendinga sem veitir nú Útlendingastofnun heimild, á grundvelli sérstakrar beiðni eða að eigin frumkvæði, til að taka til efnislegrar meðferðar mál barna sem hlotið hafa vernd í öðru ríki, ef það eru meira en tíu mánuðir liðnir frá því að umsókn þeirra barst íslenskum stjórnvöldum.

Mál Sarwary-feðganna og Safari-fjölskyldunnar falla undir reglugerðina, sem hefur þegar tekið gildi, að sögn lögmanns þeirra, Magnúsar D. Norðdahl.

Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um mál þeirra Asadullah, Ali og Madhi Sawary síðustu mánuði. Til stóð að vísa þeim úr landi á mánudaginn en hætt var við það eftir að annar drengjanna fékk taugaáfall vegna kvíða. Hefur hann nú fengið viðeigandi aðstoð.

Asadullah segist þakklátur öllum þeim sem hafa vakið athygli á máli hans. Hann og drengirnir, Ali og Madhi, voru viðstaddir fjölmenn mótmæli sem fóru fram á fimmtudaginn.

„Þeir voru mjög glaðir þegar ég sagði þeim að allir sem væru viðstaddir væru þar til að styðja þá og vildu halda þeim á Íslandi,“ segir Asadullah. **– la**

# Sóluðu sig við fætur Ingólfs



Höfuðborgarbúar nutu sín úti í veðurblíðunni í gær. Mannlífið í borginni var lifandi, sátu margir úti og létu fara vel um sig. Þar á meðal þetta par sem naut þess að sóla sig við fætur Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af mannlífinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Engin bakvakt í Borgarbyggð

**VESTURLAND** Slökkvilið Borgarbyggðar verður ekki með bakvakt um helgina líkt og hefur verið undanfarnar helgar. Í vikunni var aflýst óvissustigi vegna eldhættu á Vesturlandi.

Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð, segir að hann hefði helst kosið að hafa áfram bakvakt um þessa miklu ferðahelgi. „Fólk þarf samt ekki að hafa neinar áhyggjur, við erum tryggðir. Það hefur líka rignt þannig að það er ekki lengur yfirvofandi hætta á ferðinni,“ segir Bjarni.

Vill hann þó ítreka við fólk að fara varlega með eldfæri. **– ab**



**Bjarni Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarbyggð.**




# Heimsmet í fjölda kvenna í lögreglunni

Á lögreglustöðinni á Vínlandsleið starfa fleiri konur en karlar og er það líklega eini staðurinn í heiminum þar sem hlutfall kvenna er hærra en karla í lögreglunni. Endurnýjun starfsfólks og aukin aðsókn kvenna sögð ástæðan.

**LÖGREGLAN** „Fleiri konur eru að ljúka námi í Lögregluskólanum þannig að eðli málsins samkvæmt koma fleiri konur inn. Fyrir ekkert löngu síðan var þetta stöðin með hæstan starfsaldur og það hafa eiginlega orðið kynslóðaskipti núna síðastliðin ár,“ segir Kristján Ólafur Guðnason, aðstoðaryfirlögregluþjónn á lögreglustöðinni á Vínlandsleið.

Lögreglustöðin er ein fjögurra stöðva á höfuðborgarsvæðinu og þar starfa þrjátíu og fimm manns, nítján konur og sextán karlar. „Þegar ég byrjaði árið 2007 vorum við mun færri heldur en við erum í dag hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, ég veit ekki hvernig tölurnar eru núna, en breytingarnar á þessum tíma eru rosalega miklar. Það er svo gaman að sjá þær og hafa fengið að upplifa það,“ segir Ingibjörg Ýr Jóhannsdóttir, rannsóknarlögreglumaður og jafnréttisfulltrúi LRH.

Hvorki Kristján né Ingibjörg hafa fyrr heyrt um lögreglustöð þar sem starfa fleiri konur en karlar. „Ég held að þetta sé bara heimsmet, ég hef allavega ekki heyrt að þetta sé svona nokkurs staðar annars staðar,“ segir Ingibjörg og Kristján tekur undir.

„Allavega held ég að þetta hlutfall þekkist ekki á stöð af þessari stærðargráðu. Við höfum rætt þetta nokkrum sinnum og sagt að þetta sé líklega heimsmet og það hefur nú enginn hrakið það,“ segir hann.

Aðspurð hvort eitthvað sé sérstaklega gert á Vínlandsleið, sem ekki tíðkast á öðrum lögreglustöðvum vegna fjölda kvenna sem þar starfa segir Kristján að ekkert markvisst sé gert vegna kyns starfsmanna en mikið sé lagt upp úr vinnuumhverfinu. „Við bjuggum vel fyrir vegna þess að við vorum byrjuð á því að vinna í bæði innanhússmálum hjá okkur og í starfseminni. Því hvernig við getum orðið gott lögreglulið og að það sé þannig að það sé bæði gaman og gott að vinna hérna. Úr þeirri vinnu settum við okkur markmið, gildi og vinnureglur sem við vinnum eftir.“

Ingibjörg tekur undir orð Kristjáns og segir mikið lagt upp úr líðan fólks í vinnunni og að allir vinni að því saman. „Hér er hlustað á fólk og ég held að það sé mjög mikilvægt. Ég kom til dæmis þeirri hugmynd áleiðis að hafa frí dömubindi á baðherbergjunum. Það er dæmi um eitthvað sem veitir okkur konunum öryggi en kostar lítið og er auðvelt í framkvæmd. Stemningin er þannig að maður viðrar hugmynd og svo er Kristján bara farinn að kaupa dömubindi,“ segir Ingibjörg.

„Ég held að þetta hafi kostað um þrjú þúsund krónur og ferð í búðina, svo auðvelt er það,“ segir Kristján og bætir við að eins og í öllu öðru séu það einstaklingarnir sem skipti máli en ekki kyn þeirra. „Við erum afar heppin með þá einstaklinga sem starfa hér.“



**Mikið hefur verið lagt í uppbyggingu innviða á lögreglustöðinni á Vínlandsleið þar sem starfa 19 konur en 16 karlar.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**birnadrofn@frettabladid.is**



# Júlíblíðan

Veðurblíðan heldur áfram að leika um landann eins og sjá má á þessum myndum sem Valgarður Gíslason, ljósmyndari Fréttablaðsins, tók síðdegis í gær í höfuðborginni. Margir sátu úti og létu fara vel um sig í sólinni. Aðrir brugðu á leik eða íhuguðu eigin tilveru. Veðrið er einnig tilvalið fyrir útilistaverk eins og þetta búðarpokajólatré sem búið er að koma fyrir á Laugaveginum.









HÚSASMIÐJAN

blómaval

Skoðaðu útsölublaðið á husa.is






# Sumar ÚTSALA

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

## Allt að 50% afsláttur

Trjáplöntur -50% • Sumarblóm -30-50% • Sláttuvélar -25-35% • Útipottar -30%
Reiðhjól -30-40% • Garðhúsgögn -25-40% • Broil King grill og fylgihlutir -25-30%
Lady málning -25% • Pallaolía og viðarvörn -20% • Hekkklippur -25-40%
Orf og keðjusagir -25-30% • Mosatætarar -30-40% • Matarstell og glös -30%
Útipottar -30% • Pottar og pönnur -30% • Fatnaður -25% • Strauborð og herðatré -25%
ELKOP tröppur og stigar -30% • Garðúðarar, byssur og slönguhjól -25-50%
Garðstyttur -30% • Garðáhöld og verkfæri -25-40% • Blöndunartæki -25%
Valdar flísar og parket -40% • Skjólgirðingar -20-25% • Pallastiklur -20%
... auk hundruð annarra útsölutilboða



35% afsláttur

WOLF Garten

**21.995 kr**

~~33.995~~ kr

**Rafmagnssláttuvél** A340E
1400W, sláttubreidd 34 cm, safnari 30 ltr., 5 hæðarstillingar 2-6 cm.
5085168



25% afsláttur

Frábært í ferðalagið og heima

Broil King

**27.338 kr**

~~36.450~~ kr

**Gasgrill Porta Chef 120**
Brennari 4,1 kW, postulín húðuð grillgrind, grillflötur: 46x31 cm.
3000612




25% afsláttur

Broil King

**46.492 kr**

~~61.990~~ kr

**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar.
3000317

IKRA mogatec



25% afsláttur

**11.995 kr**

~~15.995~~ kr

**Orf IBT 25-1**
IKRA orf með tvígengismótor, 25.0cc/0,8kW.
5086620



Hekkklippur og orf saman í setti ásamt rafhlöðu

30% afsláttur

TEXAS

**15.995 kr**

~~22.995~~ kr

**Hekkklippur og orf 18V**
50 cm lengd á hekkklippum, klippigeta 15 mm.
25 cm sláttubreidd, hleðslutæki fylgir.
5083640

IKRA mogatec

25% afsláttur




**9.745 kr**

~~12.995~~ kr

**Keðjusög**
2200W, 40 cm sverð, þyngd 5,4 kg.
5083730



50% afsláttur

Sólboði

**890 kr**

~~1.790~~ kr



50% afsláttur

Margarita

**990 kr**

~~1.990~~ kr

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 30.06.2019 TIL 07.07.2019

**100**

metra ísgöng verða boruð í Suðurjökul Langjökuls nái áform fyrirtæksins Mountaineers of Iceland fram að ganga.



**55,3**

milljóna króna tjón varð á þaki sundlaugar Flateyrar vegna leka.



**1.200**

milljónir verða greiddar í bætur frá Valitor til Datacell og Sunshine Press Productions fyrir að hindra greiðslur á söfnunarfé til WikiLeaks.






**67,5**

prósent Íslendinga eru hlynnt fjölgun eftirlitsmyndavéla um landið samkvæmt könnun Zenter rannsókna.



**19,5**

milljónir króna fóru á fjórum árum frá íslenskum ráðuneytum og undirstofnunum til að kaupa auglýsingar og kostaðar dreifingar á erlendum samfélagsmiðlum.

## Þrjú í fréttum
### Negríti, Lilja og háð og spott



**Eva Þóra Hartmannsdóttir**
*hjúkrunarfræðinemi*

rak augun í orðið negríti á sjúkraskýrslu sinni í skoðun hjá Mæðravernd. „Mér brá rosalega mikið þegar ég sá þetta orð en þegar ég spurði hvað þetta þýddi fékk ég svarið að þetta hafi bara alltaf verið svona fyrir minn kynþátt,“ segir Eva Þóra. Það sé ekki leyndarmál að orðið komi frá orðinu negri.



**Lilja Alfreðsdóttir**
*mennta- og menningarmálaráðherra*

nýtur mests trausts allra ráðherra ríkisstjórnarinnar samkvæmt könnun Zenter rannsókna fyrir Fréttablaðið. Fast á hæla Lilju kom Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Þær njóta langmests trausts allra ráðherra. 20,5 sögðust bera mest traust til Lilju og 18,1 prósent til Katrínar.



**Bjarni Benediktsson**
*fjármálaráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins*

er miðpunktur deilna sem spruttu milli Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, formanns Viðreisnar og Davíðs Oddssonar, ritstjóra Morgunblaðsins og forvera Bjarna á formannsstóli Sjálfstæðisflokksins. Sagði Þorgerður Bjarna hafðan að háði og spotti í Morgunblaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning
Það kostar ekkert.

# VesturVerk segir kortið sett fram til að tefja framkvæmdir

**Talsmaður VesturVerks segir að kæra byggð á nýju landamerkjakorti sé sett fram til að tefja framkvæmdir við Hvalárvirkjun. Þessu hafnar teiknarinn. Málið snýst um túlkun á skjali frá 19. öld.**

**VESTFIRÐIR** Miklar deilur standa nú yfir um landamerkjamál í Árneshreppi eftir að hið umdeilda Drangavíkurkort leit dagsins ljós. Tengist þetta framkvæmdum VesturVerks í tengslum við Hvalárvirkjun. Kortið var teiknað af Sigurgeiri Skúlasyni og er dagsett þann 19. júní á þessu ári. Er það mjög á skjön við þau kort og skjöl sem hafa undanfarna áratugi verið almennt viðurkennd.

Til grundvallar er Landamerkjabók fyrir Strandasýslu frá árinu 1890. Á þessum tíma voru landamerkjabækur handskrifaðar og fáorðar. Í þeim eru engar upplýsingar um stærðir heldur aðeins mörk jarðanna. Var þá greint frá því hvar mörk við aðra bæi lágu, hvar jörð nam við sjó og hvar við fjall eða óbyggðir. Mörk lágu gjarnan eftir ám, fjallsbrún og jafnvel vörðum ef því var að skipta.

Það sem hið nýja kort sýnir er að jörðin Drangavík eigi allt land til jökuls, handan við Eyvindarfjarðarlónið, og jörðin Engjanes ekkert. Eldri kort sýna að Engjanes eigi landið handan við lónið og Drangavík ekkert. Ef hið nýja kort yrði viðurkennt myndi Drangavík margfaldast að stærð á kostnað Engjaness.

Þó að textinn í landamerkjabókinni sé knappur kemur þar glögglega fram að jörðin Engjanes eigi land til fjalls. Þar stendur: „Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er í Þrælskleif og þaðan beint til fjalls svo eftir hæstu fjallabrún að Eyvindarfjarðará en hún ræður merkjum til sjóar á milli Engjanes og Ófeigsfjarðar.“


136.
1890
Þinglestur
dagur
2. júlí

No 96.
Landamerkjaskrá
fyrir jörðina Drangavík í Árneshreppi
Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjón hending af hæsta Skarðatindinum á vörðu þá sem er á Klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eftir þeirri línu til sjóar –
En milli Drangavíkur og Engjanes er Þrælskleif og norðanverðu kúpóttur klettur og varða beint upp af honum. Kálhólmar 3 með æðarvarpi.
p.t. Árnesi 2. júlí 1890
J. J. Thorarensen
fyrir Jón Ásgeirsson
Guðm. Pétursson
á Dröngum

Lesin fyrir manntalsþingsrjetti að Árnesi 2. júlí mán. 1890 og rituð inn í landamerkjabók Stranda sýslu undir tölulið 96
Gjald:
Fyrir þinglestur aur 75a
– " – bókun – " – 25
Er ein króna
S. E. Sverrisson
Vitnar
S. E. Sverrisson

Landamerkjabókin sem um ræðir er frá 1890. MYND/LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS

Hvergi er hins vegar talað um landamerki til fjalls í lýsingunni á Drangavík.

Bæjarins besta greindi nýlega frá því að Sif Konráðsdóttir, fyrrverandi aðstoðarmaður Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfisráðherra, hefði beðið Sigurgeir að teikna kortið. Í samtali við Fréttablaðið segir Sigurgeir það rétt.

„En hún bað mig ekki að teikna það á ákveðinn hátt, það myndi ég aldrei gera,“ segir Sigurgeir. Segist hann eingöngu hafa teiknað kortið út frá sínum túlkunum á staðháttum.

„Ég teikna aðeins eftir þeim gögnum sem ég hef og eins og ég get best lesið þetta. Ég miða þá við vatnaskilin í fjallinu sem er mjög algengt að gera í landamerkjum.“

Friðbjörn Garðarsson lögmaður eiganda Engjaness, ítalska barónsins Felix Von Longo-Liebenstein, segist aldrei fyrr hafa heyrt ágreining um landamerki á milli jarðanna. Barónninn keypti Engjanes árið 2006 og var landamerkjum þá lýst.

„Ef menn bera brigður á landamerki annars þá fer ferill í gang og hann stendur þessu fólki opinn.“

Kæra Drangavíkurfólks liggur nú fyrir hjá úrskurðarnefnd en ekki er ljóst hvenær niðurstaða muni liggja fyrir. Framkvæmdir voru stöðvaðar á svæðinu, en ekki vegna þessa heldur til að tryggja að engar fornminjar liggi í jörðu.

Birna Lárusdóttir, talsmaður VesturVerks, segir að félagið telji að vísa ætti kærunni frá og athugasemdir hafi verið sendar inn. Hún segir:

„Okkur finnst þetta bera þess merki að verið sé að reyna að tefja framkvæmdir. Glugginn til að framkvæma er mjög lítill vegna veðurfarslegra aðstæðna.“

Hún segir þó einnig að framkvæmdir geti hafist aftur þangað til að úrskurðurinn liggi fyrir.

„Máli okkar til stuðnings er, að ef þetta hefur verið á vitorði landeigenda alla tíð, hvers vegna í veröldinni hafa þeir ekki notað síðustu þrettán ár í að koma því á framfæri? Sem er sá tími sem hefur farið í að undirbúa þetta verkefni.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

> **Málinu okkar til stuðnings er, að ef þetta hefur verið á vitorði landeigenda alla tíð, hvers vegna í veröldinni hafa þeir ekki notað síðustu þrettán ár í að koma því á framfæri?**



Birna Lárusdóttir, talsmaður VesturVerks.



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

# LEXUS UX
NÚ GERIST EITTHVAÐ ALVEG NÝTT



スマートカー

Í japanskri byggingarlist vísar „Enagawa“ til þess þar sem hið innra og hið ytra rennur snurðulaust saman. **Lexus UX** er glænýr bíll þar sem nýjasta tækni er nýtt til hins ítrasta til að skapa ökumanni og farþegum umhverfi sem er í senn opið, frjálst og einstaklega öruggt.

**UX** 250h – HYBRID **SNJALLJEPPI** FRÁ 6.560.000 KR.




**Sporlaus**
Allur akstur nýrra Lexus bíla
er kolefnisjafnaður í samstarfi við Kolvið.

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2019

**Lexus-Ísland**
Kauptúni 6, Garðabæ – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

## Vesturbygging verður lokuð fram í nóvember

**REYKJAVÍK** Vesturbygging Fossvogsskóla verður ekki tilbúin fyrr en í nóvember. Miðað við stöðuna núna er reiknað með að austur- og miðbygging skólans verði tilbúnar 15. ágúst áður en skólahald hefst. Þetta kom fram á fundi skólastjórnenda og fulltrúa frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar í vikunni.

Fossvogsskóla var lokað í mars síðastliðnum eftir að mygla fannst í húsnæðinu. Til stóð upphaflega að framkvæmdum yrði lokið áður en skólahald hæfist. Foreldrum var tilkynnt á fundi í byrjun júní að skólinn yrði ekki tilbúinn. Var hann verr farinn en fyrst var talið.

Verklok vegna síkkunar glugga í matsal og veggja á lóð vegna framkvæmda sunnan við miðbygginguna eru áætluð í lok október. Svo eru verklok lóðarfrágangs austan við skólann áætluð í byrjun nóvember. Er nú unnið að því að koma nemendum í 1.-3. bekk fyrir í öðrum hluta skólans á meðan unnið er í vesturbyggingunni. Halda á upplýsingafund með foreldrum um miðjan ágúst.

Aðalbjörg Ingadóttir, skólastjóri Fossvogsskóla, sagði upp í júní. Verður skólastjórastaðan auglýst um miðjan ágúst og á ráðning nýs skólastjóra að liggja fyrir í byrjun september. **– ab**

## Skógarbændur segja geitur vera skaðræðisskepnur

**HÚSDÝR** „Örfáir landeigendur á Héraði hafa verið að fá sér geitur og hafa undirritaðir átt í vök að verjast undan ágangi þeirra,“ segir í bréfi tveggja skógarbænda til Fljótsdalshrepps. Eigendur sumarbústaðalands í Fljótsdalshreppi hafa einnig mótmælt lausagöngu geita.

Segja skógarbændurnir tveir á Droplaugarstöðum og Geirólfsstöðum það einkennilegt að ekki hafi verið brugðist við kvörtunum þeirra. Háum fjárhæðum af almannafé hafi verið varið til að girða af skógræktarlandið. Geitunum haldi hins vegar ekki girðingar sem haldi sauðfé.

„Geitur eru skaðræðis skepnur á nýgróðursetningum og ungskógum, skemma mikið og drepa tré með ágangi sínum,“ segir í bréfi bændanna. Vegna þess hversu mikið geitur skemmi og auki kostnað segjast þeir leggja eindregið til að lausaganga geita verði bönnuð í Fljótsdalshreppi.

Málið hefur ekki verið afgreitt á vettvangi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum en sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hafnaði tillögunni um bann.

„Að sinni verður ekki sett á lausagöngubann geita. Sveitarstjórn skilur áhyggjur sem fram koma í erindunum og hvetur búfjáreigendur til að leitast við að sjá til þess að búfé þeirra valdi ekki skemmdum á eigum annarra,“ segir í bókun



Geitur éta það sem þeim þykir gott, segir oddvitinn. „Það geta verið tré, runnar og blóm.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sveitastjórnarinnar sem kveður stefnt að því að gera búfjársamþykkt fyrir hreppinn og setja þar umgjörð um búfjárhald.

„Þær borða náttúrlega það sem þeim þykir gott. Það geta auðvitað verið tré, runnar og blóm og annað sem verður á vegi þeirra,“ segir Gunnhildur Ingólfsdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, um geiturnar. Hún kveðst halda að um sé að ræða sex geitur í hennar sveitarfélagi.

„Þetta eru frekar léttar skepnur og það er talað um að þær haldist illa innan girðinga og reyni alltaf að vera sem hæst uppi – ef það er einn klettur í nágrenninu þá eru þær þar,“ útskýrir oddvitinn.

Að sögn Gunnhildar hafa geiturnar ekki unnið skemmdir á áðurnefndu sumarbústaðalandi.

„Þeir vita að það eru geitur á bænum og þóttust vissir um að geiturnar myndi valda einhverjum skemmdun en það er ekkert slíkt sem liggur fyrir í dag,“ segir oddvitinn. **– gar**


Auglýsing um próf til **endurskoðunarstarfa**

**Með vísan til laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, er fyrirhugað að halda próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa í október 2019 sem hér segir:**

Fyrri hluti mánudaginn 7. október
Seinni hluti miðvikudaginn 9. október

Prófin hefjast kl. 9 hvorn dag og standa til kl. 17.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Próftökugjald er kr. 400.000.-

Væntanlegir prófmenn skulu skila umsóknum fyrir miðvikudaginn 7. ágúst nk. til prófnefndar. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Jóni Arnari Baldurs, Urðarbraut 9, 200 Kópavogi eða í tölvupósti á jon.a.baldurs@gmail.com.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008. Próftakar fá þá sendan reikning fyrir prófgjaldinu sem ber að greiða fyrir 1. september n.k.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum fyrir lok ágúst nk.

Reykjavík 6. júlí 2018.
Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið


# Margir teknir í óleyfi í utanlandsferðum

Mjög algengt er að Vinnumálastofnun grípi fólk sem þiggur atvinnuleysisbætur í utanlandsferðum í leyfisleysi. Ýmis úrræði til eftirlits. Margir atvinnuleysisbótaþegar vita ekki að tilkynna þurfi utanlandsferð til stofnunarinnar.

**ATVINNUMÁL** „Það er heilmikið um að fólk fari til útlanda og við komumst að því og þá er fólk að lenda í viðurlögum,“ segir Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Nú þegar sumarfrí hjá flestum Íslendingum eru að hefjast eða þegar hafin þá hyggja margir á eða hafa fyrir löngu skipulagt utanlandsferðir. Ef fólk þiggur atvinnuleysisbætur á Íslandi er því hins vegar óheimilt að yfirgefa landið til að fara í frí, nema Vinnumálastofnun sé látin vita og þá eru greiðslur til bótaþega felldar niður á meðan. Utanlandsferðir eru aðeins heimilar með sérstöku vottorði og þá til að leita að vinnu í öðrum löndum á Evrópska efnahagssvæðinu.

„Við erum með eftirlit og höfum ýmis ráð til þess en það er ómögulegt að gefa það upp hver þau eru, því þá myndu allir sjá við okkur,“ segir Unnur. Mjög algengt er, þegar fjölmargir úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála í þessum efnum eru skoðaðir, að fólk beri því við að hafa annaðhvort ekki vitað að ólöglegt væri að fara í frí eða að tilkynna þyrfti utanlandsferðir fyrir fram. Atvinnulausir sem þiggja bætur þurfa að sýna fram á virka atvinnuleit og staðfesta sig rafrænt í hverjum mánuði. Ein leið til að góma fólk er að Vinnumálastofnun sér frá hvaða landi þessi rafræna staðfesting berst. Þá kemur fyrir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, að samfélagsmiðlar komi upp um fólk.

Fyrstu viðurlög við að vera gripinn á sólarströnd í leyfisleysi eru að missa bótaréttinn til tveggja mánaða. Í annað skiptið eru það þrír mánuði en þriðja brot þýðir að viðkomandi er sviptur bótarétti.

Unnur segir djúpt á upplýsingum um hversu margir hafi sætt viðurlögum það sem af er ári og undanfarin ár vegna utanlandsferða í óleyfi. Rót vandans þar liggi í öldruðu tölvukerfi sem vonandi standi til að bæta úr á næstu tveimur árum.

Aðspurð hvort dæmi séu um að fólk sé að misnota U2-vottorðin svokölluðu, sem veita atvinnuleitendum heimild til að leita sér að vinnu á EES-svæðinu og fá atvinnuleysisbætur frá íslenska ríkinu í allt að þrjá mánuði, segir Unnur að hún muni ekki til þess.

**mikael@frettabladid.is**



Einstaklingur telst hafa fengið ofgreiddar atvinnuleysisbætur sem nemur þeim tíma sem hann var erlendis án þess að hafa fengið til þess leyfi. Viðurlög við fyrsta broti eru svipting bóta í tvo mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

**10.000**

**Fjöldi atvinnulausra í maímánuði samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands.**

**Við erum með eftirlit og höfum ýmis ráð til þess en það er ómögulegt að gefa það upp hver þau eru.**

Unnur Sverrisdóttir, forstjóri Vinnumálastofnunar




TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
4.-8. júlí
Taxfree* af öllum snyrtivörum
*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti
HAGKAUP
Meira svona alla daga
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Erfið reynsla býr til samstöðu

**Vestmannaeyjar fagna hundrað ára afmæli kaupstaðarréttinda með veglegum hátíðahöldum. Íris Róbertsdóttir er fyrst kvenna til að gegna stöðu bæjarstjóra í bænum. Hún er fædd í Eyjum og var rúmlega ársgömul í gosinu.**

Kristinn Haukur Guðnason
kristinnhaukur@frettabladid.is



Frá Goslokahátíðinni í fyrra. Í ár verður sérstaklega vegleg hátíðardagskrá vegna 100 ára afmælis kaupstaðarréttinda bæjarins. MYND/VESTMANNAEYJABÆR

**VESTMANNAEYJAR** Íris Róbertsdóttir varð bæjarstjóri í Vestmannaeyjum eftir sveitarstjórnarkosningarnar í fyrravor og er fyrst kvenna til að gegna þeirri stöðu. Aðdragandinn að því var hins vegar róstusamur. Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði eftir ákvörðun um að halda ekki prófkjör og Íris leiddi klofningsframboðið Fyrir Heimaey. Hún hafði áður verið starfandi í flokknum síðan hún var sextán ára og meðal annars tekið sæti á Alþingi sem varaþingmaður.

Vestmannaeyjar fagna nú hundrað ára afmæli kaupstaðarréttinda með veglegum hátíðahöldum, með ávörpum, tónlistaratriðum og blaðaútgáfu. Bærinn hefur lengi haft töluverða sérstöðu og bæjarbúar gengið í gegnum ýmsar raunir á liðinni öld, þá helst Vestmannaeyjagosið árið 1973.

„Ég er fædd í Eyjum 11. janúar árið 1972 og var því rúmlega eins árs gömul í gosinu,“ segir Íris. „Ég hef búið hér nánast alla mína ævi, þó með viðkomu í Reykjavík og Bandaríkjunum.“

Fjölskylda hennar flutti mjög snemma aftur heim í Eyjar eftir gosið. Íris er kennari að mennt og hlaut íslensku menntaverðlaunin árið 2006 en þá var hún kennari í Hamarsskóla. Íris hefur verið virk í félagsstörfum bæjarins og um tíma var hún formaður íþróttafélagsins ÍBV. Hún er gift og á tvö börn og eitt fósturbarn með manni sínum, Eysteini Gunnarssyni.

„Það er svo margt sem gerir þennan stað svo sérstakan,“ segir Íris um Eyjarnar. „Fólkið, náttúran, samkenndin, dugnaðurinn og gleðin. Við Eyjamenn erum mjög stoltir af uppruna okkar og erum duglegir við að segja frá og sýna allt sem við höfum upp á að bjóða.“

*Eyjarnar hafa gengið í gegnum erfiðleika, svo sem sjóskaða og eldsumbrot. Mótar þetta fólkið?*

„Já, svona reynsla mótar fólk og þjappar því saman. Það að ganga í gegnum svona raunir er efið reynsla en býr líka til samkennd og samstöðu sem alltaf er til staðar þegar verulega reynir á og komið er út fyrir dægurþrasið. Í því þrasi

> **Það hefur talsvert gengið á þetta rúma ár frá kosningum enda margir að fóta sig í nýjum hlutverkum í bæjarpólitíkinni. Ég treysti þó að við sem fengum það hlutverk frá bæjarbúum að sitja í bæjarstjórn munum bera gæfu til að bæta okkur í samskiptum og vinna betur saman.**
>
> Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyja



getum við hins vegar verið býsna harðskeytt eins og dæmin sanna.“

Þrátt fyrir að Eyjarnar séu ríkar og mörg af sterkustu útgerðarfélögum landsins þar staðsett þá hafa Eyjamenn þurft að berjast fyrir sínu. Samgöngumálin skipta þar mestu máli og hafa gert lengi. Árið 1874 var ófært í land og Eyjamenn gátu ekki tekið þátt í hátíðarhöldum vegna þúsund ára afmælis Íslandsbyggðar. Hafa þeir síðan haldið sína eigin þjóðhátíð. Á miðöldum voru eyjarnar konungseign og gerður var skýr greinarmunur á Íslandi annars vegar og Vestmannaeyjum, eða Vespenö hins vegar. Íris segir fæsta Eyjamenn þó skilgreina sig sem sérstaka þjóð, en einhverja þó.

### Úrbætur í samgöngumálum

Hún segir að samgöngumálin, ásamt heilbrigðismálunum, muni sjálfsagt ávallt verða stærstu mál Eyjamanna gagnvart ríkinu. „Sú barátta er stöðug en við sjáum nú fram á úrbætur í samgöngumálum með komu nýs Herjólfs.“

Árni Johnsen barðist lengi fyrir gerð jarðganga til Eyja og fékk lítinn hljómgrunn. Með nýrri tækni eru hins vegar fleiri opnir fyrir að skoða þann möguleika. Íris játar hvorki né neitar því.

„Ég tel að það sé mjög mikilvægt að ljúka þeim rannsóknum sem þarf til að hægt sé að skera úr um hvort jarðgöng af einhverju tagi geti verið framtíðarlausn á samgöngum á milli lands og Eyja“ segir hún. „Það er nauðsynlegt að fá á hreint hvort þessi kostur sé inni í myndinni eða ekki. Við þurfum í þessum efnum að hugsa marga áratugi fram í tímann og þurfum að taka stefnuna annaðhvort á ferjusiglingar um fyrirsjáanlega framtíð, með tilheyrandi hafnarmannvirkjum, eða göng af einhverju tagi sem framtíðarlausn.“

Hvað varðar heilbrigðismálin þá hefur verið langvarandi læknaskortur í Eyjum. Það er mjög áhættusamt að fæða í Eyjum því að þar hefur hvorki verið starfandi skurðlæknir né svæfingalæknir. Þetta er eitt af helstu verkefnum Írisar rétt eins og forvera hennar.

### Skerðing í þjónustu

„Við erum mjög óánægð með þá skerðingu sem orðið hefur í heilbrigðisþjónustunni hérna. Við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að þrýsta á um úrbætur í þeim efnum. Það hefur mjög dregið úr barnsfæðingum hér vegna skertrar þjónustu. Til dæmis þá fæddist aðeins eitt barn hérna í fyrra.“

Íris hefur nú verið starfandi sem bæjarstjóri í rúmlega eitt ár. Í kringum kosningarnar í fyrra var áþreifanlegur kurr í bæjarbúum vegna klofningsins í Sjálfstæðisflokknum, langstærsta flokki bæjarins.

*Eru sárin að gróa?*

„Það hefur talsvert gengið á þetta rúma ár frá kosningum enda margir að fóta sig í nýjum hlutverkum í bæjarpólitíkinni. Ég treysti þó að við sem fengum það hlutverk frá bæjarbúum að sitja í bæjarstjórn munum bera gæfu til að bæta okkur í samskiptum og vinna betur saman, þótt skoðanir séu skiptar í einstaka málum. Þrátt fyrir allt eru nefnilega flest mál afgreidd samhljóða.“

# Vatnajökulsþjóðgarður á heimsminjaskrá UNESCO

**UMHVERFISMÁL** Vatnajökulsþjóðgarður er kominn á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO. Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Bakú í Aserbaídsjan í gær á grundvelli þess að þjóðgarðurinn hafi að geyma einstakar náttúruminjar. Þar með er staðfest að náttúra þjóðgarðsins og friðlandsins í Lónsöræfum teljist hafa einstakt gildi fyrir mannkynið.

Svæðið er einstakt á heimsvísu vegna sköpunarkrafta náttúrunnar, samspils elds og íss og þeirrar jarðfræðilegu fjölbreytni sem af því leiðir og er sýnileg á yfirborði þjóðgarðsins. Landsvæðið sem um ræðir er afar stórt og um 12% Íslands eru þannig komin á heimsminjaskrá UNESCO sem einstakar náttúruminjar.

Tillaga ríkisstjórnarinnar um að Vatnajökulsþjóðgarði yrði bætt á heimsminjaskrána var afhent skrifstofu heimsminjasamningsins í París í lok janúar 2018. Frá þeim tíma hefur tillagan verið til gaumgæfilegrar skoðunar og úttektar hjá Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN sem eru heimsminjanefndinni til aðstoðar við að meta heimsminjagildi, upprunaleika, heilleika og verndarstöðu staða sem tilnefndir eru á skrána vegna náttúrufars.

„Náttúra svæðisins sem nú fer inn á heimsminjaskrána er stórbrotin – með ævintýralegum hraunmyndunum, svörtum söndum, fágætum gróðurvinjum, víðernum sem eiga fáa sína líka,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir þessa viðurkenningu dýrmæta og án vafa verða lyftistöng fyrir svæðið. „Við berum ábyrgð á þessu stórbrotna landi, ekki aðeins fyrir okkur sjálf – heldur heiminn og framtíðina.

Ísland átti fyrir tvo staði á heimsminjaskránni, Þingvelli og Surtsey.

– smj



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fögnum sumri!

**Næsti áfangastaður**
N1 mótið Akureyri
(Höldur, Þórsstígur 2)

## Ferðabílar með sumarpökkum

Komdu í heimsókn og prófaðu nýjan Mitsubishi. Mitsubishi býður í sumar fjölbreytta sumarpakka að verðmæti **400.000 kr.** með öllum nýjum bílum frá Mitsubishi. Sumarpakkarnir passa vel fyrir þá sem ætla að nýta sér sumarið, enda tengjast þeir allir ferðalögum og útivist.

**Sumarpakkarnir**

- Ferðapakkinn
- Veiðipakkinn
- Sportpakkinn
- Fjallapakkinn
- Hjólapakkinn

**Dæmi um sumarpakka:**
**Ferðapakki Outlander PHEV:**

- Aukahlutapakka frá Mitsubishi að eigin vali að verðmæti 300.000 kr.
- Gjafakort frá Víkurverk að verðmæti 50.000 kr.
- Osprey ferðapoka frá GG Sport að verðmæti 25.000 kr.
- Hleðslukort Ísorku að verðmæti 25.000 kr.

**Fjallapakki L200:**

- Breytinga- og aukahlutapakka frá Mitsubishi að eigin vali að verðmæti 375.000 kr.
- Osprey ferðapoka frá GG Sport að verðmæti 25.000 kr.

**Hver er pakkinn þinn?**
**Nánar á www.mitsubishi.is**




Mitsubishi verður á ferð og flugi í allt sumar með **Outlander PHEV**, **L200** og Gunnari Helga rithöfundi, leikara og veiðimanni. **Laugardaginn 6. júlí milli klukkan 10 og 17 verður Mitsubishi hjá Höldi, Þórsstíg 2** með alls konar skemmtilegar uppákomur. Veiðikortaveiði, bakkkeppni og keppni í því að halda bolta á lofti ásamt því að Gunnar les uppúr nýjustu bók sinni og stýrir hressum leikjum.

**Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!**
**www.hekla.is/mitsubishisalur**

**MITSUBISHI MOTORS**
Drive your Ambition

www.mitsubishi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# Apple ákveður að skipta um lyklaborð á MacBook

**TÆKNI** Bandaríski tæknirisinn Apple ætlar sér að skipta út lyklaborðshönnuninni sem finna hefur mátt á MacBook-fartölvum frá árinu 2015. Þetta hafði tæknimiðillinn The Verge eftir greinandanum Ming-Chi Kuo. Síður á borð við 9to5Mac og MacRumors hafa sagt sömu sögu.

Hinn svokallaði fiðrildarofi (e. butterfly switch) sem hefur einkennt lyklaborðin er á útleið og segir The Verge það meðal annars vera vegna þess hversu óáreiðanlegir rofarnir eru. Ryk hafi ítrekað komist inn í rofana og þannig eyðilagt þá.

Apple baðst í maímánuði afsökunar á því hversu óáreiðanleg lyklaborðin eru. „Við erum meðvituð um að afmarkaður hópur notenda á í erfiðleikum með þriðju kynslóð fiðrildalyklaborða og biðjumst afsökunar á því,“ sagði í yfirlýsingu þar sem einnig sagði að flestir væru þó ánægðir með lyklaborðin. – **þea**

**»** Mac-lyklaborðin verða þykkari þegar fiðrildarofunum verður skipt út.

# Samkomulag í Súdan

**SÚDAN** Herforingjastjórnin sem hefur verið við völd í Súdan frá því Omar al-Bashir var steypt af stóli í apríl síðastliðnum komst í gær að samkomulagi við stjórnarandstöðuna í landinu um að fylkingarnar tvær muni deila völdum. Samkomulagið gildir til þriggja ára en í lok þess tímabils fara fram kosningar.

Samkomulaginu var fagnað innilega í Afríkuríkinu í gær. Að því er Reuters greinir frá hefur það vakið vonir landsmanna á ný eftir erfið átök og efnahagsörðugleika. „Við höfum unnið sigur gegn óréttlætinu. Markmið okkar er að ná fram frelsi og réttlæti og að finna ungu fólki störf. Vald í höndum almennra borgara og lýðræðið eru framtíð Súdans,“ hafði miðillinn eftir hinum 23 ára Shihab Salah.

Mótmælendahreyfingin hefur verið áberandi frá því í desember. Fyrst beindust mótmælin gegn fyrrnefndum forseta en síðar gegn herforingjastjórninni. Talið er að á þriðja hundrað hafi farist. – **þea**



**Fagnað í höfuðborginni Kartúm.** NORDICPHOTOS/AFP


VINNUMÁLA STOFNUN

**Samfélagsfræðsla fyrir flóttamenn á vegum Vinnumálastofnunar**

Vinnumálastofnun óskar eftir tilboðum í hönnun og og gerð kennsluefnis í samfélagsfræðslu sem tekur mið af sérþörfum flóttamanna. Um er að ræða 50 kennslustunda efni er varða eftirfarandi 7 flokka:

1. **Nýr innflytjandi á Íslandi.**
2. **Saga, landafræði og lífshættir.**
3. **Börn og fjölskyldur.**
4. **Heilbrigðismál.**
5. **Menntun og hæfni.**
6. **Atvinnulíf.**
7. **Lýðræði og velferðarsamfélagið.**

Til hliðsjónar má horfa til samfélagsfræðslu eins og hún er framkvæmd á Norðurlöndum.

**Helstu kröfur:**
- Efnið skal vera aðgengilegt á ensku, arabísku, farsí, darí og kúrdísku. Valkostur er að vera með efnið á ensku og textað á framangreindum tungumálum.
- Efnið skal vera aðgengilegt á stafrænu formi og skal vera unnt að nýta það í fjarkennslu.
- Efnið skal uppfylla helstu kröfur fullorðinsfræðslu.

Vinnumálastofnun mun eiga efnið og er heimilt að nota það að vild og fela fræðsluaðilum öðrum en þeim sem vinna efnið að nota það.
Vinnumálastofnun áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Ef gengið verður til samstarfs verður gerður þjónustusamningur við tilboðsgjafa.

Tilboðum sem lýsa nálgun og efnistökum skal skilað til Vinnumálastofnunar á netfangið: virkni2019@vmst.is

**Frestur til að skila tilboðum er til 9. ágúst 2019.**


## Loftslagsmótmæli




**Mótmælendur úr röðum útrýmingaruppreisnarinnar svokölluðu, eða Extinction Rebellion, stilltu sér upp fyrir framan franska sendiráðið í Lundúnum í gær. Franska lögreglan hefur verið harðlega gagnrýnd í vikunni fyrir að beita hörku gegn loftslagsmótmælendum á einum heitasta degi í sögu Frakklands.** NORDICPHOTOS/AFP

# Hóta kyrrsetningu á bresku skipi á móti

Stjórnvöld í Íran foxill vegna kyrrsetningar olíuflutningaskips við Gíbraltar. Ráðgjafi æðstaklerks hótar kyrrsetningu bresks skips á móti. Segja að aðgerðin hafi verið sjórán.



**Breskir sjóliðar við kyrrsetningu Grace 1.** NORDICPHOTOS/AFP

**ÍRAN** Yfirvöld í Íran eru afar ósátt við að breskir sjóliðar hafi kyrrsett íranskt olíuflutningaskip við Gíbraltar fyrr í vikunni. Það gerðu Bretar vegna gruns um að íranska skipið væri að flytja olíu til Sýrlands, í trássi við viðskiptaþvinganir Evrópusambandsins.

Mohsen Rezayee, fyrrverandi yfirmaður írönsku Byltingavarðasveitarinnar og nú meðlimur ráðgjafaráðs æðstaklerksins Ali Khamenei, sagði á Twitter í gær að þótt Íran hafi aldrei átt frumkvæði að átökum frá byltingu hafi ríkið aldrei hikað við að svara fyrir sig. „Ef Bretar skila ekki íranska olíuflutningaskipinu er það skylda Írana að kyrrsetja breskt olíuflutningaskip á móti,“ tísti Rezayee.

Að því er breska ríkisútvarpið greindi frá var flogið með um þrjátíu breska sjóliða til Gíbraltar til þess að kyrrsetja skipið. Yfirvöld á Gíbraltar báðu um aðstoðina við að kyrrsetja skipið, er heitir Grace 1. Íranska ríkisstjórnin álítur kyrrsetninguna ólöglega.

Á meðan samband Írans og Bandaríkjanna hefur versnað stöðugt undanfarin misseri virðist þetta mál til þess fallið að gera slíkt hið sama fyrir sambandið við Breta.

Mostafa Kavakebian, sem leiðir vináttunefnd þingmanna bæði Írans og Bretlands, sagði á Twitter að kyrrsetningin væri „í raun sjórán og ólögleg aðgerð gegn Íran“. Breska utanríkisráðuneytið hafnar því alfarið að um sjórán hafi verið að ræða.

Bandaríski þjóðaröryggisráðgjafinn John Bolton var kátur. „Frábærar fréttir: Bretar kyrrsettu olíuflutningaskipið Grace 1, sem var hlaðið íranskri olíu á leið til Sýrlands,“ tísti Bolton. **thorgnyr@frettabladid.is**


ÚTSALAN ER HAFIN!
%
%
ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR*
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
3ja sæta
2ja sæta
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
ALLIR PLASTKASSAR*
20-40%
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLAR GARDÍNUR *
30%
*GILDIR TIL 07.07.19
ALLAR SKÓ- OG VEGGHILLUR*
20-30%
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLIR ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLAR*
20-40%
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLIR HEILSUKODDAR*
40%
WELLPUR
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLAR RÚMGRINDUR*
20-40%
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLIR HÆGINDASTÓLAR*
20-40%
*GILDIR TIL 09.07.19
ALLIR SÓFAR*
20-40%
*GILDIR TIL 09.07.19
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

# Að selja landið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Við lifum á tímum þar sem það blasir við hverjum sem sjá vill að mannkynið hefur gengið illa um náttúruna. Í græðgislegri þörf sinni fyrir velmegun hefur það mengað umhverfi sitt, jafnvel svo mjög að lífi á jörðinni stafar hætta af. Þannig er gríðarlegur fjöldi dýrategunda og plantna í útrýmingarhættu vegna kæruleysis mannsins og mörgum hefur nú þegar verið eytt. Æ fleiri viðurkenna þessa nöturlegu staðreynd og gerast talsmenn náttúruverndar í þeirri vissu að náttúran sé ómetanleg auðlind sem verði að vernda. Um leið líta aðrir þessar sömu auðlindir og fara í hrifningarvímu þegar þeir uppgötva að þar sé hægt að virkja og græða peninga, jafnvel heilmikið af þeim.

Hvalárvirkjun á Ströndum er dæmi um þetta. Þar stendur til að fremja skelfilegt skemmdarverk á náttúrunni í von um að einhverjir geti grætt peninga. Þeir sem hafa litið þetta svæði augum og hafa einhverja tilfinningu fyrir náttúrufegurð hljóta að fyllast skelfingu við þá tilhugsun að þetta ægifagra svæði verði eyðilagt. Reyndar þarf fólk ekki að mæta á svæðið til að átta sig á náttúrufegurðinni sem þarna blasir við. Við lifum á tækniöld og ljósmyndir og fréttamyndir sýna greinilega hvað þarna er í húfi.

Náttúruperlur eru svo sannarlega þess virði að fyrir þeim sé barist. Virkjanasinnar láta oft eins og náttúruverndarsinnar séu draumórafólk af höfuðborgarsvæðinu sem hafi ekki hundsvit á atvinnuuppbyggingu úti á landi. Það hentar málstað þeirra vel að draga upp slíka mynd og gera um leið lítið úr þeim sem búa á því svæði og skynja og skilja þá óendanlegu dýrð sem býr í náttúrunni. En auðvitað eru náttúruverndarsinnar um allt land og stefna að sama markmiði: verndun náttúruperla.

Það mun verða íslenskri þjóð til eilífðarvansa ef hún situr aðgerðarlaus hjá meðan stórbrotin náttúra á Ströndum verður virkjun að bráð. Of fáir berjast gegn ákvörðun sem einkennist af slíku dómgreindarleysi að engu er líkara en hún hafi verið tekin í óráði. Hún er allavega mikil tímaskekkja á því herrans ári 2019 þegar æ fleiri einstaklingar gera sér grein fyrir mikilvægi þess að standa vörð um náttúruna um leið og þeir leita til hennar, finna þar frið og öðlast endurnýjaðan kraft um leið og þeir dást að henni.

„En þú átt að muna alla tilveruna, að þetta land á þig,“ segir hið góða skáld Guðmundur Böðvarsson í ljóði sínu Fylgd. (Nokkuð er síðan Guðmundur lést, en þar sem afburða skáldskapur er eilífur eru afburða skáld það líka og því er hér talað um Guðmund í nútíð.) Í ljóðinu bætir skáldið við þessari mikilvægu áminningu: „Þú mátt aldrei selja það úr hendi þér.“

Náttúruverndarsinnar um allt land þurfa nú að sameinast í baráttu fyrir hinni stórbrotnu náttúru á Ströndum og voldugu fossunum sem þar eru en munu að mestu þurrkast upp verði af virkjanaframkvæmdum. Staðreynd sem sumir eiga auðvelt með að leiða hjá sér, enda blindaðir af gróðavon. Íslendingar eiga að vernda náttúru sína en ekki selja hana úr hendi sér.

**Það mun verða íslenskri þjóð til eilífðarvansa ef hún situr aðgerðarlaus hjá meðan stórbrotin náttúra á Ströndum verður virkjun að bráð.**

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Skítleg framkoma

Árið er 1946. Heimsstyrjöldinni síðari er nýlokið. Um Evrópu flakka vegalaus börn sem lifðu af Helförina. Foreldrar þeirra eru látnir eða þeirra saknað. Þau eiga engan að, þau eiga hvergi heima. Breska ríkisútvarpið BBC ákveður að búa til þáttaröð um nokkur þessara týndu barna sem talið er að geti átt skyldmenni í Bretlandi, ákall til ættingja sem gætu veitt þeim skjól.

Fyrir nokkrum árum rakst blaðamaður á upptökurnar í safni BBC. Aðeins einn þáttanna hafði varðveist. Í honum eru þulin nöfn tólf barna, saga þeirra rakin og nöfn frændfólksins sem leitað er talin upp.

Hvað varð um börnin? Fundu þau fjölskyldu sína? Fengu þau samastað? Blaðamaðurinn fór á stúfana. Sjötíu árum eftir stríðslok, sjötíu árum eftir að börnin fundust nær dauða en lífi í útrýmingarbúðum tókst blaðamanninum að hafa uppi á fjórum þeirra og taka þau tali.

Eitt þeirra var Gunter Wolff. Gunter fæddist í Þýskalandi árið 1928. Gunter greindi blaðamanninum frá því hvernig liðsmenn Gestapo smöluðu Gunter og fjölskyldu hans saman dag einn árið 1941 og fluttu í gettó í Póllandi. Þar tókst fjölskyldunni að halda hópinn næstu árin. En árið 1944 voru þau send í útrýmingarbúðir nasista í Auschwitz. Við komuna í Auschwitz var konum skipað að fara í eina átt, körlum aðra. Gunter sá móður sína aldrei aftur. Viku eftir komuna í Auschwitz lést faðir hans. „Hann einfaldlega vaknaði ekki einn morguninn.“

Gunter flakkaði milli fjölda fangabúða. Þegar stríðinu lauk var hann í Theresienstadt. Fjölskyldan hafði ákveðið að hittast í smábæ í Þýskalandi, fæðingarstað móður hans, þegar stríðinu lyki. Þar beið Gunter í tvo mánuði. Enginn kom að vitja hans. Kona á vegum Sameinuðu þjóðanna tók hann upp á arma sína og kom honum með lest til Bretlands þar sem Gunter hafði verið sagt að hann ætti skyldmenni.

Í kjölfar ákalls BBC fann Gunter frænda föður síns sem bjó í London. Frændinn tók á móti Gunter á Waterloo lestarstöðinni með orðunum: „Mér og pabba þínum samdi aldrei.“ Þegar heim var komið tók frændinn fram lyklakippu. Hann gekk um húsið og læsti hverjum einasta skáp. Gunter ákvað strax að þetta yrði ekki heimili hans.

Gunter tókst að hafa uppi á ættingjum í New York. Hann varð yfir sig glaður. „Ég var sannfærður um að ég væri á leið til paradísar.“ En í Bandaríkjunum tók ekki betra við. Virðuleg kona tók á móti honum og sagði: „Þú byrjar að vinna á mánudaginn. Þú getur sofið á bekk í biðstofu eiginmanns míns – hann er læknir.“

Gunter mætti samviskusamlega í vinnuna. Á útborgunardegi fékk hann ávísun upp á ellefu dollara og sextíu sent. Hann bað konuna um að leysa hana út fyrir sig. Þegar konan kom úr bankanum afhenti hún Gunter sjö dollara og sextíu sent. Gunter sagði að hún hlyti að hafa ruglast; ávísunin var upp á ellefu dollara og sextíu sent. Konan svaraði: „Já, en þú hefur sofið á bekknum í biðstofunni.“ Gunter flutti út viku seinna.

### Yfirklór

Fundu börnin tólf úr BBC þættinum ættingja sína? Nei. Svo virðist sem nánast enginn hafi gefið sig fram og vitjað þeirra. Þau fáu skyldmenni sem fundust komu jafnilla fram við börnin og ættingjar Gunters.

Í heimildarþætti um málið ítrekaði blaðamaðurinn sem fann upptökurnar að „við vitum ekki hverjar aðstæður voru, ástæðurnar fyrir því að fólk steig ekki fram“. Sá örláti fyrirvari breytir þó tæpast mati okkar á framferði fyrri kynslóða. Framkoma sem þessi er skítleg. Það sama má segja um framkomu stjórnvalda sem í dag skirrast við að veita börnum á flótta skjól. Það er ekkert sem réttlætir andvaraleysi gagnvart börnum í neyð. Yfirklór um lög og reglugerðir munu komandi kynslóðir dæma jafnhart og við dæmum kaldranalega framkomu í fortíð í garð hinna týndu barna Helfararinnar.

FLOREALIS




Lyngonia við vægum þvagfærasýkingum
Einstök lausn án sýklalyfja

Notkun fyrir konur, 18 ára og eldri: 2 töflur 2–4 sinnum á dag. Ekki nota Lyngonia ef þú ert með einhverja truflun á nýrnastarfsemi. Notið ekki lengur en viku. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Fæst án lyfseðils í öllum apótekum www.florealis.is

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

32" BREYTTUR DISCOVERY G4

# LÚXUSJEPPI Á HÆRRA PLANI

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND

landrover.is




*20" felgur er staðalbúnaður á HSE útgáfu. – Bíll á mynd er Land Rover Discovery HSE.

ENNEMM / SÍA / NM93507

## SUMIR DAGAR ERU SKEMMTILEGRI EN AÐRIR

Nú er Land Rover Discovery HSE fáanlegur í nýrri G4 útfærslu með sérstakri 32" breytingu: 20" felgur*, 32" jeppadekk, jeppabreyting, stigbretti og aurhlífar. Með þessari útfærslu fær Land Rover Discovery enn meiri veghæð og vaðhæðin verður sú mesta í þessum flokki lúxusjeppa. Ekki má gleyma hinu einstaka Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðruninni sem gerir aksturseiginleikana einstaka.

DISCOVERY S 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. Verð frá: 10.990.000 kr.
DISCOVERY HSE 240, DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. Verð frá: 13.690.000 kr.

**G4 JEPPABREYTING: DISCOVERY HSE Á 20" FELGUM: Verð 590.000 kr.**

Opið milli kl. 12-16.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500




# 30% AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

## ALBA

Hægindastóll með eða án skemils. Svart, ljósgrátt eða brúnt leður. Blátt, sinnepsgult, ljós- eða dökkgrátt áklæði. Þægilegur og stílhreinn hægindastóll á góðu verði.

| Stóll í áklæði | Stóll í leðri |
|---|---|
| 52.493 kr. ~~69.990 kr.~~ | 74.993 kr. ~~99.990 kr.~~ |
| Skemill í áklæði | Skemill í leðri |
| 11.243 kr. ~~14.990 kr.~~ | 18.743 kr. ~~24.990 kr.~~ |
| Stóll og skemill í áklæði | Stóll og skemill í leðri |
| 63.735 kr. ~~84.980 kr.~~ | 93.735 kr. ~~124.980 kr.~~ |

Litir í áklæði

Litir í leðri

LA-Z-BOY *Live life comfortably.*



20% AFSLÁTTUR

## PINNACLE

La-Z-Boy hægindastóll. Vínrautt, svart, hvítt, ljósbrúnt eða dökkbrúnt leður.
Stærð: 84 x 97 x 107 cm

143.992 kr. ~~179.990 kr.~~



30% AFSLÁTTUR

## KENYA

Hægindastóll. Grænt, brúnt eða dökkgrátt Holly áklæði.

34.993 kr. ~~49.990 kr.~~



20% AFSLÁTTUR

## DEVON

Tungusvefnsófi úr slitsterku gráu eða dökkgráu áklæði. Með vinstri eða hægri tungu.. Svefnsvæði 145 × 205 cm. Góð geymsla undir tungu. Stærð: 220 x 160 x 86 cm

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

## CASPERIA

Þægilegur svefnsófi. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 232 × 88 × 84,5 cm

82.493 kr. ~~109.990 kr.~~



25% AFSLÁTTUR

## EASY

Rúmgóður u-sófi í dökkgráu slitsterku áklæði. Stílhrein hönnun. Stærð: 310 × 205 × 86 cm

194.993 kr. ~~259.990 kr.~~

## RIA

Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Grátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði



25% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
59.993 kr. ~~79.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
67.493 kr. ~~89.990 kr.~~


**Reykjavík** Bildshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 14. júlí 2019 eða á meðan birgðir endast.*




**40%**
**AFSLÁTTUR**

**ELLY**
2ja og 3ja sæta sófar. Grátt og dökkgrátt áklæði eða bleikt sléttflauel.

2ja sæta: 145 x 82 x 85 cm
**41.994 kr.** ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 183 x 82 x 85 cm
**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~

Stóll: 83 x 82 x 85 cm
**32.994 kr.** ~~54.990 kr.~~

# Allt að 60% afsláttur





**15%**
**AFSLÁTTUR**

**SCOTT**
Hornsófi úr sterku, koniaksbrúnu, bonded leðri (leðurblöndu). Innra byrði púðanna er úr kaldpressuðum (mjög endingargóðum) svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fæturnir eru sterkir úr svörtu járni. Fæst með hægra eða vinstra horni (ekki færanlegt). Stærð: 293 x 217 x 85 cm

**229.492 kr.** ~~269.990 kr.~~



**70%**
**AFSLÁTTUR**

**MANLEY**
Hægindastóll úr dökkbláu sléttflaueli með svörtum viðarfótum.
**8.097 kr.** ~~26.990 kr.~~



**40%**
**AFSLÁTTUR**

**CALAIS**
Hægindastóll með skemli.
Blátt eða dökkbrúnt áklæði.
**59.940 kr.** ~~99.990 kr.~~



**40%**
**AFSLÁTTUR**

**CALAIS**
Hægindastóll með skemli. Svart, ljósgrátt, ljós- eða dökkbrúnt leður.
**77.940 kr.** ~~129.990 kr.~~



**30%**
**AFSLÁTTUR**

**OPUS**
Hægindastóll.
Svart leður og krómaður fótur.
**118.993 kr.** ~~169.990 kr.~~

HÚSGAGNA
HÖLLIN

# Stefnir á bætingu um 12 kíló á árinu

**Arnhildur Anna Árnadóttir kraftlyftingakona stefnir að því að vera í sínu besta formi í haust og fara á verðlaunapall á Evrópumótinu sem fram fer í nóvember. Arnhildur Anna stefnir enn fremur að því að komast á heimsmeistaramótið næsta sumar.**

**KRAFTLYFTINGAR** Þegar rætt er við Arnhildi Önnu skín í gegn hversu mikinn metnað hún leggur í kraftlyftingarnar og einlægan áhuga hún hefur á að ná lengra í íþróttinni. Hún kom sjálfri sér á óvart með því að jafna sinn besta samanlagða árangur á bikarmótinu sem fram fór fyrr á þessu ári.

„Byrjun ársins var ekki eins og best verður á kosið en uppkeyrslan fyrir bikarmótið í febrúar fyrr á þessu ári var ekki eins og ég vildi hafa hana. Ég kom hins vegar sjálfri mér á óvart á bikarmótinu þar sem ég jafnaði minn besta árangur,“ segir Arnhildur um hvernig henni hefur gengið á fyrri hluta ársins.

„Nú stefni ég svolítið á að hafa gaman af æfingunum í sumar og ná að slaka á inn á milli. Ég er samt alltaf mjög peppuð fyrir því að æfa og ég mjög erfitt með að taka langar pásur. Þegar ég fer á æfingu þá gef ég allt í hana en ég ætla að slaka aðeins á í sumar,“ segir hún um framhaldið hjá sér.



Arnhildur Anna er metnaðarfull og stefnir hátt í kraftlyfingum.

### Verður erfitt að slaka á í afmælisferðinni

„Ég er á leiðinni í afmælisferð hjá mömmu sem er að verða fimmtug á árinu og verð þar í þrjár vikur. Þar mun ég minnka æfingaálagið eitthvað en ég er bara þannig gerð að ég get aldrei tekið mér algjört frí. Svo er ég með stór plön fyrir haustið og ef það á að takast þá verð ég að halda líkamanum góðum allt árið. Vegna afmælisferðarinnar ætla ég að sleppa Vestur-Evrópumótinu í haust þar sem tímasetningin á því móti hentar ekki nægilega vel út frá afmælisferðinni,“ segir þessi metnaðarfulli íþróttamaður.



Arnhildur Anna telur sig geta bætt árangur sinn töluvert í bekkbressu.

„Ég mun svo auka álagið á æfingum þegar líða tekur að Evrópumótinu í haust en þar koma inn keppendur frá Austur-Evrópu sem gerir mótið mjög sterkt. Þar keppa mjög sterkir einstaklingar og keppnin verður gífurleg. Svo er Íslandsmótið haldið næsta haust og þar stefni ég sömuleiðis að því að standa mig,“ segir hún um markmiðalistann.

„Svo langar mig að koma mér á heimsmeistaramótið á næsta ári en ég þarf að bæta samanlagðan árangur minn um 12,5 kg til þess að komast þangað. Það er alveg mögulegt og mér finnst ég eiga mest inni í bekkpressunni.

Það eru líka tæknileg atriði í öðrum greinum sem ég get alltaf bætt og ég verð að bæta mig um nokkur kíló í öllum greinum til að koma mér inn á heimsmeistaramótið. Bætingin verður líklega mest í bekkpressunni og ég einblíni mest á það í æfingaprógramminu næstu mánuði,“ segir hún enn fremur um markmið sín.

**hjorvaro@frettabladid.is**

VINNUMÁLA STOFNUN

**Frá atvinnuleysi til starfa**

Vinnumálastofnun auglýsir eftir tilboðum í virkni- og námsúrræði fyrir atvinnuleitendur sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins sbr. 12. gr. laga nr. 55/2006.

Í starfsáætlun þessa árs leggur Vinnumálastofnun sérstaka áherslu á atvinnuleitendur af erlendum uppruna, ungt fólk í viðkvæmri stöðu, auk þess sem staða langtímaatvinnulausra er ávallt áhersluatriði í vinnumarkaðsaðgerðum stofnunarinnar. Staða háskólamenntaðra og staða atvinnuleitenda eldri en 50 ára eru sömuleiðis áhersluatriði.

**Leitað er eftir tilboðum í virkniúrræði/námskeið á eftirfarandi sviðum m.t.t. áhersluatriða í starfsáætlun:**

- Hagnýtt hvatningar- og starfsleitarnámskeið sem felur í sér að greina og þekkja tækifæri og hindranir á vinnumarkaði og aðferðir við að koma sér á framfæri.
- Íslenskunám fyrir atvinnuleitendur af erlendu bergi.

Jafnt einstaklingum sem fyrirtækjum er boðið að leggja inn tilboð. Gerð er krafa um sérfræðiþekkingu leiðbeinenda og reynslu af námskeiðshaldi. Vinnumálastofnun áskilur sér rétt til að taka eða hafna öllum tilboðum og verða þjónustusamningar gerðir við þá bjóðendur sem samþykkt verður að ganga til samstarfs við. Óskað er eftir tilboðum sem tilgreina tilgang og markmið námskeiðs, markhóp, lengd námskeiðs, verð pr. tímaeiningu, námsgögn, staðsetningu og annað sem tilboðsgjafar telja mikilvægt að komi fram.

Tilboðum merkt **„Tilboð í virkni- og námsúrræði“** skal skilað fyrir 9. ágúst 2019 á netfangið: virkni2019@vmst.is

# Komið að úrslitastundu á HM

**FÓTBOLTI** Það ræðst á morgun hvort Bandaríkin verji titil sinn á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu kvenna og vinni sinn fjórða heimsmeistaratitil eða Holland verði handhafi bæði Evrópumeistaratitils og heimsmeistaramótstitils þegar liðin leiða saman hesta sína í úrslitaleik heimsmeistaramótsins í Lyon í Frakklandi.

Bæði lið koma stútfull af sjálfstrausti í þennan leik en Bandaríkin sem eru sigursælasta lið sögunnar í keppninni hefur haft betur í 11 leikjum í röð á heimsmeistaramóti sem er met og Holland hefur að sama skapi sett met með því að sigra í 12 leikjum í röð á síðasta Evrópumóti og þessu heimsmeistaramóti.

Bandaríkin eru að leika til úrslita á heimsmeistaramóti þriðja mótið í röð og í fimmta skipti alls en Holland er aftur á móti að þreyta frumraun sína í úrslitaleik mótsins.

Tveir sterkir leikmenn í sóknarleik beggja liða eru tæpir vegna meiðsla fyrir þennan leik en Megan Rapinoe sem hefur skorað fimm mörk á mótinu spilaði ekki þegar Bandaríkin lögðu England að velli í undanúrslitunum vegna meiðsla og Lieke Martens fór af velli í sigri Hollands gegn Svíþjóð í hinum undanúrslitaleiknum vegna támeiðsla.

Breiddin í bandaríska liðinu er hins vegar afar mikil og Jill Ellis þarf ekki að hafa áhyggjur af því þó Rapinoe verði ekki með. Christen Press nýtti til að mynda tækifærið og skoraði í sigrinum gegn Englandi og að sama skapi sást það ekki á leik hollenska liðsins sem hefur leikið frábærlega undir stjórn Sarinu Wiegman að það saknaði Martens eftir að hún fór af velli í leiknum á móti Svíum.

**– hó**



**Hollenski framherjinn Vivianne Miedema og bandaríski sóknarmaðurinn Alex Morgan verða í lykilhlutverkum á morgun.** NORDICPHOTOS/GETTY

# SUMARTILBOÐ!
## BRIMBORGAR

EINNIG:
SUMARTILBOÐ Á NOTUÐUM BÍLUM

OPIÐ Í DAG KL. 12-16

### VOLVO V40 CROSS COUNTRY
**D2 Momentum Edition**
**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

-848.000 kr.

TAKMARKAÐ MAGN!






### MAZDA CX-5 VISION
**2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD**

SkyActiv spartækni, snjallhemlunarkerfi, blindpunktsaðvörun, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn.

Verðlistaverð: 5.290.000 kr.
**Sumartilboð: 4.790.000 kr.**

-500.000 kr.



GEGGJUÐ TILBOÐ!

### FORD KUGA TITANIUM S AWD
**2.0 TDCi, dísil, 150 hö, 5 dyra og sjálfskiptur**

Leðuráklæði á sætum, upphitanlegt stýri, lyklalaust aðgengi og starthnappur, rafdrifinn afturhleri með skynjara, Apple CarPlay og Android Auto, SYNC3 raddstýrt samskiptakerfi, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 8" snerti/litaskjár í miðjustokk, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, dökklitaðar rúður í farþegarými, LED dagljós, bakkmyndavél, bílastæðaaðstoð, nálægðarskynjari að framan og aftan, brekkuaðstoð, upphitanleg framrúða. Öryggispakki sem innifelur m.a.: Árekstrarvörn, veglínuskynjara, ökumannsvaka og umferðarskiltalesara. Aukabúnaður: Málmlitur, 10 Sony hátalarar og bassakeila í farangursrými.

Verð með málmlit: 6.400.000 kr.
**Sumartilboð: 5.790.000 kr.**

-610.000 kr.



### CITROËN C4 CACTUS SHINE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Stíll C4 Cactus bílsins er ögrandi og nútímalegur. Einstaklega þægileg sæti og ný fjöðrunartækni lætur þér líða eins og þú svífir. Shine útgáfan er vel búin. Bakkmyndavél, GPS vegaleiðsögukerfi, tölvustýrð miðstöð og raffellanlegir speglar eru aðeins dæmi um ríkulegan staðalbúnað. Komdu og prófaðu örugg gæði Citroën.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.990.000 kr.
**Sumartilboð: 3.640.000 kr.**
Innifalinn aukabúnaður: Shine pakki, 17" álfelgur og málmlitur

-350.000 kr.



GEGGJUÐ TILBOÐ!

### PEUGEOT 2008 ALLURE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
**Sumartilboð: 3.250.000 kr.**

-400.000 kr.



***Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**brimborg.is**

Bambus Skrýmir Ditto Lella Eldlilja Gæfa Ljósálfur Ævi Sukki Kusi Myrká Náttúra Tími Kona

# Að fá að vera maður sjálfur

Það má heita Kusi og Náttúra en ekki Kona eða Myrká. Nokkrir einstaklingar segja frá mikilvægi þess að hafa frelsi til að velja eigið nafn.


Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

### FÁRÁNLEG ÓLÖG SEM HAFA VALDIÐ SKAÐA

Jón Gnarr

Frá því að ég var sextán ára gamall hef ég óskað eftir því að fá að heita Jón Gnarr en ekki Jón Gunnar Kristinsson. Það hefur tekið mig hálfa ævina að fá það í gegn og tókst loks þegar ég bjó í Bandaríkjunum um tíma. Þar sótti ég um nafnabreytingu, sem var ekkert mál og fékk hana í gegn. Þetta var fyrir fjórum árum og það var ekkert sem íslensk stjórnvöld gátu gert. Ég fór fram hjá þessu kerfi, sem er það sem sífellt fleiri kjósa að gera. Þú getur til dæmis með einföldum hætti farið til Danmerkur, skráð þig inn í landið. Farið í kirkju í nágrenninu og þar getur þú sótt um nafnabreytingu eða nefnt barn þitt nafni sem hefur verið hafnað af mannanafnanefnd hér á landi. Þetta ferli tekur þrjá til fjóra virka daga og íslensk yfirvöld neyðast til að viðurkenna nafnið við heimkomuna.

Við búum í fjölmenningarsamfélagi og það er á engan hátt merkilegra að heita Sigríður eða Guðmundur en José eða Ljúblíana. Ég hef verið mótfallinn þessum lögum alla tíð, árið 1996 voru þau þannig að erlendum ríkisborgurum sem fluttu til Íslands var skylt að fella niður nafnið sitt. Ég man eftir frægu máli manns frá Kólumbíu, sem tók sér nafnið Eilífur Friður til að hæðast að þessum lögum. Þegar fyrstu Víetnamarnir komu hingað til lands þá fengu þeir afhent ný vegabréf með nöfnum sem höfðu verið valin fyrir þau. Hvað ætli fólk hugsi um okkur sem þjóð þegar það veit þessa staðreynd? Þetta er svo heimskulegt og rasískt.



En svo féll dómur hjá alþjóðadómstólum um að Íslendingar mættu ekki neyða fólk til að breyta nöfnum sínum. Fólk fékk því að halda ættarnöfnum sínum.

Grundvallarskoðun mín er sú að þessi lög séu ekki mikilvæg. Þau tryggja ekki öryggi okkar eða barnanna heldur eru fyrst og fremst starfstækifæri fyrir þröngan en fámennan hóp fólks sem vinnur við þetta. Lögin þjóna aðallega þeirra hagsmunum en ekki okkar almennra borgara.

Ég hef sagt það oft, mér finnst þetta algjörlega fáránleg ólög. Þau hafa valdið svo miklu ónæði og skaða í lífi fólks. Ég veit um fólk, innflytjendur sem vildu ekki sækja um íslenskan ríkisborgararétt bara vegna þess að þá þyrftu þeir að hætta að nota nafnið sitt. Þetta er fólk sem hefur lifað alla ævi á Íslandi, en ekki sem Íslendingar. Síðan þegar þetta fólk verður gamalt, þá nýtur það ekki sömu réttinda eins og það væri Íslendingar. Það er svo ljótt að finnast þetta mikilvægt og sniðugt þegar lögin valda slíkum skaða.“

»

**Í LÖGUM 45/1996 UM MANNANÖFN SEGIR AÐ NÝTT EIGINNAFN ÞURFI AÐ UPPFYLLA ÁKVEÐIN SKILYRÐI. TIL DÆMIS ÞARF NAFNIÐ AÐ GETA TEKIÐ ÍSLENSKRI EIGNARFALLSENDINGU OG EKKI BRJÓTA Í BÁGA VIÐ ÍSLENSKT MÁLKERFI.**

### RÍKISVALDIÐ SKIPTI SÉR EKKI AF EINKALÍFI FÓLKS

Sigríður Hlynur Snæbjörnsson, bóndi á Öndólfsstöðum



Ég vildi fá að taka upp nafn ömmu minnar sem ég hafði átt að heita eftir. Það er sterk hefð fyrir slíku í fjölskyldunni en bræður mínir heita eftir öfum okkar og systir mín var skírð í höfuðið á föstru mömmu.

Ég hef almennt fengið mjög góð viðbrögð, fjölskyldan stendur algerlega með mér og það hefur alveg gerst að ókunnugt fólk viki sér að mér til að lýsa stuðningi sínum. Það kemur fyrir að virkir í athugasemdum telja nauðsynlegt að tjá sig um þetta með neikvæðum formerkjum en ég get ekki séð að þess háttar skoðanir hafi mikinn hljómgrunn.

Mér finnst allt frelsi til einkalífs mjög mikilvægt og mér finnst að ríkisvaldið eigi ekki að skipta sér af einkalífi okkar svo fremi sem við virðum rétt annarra til jafns við okkar eigin.

Ég held að mannanafnanefnd samanstandi af samviskusömu fólki sem hefur fengið það ömurlega hlutverk að kveða upp dóma eftir lögum sem hafa eftir því sem ég fæ best séð aldrei verið nauðsynleg eða viðeigandi.

Ég hef verið kallaður Hlynur í 50 ár og mér finnst líklegt að svo verði áfram þó svo að ýmsir hafi vissulega tekið upp á að kalla mig Siggu undanfarin misseri og ekki ætla ég að setja mig á upp á móti því, mér finnst það bara skemmtilegt og reikna með að það venjist vel.

### AUÐVELDUR SIGUR

Kolbeinn Hringur Bambus Einarsson



Ég bætti við Bambus sem þriðja nafni einfaldlega vegna þess að það hefur fylgt mér frá unga aldri og verið í raun óformlega partur af nafninu mínu. Ekkert flóknara eða úthugsaðra en það. Í mínu tilfelli var þetta auðveldur sigur fyrir Bambus. Mannanafnanefnd samþykkti það án nokkurra vandræða. Það er mín persónulega reynsla og því hef ég bara gott af henni að segja. Það breytir því þó ekki að það á að vera sjálfsagt mál fyrir alla að vera þú sjálfur með nafn sem tilheyrir þér sjálfum.

### GETUM VIÐ EKKI TREYST FORELDRUM?

Þuríður Blær Jóhannsdóttir leikkona



Mér þykir mjög vænt um nafnið mitt. Mér finnst mannanafnanefnd eiginlega alveg óþörf. Getum við ekki treyst foreldrum fyrir því að geta tekið ábyrgð á að skíra sín eigin börn, eins og í öllu öðru sem viðkemur börnunum þeirra?

## Syndavagnarnir í sögu Reykjavíkur

Á dögunum hafnaði Reykjavíkurborg umsókn um leyfi fyrir pylsuvagni við Sundhöllina. Niðurstaðan var sú að ekki væri „heppilegt“ að hafa þar pylsuvagn. Slíkar aðfinnslur eru alls ekki nýjar af nálinni því áratugum saman hefur borgaryfirvöldum verið í nöp við rekstur pylsuvagna í Reykjavík og þrasið rataði oft á síður dagblaða.

**1939**
„Um þetta mál hefir því verið haldið fram, að það væru slæpingjar einir, sem skiftu við pylsuvagnana, en sannleikurinn er þó sá, að hver einasti borgari hér í bæ mun hafa neytt af pylsum þeim, sem þar hafa verið keyptar. Þetta er sameiginleg synd drykkjuræflanna og hinna, sem setið hafa á goodtemplarafundum og farið þaðan sterkir í baráttunni gegn áfengisbölinu, en með tóman maga,“ stóð í pistli í Vísi árið 1939.

**1942**
Fáeinir vörðu pylsuvagnana, það gerði Guðrún Guðlaugsdóttir sem barði í borðið og sagði á bæjarstjórnarfundi: „Pylsuvagnarnir eru þarfir. Margir þurfa að fá sér mat og geta ekki fengið hann annars staðar,“ sagði hún og blandaði Valtý Stefánssyni þá bæjarfulltrúa í málið ,sagði hann samþykkan pylsuvögnum enda hafi hann sagt gott að geta fengið sér pylsu þegar unnið væri fram á nótt að blaðaskrifum.

**GETUR MAÐUR EKKI FENGIÐ MAGASÁR EÐA EITTHVAÐ AF ÞESSU? OG Á MAÐUR BARA AÐ FÁ AÐ DREPAST?**

**Næturvinnugregori**
Nokkrum árum seinna skrifaði maður bréf til Vikunnar. Árið var 1964 og manninum fannst að sér vegið að geta ekki borðað pylsur um miðjar nætur:
„Kæri Póstur!
Fær maður aldrei bót á þessum fjanda? Hvaða fjanda? Að venjulegir, einhleypir menn í bænum, sem búa bara í einu herbergi, skuli verða að svelta heilu hungri milli kl. hálf eitt eða eitt og fram á morgun. Maður fær ekkert, frá því að pylsuvagninn lokar, og þangað til ein eða tvær sjoppur opna á morgnana klukkan sex eða sjö. Maður er kannski að vinna til tvö eða þrjú og orðinn svangur, og þá fær maður ekki neitt neins staðar, nema að bíða í þrjá eða fjóra klukkutíma. Svo maður neyðist til að fara banhungraður að sofa. Segðu mér nú, Póstur: Er ekki hægt að laga þetta? Getur maður ekki fengið magasár eða eitthvað af þessu? Og á maður bara að fá að drepast?
Með kveðju frá Næturvinnugregori.“ **– kbg**

**Lengri útgáfu greinarinnar má finna á www.frettabladid.is**


Troðfull verslun af merkjavöru
Hreinsun!
70%
afsláttur af öllum vörum
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
BOSS HUGO BOSS
SAND COPENHAGEN
POLO RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO ARMANI
eterna
gardeur
HUGO HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Opið á morgun sunnudag
13 til 17
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)

# OPNUNARHÁTÍÐ Í SELHELLU 6 Í HAFNA

## FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM






25% AFSLÁTTUR

**Lutool handsög** fyrir stein, við og járn. Hægt að tengja við ryksugu, hægt að fá með sagmáti. 600W.

**10.493**

Áður kr. ~~13.990~~



20% AFSLÁTTUR

Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél

**8.704**

Áður kr. ~~10.880~~



20% AFSLÁTTUR

Kapalkefli 3FG1, 5 10 mtr

**2.312**

Áður kr. ~~2.890~~

15 metrar **2.952** Áður kr. ~~3.690~~
25 metrar **4.392** Áður kr. ~~5.490~~
50 metrar **7.992** Áður kr. ~~9.990~~

CERAVID



15% AFSLÁTTUR

## Þýsk gæði

CERAVID SETT
**WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.**
**Þýsk gæðavara**

**33.057**

Áður kr. ~~38.890~~



25% AFSLÁTTUR

**LuTool fjölnota** sög /hjakktæki/juðari. 300W.

**5.243**

Áður kr. ~~6.990~~



20% AFSLÁTTUR

**Drive skrúfvél** 12v. Auka rafhlaða fylgir.

**7.192**

Áður kr. ~~8.990~~



20% AFSLÁTTUR

Gua-543 vegghengdur vaskur, 1mm stál, einnig fáanlegur í borð

**10.392**

Áður kr. ~~12.990~~



20% AFSLÁTTUR

Riga salerni með setu m/ veggstút

**19.192**

Áður kr. ~~23.990~~



Trup hekkklippur 23060

**1.121**

Áður kr. ~~1.245~~



Meistar upptínslutól/plokkari

**1.521**

Áður kr. ~~1.690~~

## GARÐVERKFÆRI Á GÓÐU VERÐI! MIKIÐ ÚRVAL!



**1.701** Áður kr. ~~1.890~~

**2.151** Áður kr. ~~2.390~~

**1.431** Áður kr. ~~1.590~~

**1.971** Áður kr. ~~2.190~~




10% AFSLÁTTUR

Weber Staurasteypa 15 kg

**801**

Áður kr. ~~890~~

10% AFSLÁTTUR

Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

**2.421**

Áður kr. ~~2.690~~



10% AFSLÁTTUR

**Sterkir Cibon strákústar**

45cm **1.256** Áður kr. ~~1.395~~
60cm **1.706** Áður kr. ~~1.895~~

Fyrirvari um prentvillur. Tilboðin gilda í öllum verslunum Múrbúðarinnar til og með 6. júlí meðan birgðir endast.

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Hafnarfjörður** | Selhellu 6. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



NÝRRI MÚRBÚÐ
RFIRÐI
GRILLAÐAR PYLSUR OG GOS
Í dag laugardag milli kl. 12 og 14
að Selhellu 6 í Hafnarfirði
20% AFSLÁTTUR
34.320
Áður kr. 42.900
Kaliber Black II gasgrill
3 brennarar (9kW). Grillflötur 60x42cm
45.990
Áður kr. 57.900
Kaliber Silver gasgrill
4 brennarar, (12kW) Grillflötur 62x41cm
Kaliber
PREMIUM GRILL
Kaliber Ferðagasgrill
19.672
Áður kr. 24.590
2 brennarar (5kW) Grillflötur 53x37cm
20% AFSLÁTTUR
Hjólbörur 80L
3.996
Áður kr. 4.490
11% AFSLÁTTUR
MÚRBÚÐIN
35.920
Áður kr. 44.900
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10
20% AFSLÁTTUR
59.920
Áður kr. 74.900
MOWER CJ21G
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst., safnpoki að aftan 70 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-80mm/8
20% AFSLÁTTUR
10% AFSLÁTTUR
Öflugar hjólbörur 90 lítra
6.741
Áður kr. 7.490
Verð áður 29.990
25.492
Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst. Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bíll) og hörð (t.d. steypa).
15% AFSLÁTTUR
BRIGGS & STRATTON
21.165
Áður kr. 24.900
15% AFSLÁTTUR
Sláttuorf Mow FBC310
Sláttuorf: 1strokks fjórgengis mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC, Bensíntankur 0,65 L
20% AFSLÁTTUR
18.712
Áður kr. 23.390
Lavor Race 125 háþrýstidæla
1800W, 125 bör (170 bör m/turbo stút) Vatnsflæði: 400 L/klst.
15% AFSLÁTTUR
25.492
Áður kr. 29.990
Lavor Vertico 20 háþrýstidæla
Orka: 2100W- 230V-50Hz Hámarksþrýstingur: 140 bör Max Vatnsflæði: 400 L/klst. Max
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla alltaf!
í Hafnarfirði


Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is


# Betri manneskja og íþróttamaður eftir slysið

Guðlaug Edda Hannesdóttir er bjartsýn á að keppa í þríþraut á Ólympíuleikunum í Tokyo 2020. Takist henni að ná markmiði sínu verður hún fyrst Íslendinga til þess. Hún lenti í slysi sem hafði mikil áhrif á líkamlega og andlega heilsu hennar en segist bæði sterkari íþróttamaður og betri manneskja á eftir.


**Mörgum þykir magnað að það eru aðeins þrjú ár síðan Guðlaug Edda hóf að æfa af kappi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðlaug Edda Hannesdóttir er í stuttri heimsókn á Íslandi. Hún lauk nýverið keppni á móti sem fór fram í Montreal í Kanada og er hluti af heimsbikarmótaröðinni, sterkustu mótaröð heims í þríþraut. Þar keppti hún í sprettþraut, synti 750 metra og náði góðum tíma, 9:26 mínútum. Þá hjólaði hún 20 kílómetra og hljóp 5 kílómetra. Hún náði góðum spretti og endaði í 26. sæti.

Guðlaugu Eddu hefur gengið afar vel á stórum mótum í þríþraut á þessu og á síðasta ári og er nú einn af okkar efnilegustu íþróttamönnum. Markmið hennar er að taka þátt í Ólympíuleikunum í Tókýó 2020 og hún og þjálfari hennar, Rasmus Stubager, leyfa sér að vera mjög bjartsýn. Takist henni að ná settu marki verður hún fyrsti Íslendingurinn til að keppa í þríþraut á Ólympíuleikum.

„Bæði ég og þjálfarinn minn erum bjartsýn en ég reyni að leiða hugann ekki of mikið að Ólympíuleikunum þótt það sé markmið mitt. Ég einbeiti mér frekar að því að bæta mig á hverjum degi og á hverju móti. Er með lítil markmið sem ég set mér á hverjum degi. Ég er að reyna að gæta þess að ég myndi ekki óheilbrigt samband við íþróttina,“ segir Guðlaug Edda en það mun koma í ljós í maí á næsta ári hvort hún hlýtur þátttökurétt á leikunum.

Hún er brosmild og býr yfir mikilli orku og útgeislun. Það líður ekki á löngu þar til gestir kaffihússins þar sem viðtalið fer fram eru komnir í hlutverk áhorfenda. En eftir því tekur hún alls ekki. Kærastinn hennar, Axel Máni Gíslason, er með í för.

**Aðeins æft í þrjú ár**

Það vekur furðu margra að þrátt fyrir að Guðlaug Edda keppi við bestu konur heims í þríþraut eru aðeins þrjú ár síðan hún hóf að æfa af kappi. Og reyndar á sama tíma og hún útskrifaðist frá Háskóla Íslands með ágætiseinkunn.

„Ég æfði sund sem barn og unglingur en eftir að ég lauk menntaskóla ákvað ég að einbeita mér að námi. Mér hefur alltaf þótt gaman í skóla. Ég valdi stjórnmálafræði í Háskóla Íslands og námið gekk ofsalega vel, ég hef enda mjög mikinn áhuga á alþjóðastjórnmálum og fékk góð tækifæri í náminu. Ég fór til dæmis í skiptinám við Stanfordháskóla og til Danmerkur. Með náminu ætlaði ég bara að hlaupa svolítið mér til gamans og var alveg hætt í sundi. Þríþrautarsambandið var nýstofnað á þessum tíma og þau höfðu samband við mig á síðasta ári mínu í Háskólanum. Ég byrjaði að æfa þríþraut og síðan þá hefur það undið upp á sig,“ segir Guðlaug Edda frá.

**Ofbeldi friðargæsluliða**

Í lokaritgerð sinni skrifaði hún um viðbrögð Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana við ásökunum um kynferðislega misnotkun og ofbeldi af hálfu friðargæsluliða gagnvart konum og stúlkum í Mið-Afríkulýðveldinu.

„Það hefur mikið verið skrifað um það góða starf sem hjálparsamtök vinna en mig langaði að skrifa út frá reynslu kvenna sem búa í þessum ríkjum og eru í minnihlutastöðu gagnvart friðargæsluliðum og valdhöfum í landinu. Ég studdist við skýrslur, gögn og umsagnir frjálsra félagasamtaka,“ segir Guðlaug Edda en niðurstaða hennar er að Sameinuðu þjóðirnar og undirstofnanir hafi brugðist konum og stúlkum í Mið-Afríkulýðveldinu. „Þetta eru friðargæsluliðar á vegum okkar Vesturlandabúa og mér fannst áhugavert að rýna í stöðuna. Ég held að hættan á ofbeldi aukist þegar það er ekki nægileg fjölbreytni í hópi friðargæsluliða.“

Hún segist ekki hafa búist við því að ná bæði góðum árangri í náminu og í íþróttinni. Hún fékk níu í lokaeinkunn í námi sínu. Hún viðurkennir að álagið hafi þó verið mikið. „Mig langar til að gera allt vel sem ég geri og í nokkra daga þurfti ég að vaka lengi og taka erfiðar æfingar. Maður gæti ekki haldið svona út í langan tíma en til skamms tíma er það alltaf þess virði,“ segir Guðlaug Edda.

**Svaf ekki í fimm daga**

Síðasta sumar datt hún í keppni og fékk mikið höfuðhögg. Hún rotaðist ekki en fékk heilahristing. Nokkrum mánuðum seinna tókst hún á við eftirköstin sem reyndu mjög á andlegan styrk hennar. Þeir sem hafa einhvern tímann á ævinni glímt við svefnleysi skilja í hvaða sporum hún var.

„Ég fékk heilahristing í byrjun sumars en það var ekki fyrr en fyrir keppni í september, nokkrum mánuðum síðar, sem verstu afleiðingarnar komu í ljós. Ég svaf ekki í fimm heila daga. Ég hafði reyndar fengið vægari einkenni um sumarið sem ég gerði lítið úr. Missti svefn eina og eina nótt en skrifaði það á streitu. Þessir fimm dagar voru skelfilegir, maður funkerar ekki, það er ekki hægt að æfa eða keppa og líðanin er þung. Þegar ég kom heim eftir keppnina þá vatt svefn-



## „Dásamlega þver“ Axel Máni um Guðlaugu Eddu

Axel Máni Gíslason, kærasti Guðlaugar Eddu, hefur stutt hana dyggilega. Hann segir hana bæði góðhjartaða og dásamlega þvera. Þetta séu þeir eiginleikar sem geri hana að afrekskonu.

„Hún er ótrúlega ákveðin, en á góðan hátt því hún er bæði samviskusöm og góðhjörtuð. Þegar hún var bæði að keppa og skrifa lokaritgerðina sína í stjórnmálafræði komu þessir eiginleikar vel í ljós. Ég spurði hana hvort það væri nú ekki í lagi að skila bara ritgerðinni inn sæmilegri. En hún tók það ekki í mál. Hún vill gera allt vel og á sinn hátt, mér finnst það alveg einstakt. Ég myndi segja að hún væri dásamlega þver. Stundum hleypur svo mikið kapp í hana að ég finn mig í að hvísla að henni hvort það sé kannski góð hugmynd að bakka aðeins,“ segir Axel og hlær.

„Hún gerir það reyndar sjálf eftir slysið. Við kynntumst árið 2009 en byrjuðum saman fyrir þremur árum. Það hefur verið ævintýri að fá að fylgja henni og styðja við hana. Á meðan ég var í meistaranámi í hugbúnaðarverkfræði fylgdi ég henni þegar ég gat. Nú hef ég aðeins meira frelsi því starf mitt er þess eðlis að ég get unnið hvar sem er. Ég hef fylgt henni út um allan heim. Afríku, Evrópu og Asíu. Þetta er krefjandi og mér finnst hún hafa staðið sig á allan hátt vel. Ég hef mikla trú á henni.“


VIÐAR
Á grindverki:
VIÐAR Húmgrár
VIÐAR
HÁGÆÐA
VIÐARVÖRN FRÁ
SLIPPFÉLAGINU
Litirnir eru fjölmargir
og hægt að fá
sérblandaða hjá okkur.
Á palli:
VIÐAR Smágrár
SLIPPFÉLAGIÐ
Borgartúni 22 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760
Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is
SLIPPFÉLAGIÐ



„Bæði ég og þjálfarinn minn erum bjartsýn en ég reyni að leiða hugann ekki of mikið að Ólympíuleikunum þótt það sé markmið mitt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vandinn upp á sig. Ég svaf tvo til þrjá tíma á nóttu í nokkra daga og svo kom kannski einn dagur þar sem ég svaf samfleytt í tólf tíma,“ segir hún og lýsir betur líðan sinni.

„Þetta er það versta sem ég hef gengið í gegnum og á tímabili hélt ég að ég myndi aldrei sofa aftur. Það er eins og hugurinn geti ekki stansað. Hann fer hring eftir hring og stansar ekki. Því fylgir kvíði að geta ekki sofið. Maður hugsar í sífellu: Mun ég sofna í nótt? Mun þetta enda? Ég þurfti á endanum að ljúka æfingatímabilinu og draga verulega úr æfingum. Um leið og ég hafði tekið þá ákvörðun fann ég fyrir létti og vissi að ég gat farið að byggja mig upp. Ég var heppin, það tók mig ekki nema rúma þrjá mánuði að ná góðum tökum á heilsunni aftur,“ segir hún.

**Sálfræðiaðstoðin mikilvægust**

Guðlaug Edda vann markvisst að því að ná heilsu aftur og fékk aðstoð læknis og sálfræðings sem sérhæfir sig í eftirköstum heilahristings.

„Það sem hjálpaði mér langmest var að fara til sálfræðings. Að ræða vandann og fá góðar ráðleggingar. Ég lærði að beina hugsunum í annan farveg. Í stað þess að hugsa: Mun ég einhvern tímann sofna? lærði ég að ímynda mér að ég þyrfti að berjast gegn því að sofna. Það er mjög erfitt? Hefur þú prófað það? “ spyr hún og hlær.

„Annað sem hefur reynst mér mjög vel er að æfa yin jóga og hugleiðslu. yin jóga er slökunarjóga, ég hef haldið fast í það að stunda slíkt jóga því það raunverulega hjálpar. Ekki bara við svefninn heldur bætir það líka ástand líkamans,“ segir Guðlaug Edda og mælir með slíku jóga fyrir alla.

Og það þriðja sem hefur reynst mér vel er að búa til góða svefnrútínu. Klukkustund fyrir svefn þá slekk ég á öllum tölvum og tækjum sem gefa frá sér blátt ljós og minnka allt áreiti í kringum mig. Geri eitthvað í rólegheitum, eins og að lesa bók eða eitthvað slíkt,“ segir Guðlaug Edda sem er reyndar mikill lestrarhestur. Núna er hún að lesa sænska glæpasögu en segist lesa bæði fræðirit og skáldsögur.

## Árangurinn

- Byrjaði íþróttaferil sinn í sundi þar sem hún vann til fjölda verðlauna
- Hefur einnig bakgrunn í því að keppa í mismunandi vegalengdum í hlaupum
- Varð heimsmeistari í tvíþraut á Fjóni í Danmörku árið 2018
- Endaði í áttunda sæti af 48 konum Evrópubikarnum í þríþraut sem fram fór í Huelva á Spáni í apríl fyrr á þessu ári
- Hafnaði í 14. sæti á Evrópumeistaramótinu í ólympískri þríþraut sem fram fór í Weert í Hollandi fyrr í sumar
- Keppir á heimsbikarmótaröðinni sem er sterkasta mótaröð heims í þríþraut
- Æfir með danska landsliðinu í þríþraut með norrænu afreksíþróttafólki
- Stefnir á að verða fyrst til þess að taka þátt í þríþraut á Ólympíuleikum í Tókýó næsta sumar

**Lærði af slysinu**

Hún segist hafa lært af slysinu og því að takast á við andlega erfiðleika og svefnleysi. „Kærastinn minn var alltaf að segja mér að ég yrði sterkari. En á meðan það versta gekk yfir þá sá ég það ekki. Ég svaraði honum og sagði: Nei, þetta mun aldrei lagast. En um leið og mér fór að batna þá áttaði ég mig á því hversu mikið ég hafði lært. Ekki bara hvað varðar svefn og hvíld. Ég lærði meira um streitu, hvernig maður verður stundum sterkari og einbeittari með því að taka skref til baka. Hvíldin er svo mikilvæg, ekki bara fyrir íþróttamenn heldur okkur öll. Ég lærði að treysta á sjálfa mig,“ segir hún og bætir við að fyrir slysið hafi hún ekki áttað sig á því hvað andlegur styrkur er mikilvægur í íþróttinni sem hún stundar. „Reynslan kennir manni að vanmeta ekki andlegu þættina. Ég hélt það myndi duga að koma mér í bilað form, æfa af hörku og keppa. En við sem erum að keppa á hver móti annarri erum allar mjög svipaðar. Við erum kannski með mismunandi styrkleika en þegar allt kemur til alls þá skiptir mestu máli hversu tilbúin þú ert í keppninni. Þetta er svo dýnamísk íþrótt. Í sundi synti ég á einni braut og enginn truflaði mig. Í þríþraut syndir þú í kringum sextíu konur sem allar eru að reyna að komast á sama staðinn. Einbeitingin og ró í sömu andrá er nauðsynleg og kunna að taka skref til baka til að fara áfram af enn meiri krafti,“ segir Guðlaug Edda.

**Keppi ekki eftir heilahristing**

Bæði sálfræðingur hennar og læknir sögðu henni að það væri algengt að íþróttamenn yrðu ekki varir við eftirköstin fyrr en löngu seinna. „Maður losnar við verkina úr líkamanum og heldur að þá geti maður haldið áfram, en bataferlið tekur lengri tíma og getur verið krefjandi. Sálfræðingurinn minn sagði að það ætti að vera regla að íþróttamenn kepptu ekki í tvo til þrjá mánuði eftir svona heilahristing,“ segir hún. „Ég var heppin, eftirköstin hefðu getað orðið alvarlegri og háð mér til lengri tíma. Sem betur fer hefur orðið mikil vakning um skaða eftir heilahristing en einnig um andlega heilsu og skaðsemi streitu.“

Hún segir það besta við íþróttir hversu mikið sjálfsþekkingin vex. „Eftir þessa erfiðleika er ég betri íþróttamaður en líka betri manneskja, auðvitað á það ekki bara við um íþróttir. En ég er þakklát fyrir að hafa þurft að læra þetta og öll reynsla nýtist, sama hvað maður mun hafa fyrir stafni í framtíðinni,“ segir hún.

**ÉG VAR HEPPIN, EFTIRKÖSTIN HEFÐU GETAÐ ORÐIÐ ALVARLEGRI OG HÁÐ MÉR TIL LENGRI TÍMA. SEM BETUR FER HEFUR ORÐIÐ MIKIL VAKNING UM SKAÐA EFTIR HEILAHRISTING EN EINNIG UM ANDLEGA HEILSU OG SKAÐSEMI STREITU.**

**ÞAÐ ER EINS OG HUGURINN GETI EKKI STANSAÐ. HANN FER HRING EFTIR HRING OG STANSAR EKKI. ÞVÍ FYLGIR KVÍÐI AÐ GETA EKKI SOFIÐ. MAÐUR HUGSAR Í SÍFELLU: MUN ÉG SOFNA Í NÓTT? MUN ÞETTA ENDA?**

**Eldurinn**

Það er stundum framandi fyrir Guðlaugu Eddu að mæta á stærstu mótin. Hún kemur ein frá Íslandi með þjálfaranum sínum þótt stundum sé kærastinn hennar, Axel, með í för. „Stærstu íþróttasamböndin eru með allt að sex keppendur á sínum vegum og koma með starfsfólk, nuddbekki og þau ganga um með talstöðvar,“ segir Guðlaug Edda og skellir upp úr. „Það er auðvitað framandi því svo er það bara ég sem kem ein frá Íslandi. En þrátt fyrir að ég sé ekki með stórt starfslið í kringum mig hef ég verið rosalega heppin með gott stuðningsnet og fólk sem hjálpar mér. Það er örugglega það besta og stór þáttur í því að ná árangri er að vera með stuðningslið sem trúir á þig. Þitt eigið lið og í því er fólk sem er ekki endilega á staðnum. Til dæmis sálfræðingurinn minn, vinir og aðstandendur. Kærastinn minn kemur með þegar hann getur og þjálfarinn er alltaf með í för. Þetta er mitt fólk og mitt lið. Það er svo mikið sem þarf að virka til að maður geti tekið þátt í keppni um pláss á Ólympíuleikunum. Þetta er mikil erfiðisvinna og það þarf að leggja mikið á sig en þetta er það skemmtilegasta sem ég geri og ég myndi ekki vilja gera neitt annað. Ég fæ að keppa við þær bestu í heimi og eftir hvert mót fer ég að trúa því betur að ég eigi heima þarna og það viðheldur neistanum, tja, eða eldinum,“ leiðréttir hún sig og hlær. „Því auðvitað er þetta biluð ástríða. Stundum hugsa ég að ég hljóti að vera eitthvað klikkuð, en þetta er bara það sem ég lifi fyrir.“

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 6. JÚLÍ 2019



Haraldur Egilsson og Ásmundur Páll Hjaltason lögðu í ferð um landið á litlum kínverskum vespum. Með í för er steinn frá Suður-Afríku, handmálaður af systur manns sem lést langt fyrir aldur fram en átti sér þann draum að ferðast um heiminn. →4




Björgvin Halldórsson og Jónatan Garðarsson á tröppum Bæjarbíós í Hafnarfirði. Þar verður dúndrandi stuð alla næstu viku. MYND/EINAR BÁRÐARSON

# Björgvin Halldórsson heiðraður með stjörnu

**Fyrsta stjarna íslenskrar tónlistar verður afhjúpuð á mánudaginn í hjarta Hafnarfjarðar þegar Björgvin Halldórsson verður heiðraður. Um leið hefst tónlistarveisla í Bæjarbíói sem stendur alla næstu viku. Frítt inn fyrsta daginn.**

Tónlistar- og bæjarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar sem fram fer í næstu viku er nú haldin í þriðja skiptið. Hátíðin er metnaðarfullt framtak þeirra Páls Eyjólfssonar og Péturs Stephensen sem hafa rekið menningarhúsið Bæjarbíó við Strandgötu undanfarin ár. Fjölbreytt tónlistardagskrá verður bæði innanhúss og utan.

Það er tónlistarsérfræðingurinn Jónatan Garðarsson sem setur hátíðina með hátíðarræðu um Björgvin Halldórsson. Þá verður stjarna Björgvins afhjúpuð á gangstétt fyrir utan Bæjarbíó. Jónatan segir að það sé ekki nokkur vafi á því að Björgvin sé einn fremsti söngvari landsins, fæddur og uppalinn í Hafnarfirði og hefur staðið vaktina lengi.

## Eitt besta tónleikahúsið

„Þegar þeir félagarnir Pétur og Páll tóku við Bæjarbíói fóru þeir að skipuleggja undirbúning hússins fyrir tónleika. Settu meðal annars upp nýtt hljóðkerfi sem hentar til tónleikahalds enda hafði þetta verið bíósalur áður sem Kvikmyndasafn Íslands hafði haft til umráða og reyndist vel fyrir sýningar. Að mínu mati er Bæjarbíó eitt besta hljómleikahús á landinu. Mjög góður hljómur er í húsinu eins og var í Gamla bíói á meðan gömlu sætin voru þar. Þessi tvö hús eru alveg einstök á landinu hvað hljómgæði varðar," segir Jónatan. „Ég man eftir því að þegar Þursaflokkurinn spilaði í Bæjarbíói árið 1982 var það tekið fram að þeir hefðu hvergi spilað í eins frábæru hljómleikahúsi. Karl Sighvatsson og Egill Ólafsson tóku það sérstaklega fram hversu ánægðir þeir hefðu verið með sándið. Það var því virkilega

**Framhald af forsíðu →**

natures aid
*Sterk bein alla ævi*


ánægjulegt að fá þetta hús undir tónleikahald,“ bætir Jónatan við.

### Bar og Mathiesenstofa

Jónatan bendir á öflugt tónleikahald í húsinu undanfarin þrjú ár. Mörg merkileg bönd hafa fundið þarna stað til að koma saman aftur. „Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar fór af stað fyrir tveimur árum og hefur vaxið og dafnað síðan. Hátíðin hefur verið mjög vel heppnuð og er orðin ein stærsta slík tónlistarhátíð sem bæjarfélag stendur að en hún er styrkt af Hafnarfjarðarbæ. Hátíðin lyftir bæjarfélaginu upp og það lifnar yfir mannlífinu. Fjölmargt tónlistarfólk býr í Hafnarfirði, rekur ættir sínar þangað eða hefur einhver tengsl við bæinn. Það eru þó ekki bara Hafnfirðingar sem koma fram heldur listafólk alls staðar að af landinu. Til gamans má geta þess að að Pétur Stephensen (helmingurinn af Pétri og Páli) var bassaleikari í Bendix á sínum tíma, þegar Björgvin mætti á æfingu hjá þeim og stóð sig svo vel í söngvarahlutverkinu að hann var ráðinn í hljómsveitina. Söngvaranum sem var þar fyrir gert að hætta,“ segir Jónatan.

„Fyrir nokkrum mánuðum var tekinn í notkun hliðarsalur. Þar var verslun Jóns Mathiesen í gamla daga og nefnist salurinn Mathiesenstofa. Þar er horn tileinkað Björgvini Halldórssyni en myndir frá ferli hans skreyta Gullveggin. Í Mathiesenstofu er bar og setustofa, þótt Jón Mathiesen hafi sjálfur verið stakur stúkumaður.“

Jónatan segir að popptónlistarmaður hafi aldrei verið heiðraður með þessu móti fyrr í Hafnarfirði en ákveðið hefur verið að halda þessu áfram. „Bæjarlistamenn hafa verið valdir en aldrei neitt þessu líkt. Gangstéttin fyrir fram bíóið mun því fá fleiri stjörnur og verður svona Walk of Fame eins og í Hollywood. Fyrsta stjarnan verður afhjúpuð á mánudaginn kl. 19 og er athöfnin opin öllum. Það verður því dúndrandi fjör í Hafnarfirði alla næstu viku,“ segir Jónatan og bætir við að Björgvin sé enn Poppstjarna Íslands þar sem poppstjarna hafi aðeins verið kosin einu sinni þegar hann var 18 ára. „Þann 4. september eru 50 ár síðan sú kosning fór fram. Björgvin er fæddur töffari og verður það alltaf.“



Björgvin er hin eina sanna poppstjarna Íslands. Í september verða 50 ár frá popphátinni í Laugardalshöllinni.

## Poppstjarna í 50 ár

Björgvin hefur sannarlega gefið rokki og róli öll sín bestu ár..

### 1969
4.500 manns mættu í Laugardalshöll á tónleika Ævintýris. Björgvin er valinn poppstjarna ársins. Þó líði ár og öld kemur út.

### 1973
Gunnar Þórðarson og Rúnar Júlíusson endurvekja Hljóma og bjóða Björgvini að vera með. Hljómar 74 er tekin upp um jólin.

### 1976
Vísnaplatan Einu sinni var kemur út. Ein vinsælasta plata sem gefin hefur verið út á Íslandi. Brimkló endurlífguð og slær í gegn.

### 1977
Önnur vísnaplata kemur út og er nefnd Út um græna grundu. Hlaut frábærar móttökur.

### 1978
Sólóplatan Ég syng fyrir þig kom út. Lögin Eina ósk, Skýið, Guð einn það veit og Elskar þú mig á morgun

### 1979
Leðurjakkinn birtist með Halla og Ladda í HLH flokknum.

### 1980
Dagar og nætur í samstarfi við Ragnhildi Gísladóttur. Sama ár er frumsýnd kvikmyndin Óðal feðranna, þar flutti Björgvin lagið Sönn ást.

### 1982
Þriðja sólóplatan, Á hverju kvöldi, kemur út.

### 1986
Sólóplatan Björgvin. Þar má finna Ég lifi í draumi eftir Eyjólf Kristjánsson.

### 1987
Fyrsta jólaplatan í fjögurra platna seríu þar sem Björgvin tekur á móti jólagestum. Allir fá þá eitthvað fallegt, Jólagestir 3 og Jólagestir 4 fylgja í kjölfarið.

### 1990
Fyrsta plata Sléttuúlfanna kemur út. Sú síðari kemur út ári síðar.

### 1993
Gospelplatan Kom heim, fyrir Samhjálp, sem heldur betur slær í gegn með lögunum um Gullvagninn og Milljón glappaskot. Kom Gospeltónlistinni á kortið hér á landi. Björgvin átti síðar eftir að vinna tvær plötur í svipuðum dúr, Hærra til þín (1995) og Alla leið heim (1997).

### 1995
Þó líði ár og öld, tvöföld safnplata kemur út í tilefni af 25 ára hljóðritunarafmæli Björgvins. Stórsýning á Broadway hefur göngu sína sem gekk á þrjú ár fyrir fullu húsi. Björgvin tekur þátt í Eurovision.

### 1999
Tvöföld plata, Bestu jólalög Björgvins, kemur út. Ári síðar kom Um jólin.

### 2001
Sólóplatan Eftirlýstur þar sem Björgvin túlkar Megasarlögin Spáðu í mig og Tvær stjörnur auk lagsins um Lennon (hinn eini sanni Jón), sem er eftir Björgvin sjálfan.

### 2002
Ballöðusafn Björgvins, Ég tala um þig.

### 2003
Fyrsta Duet-platan kemur út.

### 2005
Ár og öld kemur út. Söngbók Björgvins Halldórssonar 1970-2005. Þar er að finna 70 þekkt lög Björgvins.

### 2006
Tónleikar með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Voru gefnir út á DVD og CD og seldust í yfir 20.000 eintökum.

### 2011
Sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar.

### 2019
Fær fyrstu stjörnu íslenskrar tónlistar.

## Tónlistarveisla í viku

### Mánudagur 8. júlí
Stórtónleikar til heiðurs Björgvini Halldórssyni og hljómsveit en á opnunarkvöldi hátíðarinnar mun fyrsta Stjarna íslenskrar tónlistar verða afhjúpuð á gangstéttinni fyrir framan Bæjarbíó. Varla þarf að klóra sér lengi í hausnum yfir ráðgátunni um það hver fær fyrstu stjörnuna nefnda eftir sér.



### Þriðjudagur 9. júlí:
Dimma með tónleika í Bæjarbíói kl. 20.30.

**Útisvæði**
Dimma á risa LED-skjá og DJ til miðnættis.

### Miðvikudagur 10. júlí:
Friðrik Dór með tónleika í Bæjarbíói kl. 20.30.

**Útisvæði**
- Friðrik Dór á risa LED-skjá.
- DJ til miðnættis.

### Fimmtudagur 11. júlí:
Björgvin Halldórsson og hljómsveit í Bæjarbíói kl. 20.30.

**Útisvæði**
- Björgvin Halldórsson á risa LED-skjá.
- Papaball til kl. 01.00 (frítt inn á útisvæði).

### Föstudagur 12. júlí:
Jónas Sig og Milda hjartað í Bæjarbíói.

**Útisvæði**
- Jónas Sig og Milda hjartað á risa LED-skjá.
- Papaball til kl. 01.00.

### Laugardagur 13. júlí:
Á móti sól í Bæjarbíói kl. 20.30.

**Útisvæði**
- Á móti sól á risa LED-skjá.
- Ball með Á móti sól til kl. 01.00.

### Sunnudagur 14. júlí:
Hljómsveitin Vök í Bæjarbíói kl. 20.30.

Á útisvæðinu verður risa-útitjald þar sem dagskráin fer að mestu leyti fram. Þá mætir Bjórhöllin á svæðið og bestu veitingastaðir Hafnarfjarðar bjóða ýmislegt girnilegt sem heilla mun sælkera.

Frítt verður á útisvæðið á opnunardeginum og fimmtudagskvöldinu í boði Hafnarfjarðarbæjar en þá geta allir notið þess sem upp á verður boðið.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Finn ekki til lengur og golfsveiflan í góðu lagi

NUTRILENK GOLD, mest selda liðbætiefnið á Íslandi, hefur hjálpað fjölda Íslendinga sem þjáðst hafa vegna eymsla í hnjám og annarra liðverkja og það fjölgar stöðugt í þessum hópi.

Nutrilenk Gold er unnið úr sérvöldum fiskbeinum (aðallega úr hákörlum) sem eru rík af virku, nýtanlegu og uppbyggilegu kondrótíni, kollageni og kalki og reynslan hefur sýnt að það er að hjálpa fjölmörgum sem finna fyrir eymslum í liðum, þá sérstaklega hnjám og mjöðmum. Einnig er hægt að fá Nutrilenk Active og Nutrilenk Gel en öll eiga þessi efni það sameiginlegt að geta hjálpað til við að draga úr stirðleika og verkjum í liðum og vöðvum.

## Byggir upp, smyr og mýkir

Nutrilenk Gold hentar vel ef brjósk hefur orðið fyrir hnjaski og með reglulegri inntöku er hægt að viðhalda árangrinum. Grundvallaratriði er þó að brjóskeyðing sé ekki alger. Nutrilenk Active inniheldur hýalúronsýru sem „smyr“ stirða liði og hjálpar fólki sem þjáist af minnkandi liðvökva. Sumir taka það inn eitt og sér eða með Nutrilenk Gold. Nutrilenk Gel inniheldur kondrótín ásamt eucalyptus og engifer og er því bæði kælandi og getur dregið úr bólgum en það hentar bæði á auma liði og vöðva.

Nutrilenk Gold er mest selda liðbætiefnið á Íslandi en það getur hjálpað gegn brjóskvefsrýrnun sem virðist hrjá ótrúlega marga, hvort sem er vegna aldurs, álags eða slyss. Það hefur sýnt sig að þetta bætiefni getur breytt allri líðan og lífi fólks og það bætist stöðugt í hóp þeirra sem hafa öðlast nýtt líf.

## Finn ekki til og golfsveiflan í fínu lagi

Stefán Steinsen náði góðum bata með inntöku á Nutrilenk Gold:

Ég var búinn að gutla í innanhússbolta í nokkur ár og var farinn að finna til í vinstra hnénu. Það endaði síðan á því að ég þurfti að hætta þar sem verkurinn var farinn að vera það slæmur að ég gat ekki lengur skokkað. Ég fann fyrir verkjum, bólgnaði upp og svo fór ég að finna fyrir sama verk í golfsveiflunni þannig að á tímabili var ég orðinn hræddur um að golfið væri líka úr sögunni. Fór í röntgen og segulómun og niðurstaðan var sú að ég var kominn með slitgigt og brjóskið orðið mjög lélegt. Þá ákvað ég að kaupa mér Nutrilenk Gold og byrjaði að taka 4 töflur á dag fyrstu 3 mánuðina, síðan 3 eftir það. Finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Hef prófað að skokka og finn ekki til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.

## Byggingarefni brjóskvefs

Helstu innihaldsefnin í Nutrilenk Gold er kondrótín, kollagen og kalk en til þess að gera þessi innihaldsefni eins virk og kostur er, þá er það meðhöndlað með ensími (hvata) sem smækkar stóru mólekúlin og gerir það frásogunarhæft og virkt sem frábært byggingarefni fyrir brjóskvef. Að auki inniheldur Nutrilenk Gold C-vítamín, D-vítamín og mangan til að auka virkni efnisins sem mest.






Stefán Steinsen hefur góða reynslu af Nutrilenk Gold eftir að hann fékk slitgigt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Finn ekki lengur til í vinstra hnénu og hef ekki fengið verk í nokkra mánuði. Hef prufað að skokka og finn ekki til og eins er golfsveiflan í fínu lagi.
>
> Stefán Steinsen

Hver vill ekki geta sólað sig og notið matar og drykkjar í fríinu?



KAUP AUKA TILBOÐ

ÉG FER Í FRÍIÐ

Byggið upp líkama og húð fyrir fríið

**Astaxanthin** – íslenskt og öflugt: Byggir upp og vernda húðina gegn sterkum sólargeislum.

**Epla Cider** – lífsins elexír: Eflir meltingu, styður við lifrarstarsemi, jafnar blóðsykur og ýtir undir niðurbrot á fitu.




Fæst í flestum apótekum og heilsuhillum stórmarkaðanna

# Fara hringinn á vespum með stein frá Suður-Afríku

Systir ungs manns sem lést úr krabbameini málaði á steina sem ferðast nú um allan heim

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is





Haraldur og Ásmundur ferðbúnir með vespurnar og Robrock



Robrocks í Reynisfjöru.

Félagarnir Haraldur Egilsson og Ásmundur Páll Hjaltason lögðu af stað í heldur óvenjulega hringferð kringum landið í vikunni. Þeir eru á litlum 50 cc kínverskum vespum sem ná ekki meiri hraða en 45-50 kílómetrum á klukkustund. Með í för er steinn frá Suður-Afríku handmálaður af systur manns sem lést úr krabbameini langt fyrir aldur fram. Hans helsti draumur var að ferðast um heiminn.

„Við ákváðum að fara þessa hringferð til að sýna fólk að það væri alveg hægt að hafa gaman af lífinu og leika sér og fíflast aðeins. Þrátt fyrir að eiga að heita fullorðnir menn þá er allt í lagi að vera smá vitleysingur annað slagið. Nokkrum dögum áður en við leggjum af stað þá fæ ég þennan stein í hendurnar,“ segir Haraldur.

Steinninn gengur undir nafninu Robrocks. Saga hans er sú að ungur maður í Suður-Afríku sem hét Robert McEwan lést úr hvítblæði aðeins 26 ára gamall eftir nokkurra ára baráttu. „Hann var mikill húmoristi og góður strákur,“ segir Haraldur. „Til að heiðra minningu hans og leyfa honum að flakka um heiminn, sem hann fékk aldrei tækifæri til, þá ákvað systir hans að mála nokkra steina. Ég held að það séu svona 15-20 steinar í umferð en hún gerði 10 steina til að byrja með.“

### Steinninn er alltaf á ferðalagi

Steinarnir eru lakkaðir og aftan á þeim eru skilaboð sem eru eitthvað á þá leið að ef steinninn finnst skal finnandi taka mynd af sér með honum og setja á Instagram með myllumerkinu #robrocks. „Þú getur svo ferðast með steininn og tekið nokkrar myndir og skilið hann eftir og sá næsti sem finnur hann gerir það sama. Þannig er steinninn alltaf á ferðalagi,“ útskýrir Haraldur.

Haraldur fékk steininn sendan til sín frá Suður-Afríku. Konan hans er þaðan og frænka hennar fann steininn og vildi senda hann til Íslands. „Þannig endaði hann hjá mér. Ég póstaði mynd af mér með steininum og fjölskylda Roberts var mjög ánægð með það. Þetta er fyrsti steinninn sem ratar til Íslands.“

Haraldur og Ásmundur ákváðu að nýta hringferðina og vekja athygli á krabbameini. „Við komum þess vegna við á öllum helstu ferðamannastöðum landsins og tökum mynd af Robrocks,“ segir Haraldur.

Haraldur segir það alls ekki auðvelt að keyra hringinn á vespunum. Hugmyndin kom fyrst upp í gríni og fólki fannst hún algjör vitleysa. „En svo förum við að hugsa hvort við gætum gert þetta í alvöru. Við erum sem betur fer með dygga stuðningsmenn heima sem hvöttu okkur áfram. Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, sagði að ef einhver gæti farið hringinn á 50 cc vespum þá værum það við. Þannig að við bara létum vaða og lögðum af stað,“ segir Haraldur hlæjandi og bætir við að þeir félagar séu Jóni Birni mjög þakklátir fyrir stuðninginn.

### Fara upp brekkur á 30 kílómetra hraða

Haraldur og Ásmundur reikna með að klára hringinn á einni viku. „Við reynum að keyra ekki nema svona 4-5 tíma á sólarhring. Þá helst á nóttunni þegar umferð er lítil. Vespurnar fara hægt áfram. Í sumum brekkum ná þær varla upp í 30 kílómetra hraða. Ef það er mótvindur þá liggur við að við þurfum að labba,“ segir Haraldur. Þeir útbjuggu vespurnar með hliðartöskum og verkfærakistum með ýmsum varahlutum. Þeir ferðast bara með það allra nauðsynlegasta. Lítið tjald. Litla svefnpoka og lítinn prímus. Planið er að vera komin aftur til Neskaupstaðar fyrir rokkhátíðina Eistnaflug.

„Við erum með Eistnaflugsfánana á hjólunum. Við erum svona að minna fólk á eina stærstu og bestu rokkhátíð á Íslandi. Þeir létu okkur hafa gul vesti svo við myndum sjást almennilega og það er alveg að skila sér. Þannig að við erum að þykjast vera rokkarar líka, ekki bara vitleysingar,“ segir Haraldur hlæjandi.

Þegar heim er komið mun leiðir þeirra Haraldar, Ásmundar og Robrocks skilja. „Hann fær að vera með okkur á Eistnaflugi en þar ætla ég að finna einhvern sem vill taka við honum og halda ferðalaginu áfram. En hver veit, kannski hittir maður hann seinna á flakki og tekur hann með sér. Mér finnst þetta alveg æðisleg hugmynd. Við þekkjum öll einhvern sem hefur glímt við krabbamein. Það er mjög mikilvægt að vekja athygli á þessum sjúkdómi,“ segir Haraldur að lokum.



Robrocks við fossinn Gljúfrabúa.

Hægt er að fylgjast með ferð þeirra félaga í Facebook-hópnum Hringurinn.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.790 kr.*
KJÚKLINGUR Í ANANASSÓSU
SVÍNAKJÖT Í KUNG PAOSÓSU
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
*tekið með heim – 2.100 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið virka daga
kl. 11:00 - 22:00
Helgar
kl. 16:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626

KALKA sorpeyðingarstöð sf.

*Kalka sorpeyðingarstöð er í eigu sveitarfélaga á Suðurnesjum. Tilgangur fyrirtækisins er að reka móttöku-, flokkunar- og eyðingarstöð Kölku í Helguvík. Brennslugeta Kölku er um 12.300 tonn af úrgangi á ársgrundvelli. Stöðin er búin fullkomnum hreinsunarbúnaði sem sér til þess að mengun frá stöðinni sé haldið í lágmarki og í samræmi við lög og reglugerðir um sorpeyðingu. Hjá Kölku starfa að jafnaði um 17 einstaklingar í fullu starfi, ásamt starfsfólki í hlutastörfum. Verksmiðjan er starfrækt allan sólarhringinn, alla daga ársins.*

***Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á www.kalka.is***

# Framkvæmdastjóri

Stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. óskar eftir að ráða öflugan og framsýnan framkvæmdastjóra til starfa.

**Helstu viðfangsefni:**

- Umsjón með daglegum rekstri
- Samningagerð og eftirfylgni
- Áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Samskipti við stjórnsýslu- og umhverfissvið sveitarfélaganna
- Ábyrgð á grænu bókhaldi stöðvarinnar
- Leit og greining nýrra viðskiptatækifæra
- Samskipti við stjórn og framfylgd á stefnumótun stjórnar
- Samfélags- og umhverfismál

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af stjórnun og fyrirtækjarekstri
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Metnaður til að ná árangri
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Þekking eða reynsla af umhverfis- og sorphirðumálum er kostur
- Þekking eða reynsla af breytingastjórnun er kostur

*Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) í síma 512 1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2019. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta - Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími: 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




# Regulatory Specialist – R&D

The Regulatory Specialist is a part of the Process Management team in Research & Development (R&D) and works closely with cross functional groups in various R&D locations to ensure regulatory compliance throughout the product development lifecycle of Össur's medical devices.

## RESPONSIBILITIES

- General adviser for the regulatory and normative landscape relevant to the design and development activities;
- Guide and coach product development teams on applicability of regulatory requirements throughout product development.
- Advise development teams on the establishment and maintenance of product technical files;
- Contribute as a regulatory expert to the development and maintenance of internal R&D processes;
- Participate actively to design review as regulatory adviser;
- Review and approve documents forming the product technical files;
- Participate in internal and external audits and inspections;
- Support preparation of submissions and technicial dossiers for market registration and clearance activities;
- Monitor relevant regulations and standards applicable to design and development activities of medical devices.

## QUALIFICATIONS & SKILLS

- University Degree in Engineering, Life Sciences or similar;
- 3 to 5 years minimum work experience in the medical device industry;
- Preferred 1 - 3 years as direct contributor and collaborator in medical device development;
- Working knowledge of ISO 13485, FDA Title 21 CFR Part 820, Medical Devices Regulations (EU) and ISO 14971;
- Preferred knowledge of IEC 62304, IEC 62366 and IEC 60601-1.
- Demonstrated effectiveness at communicating (oral and written, especially English) and influencing across functional, technical and organizational boundaries;
- Ability to manage multiple projects simultaneously to ensure timely, on-budget execution of tasks;
- Strong leadership and teamwork skills.

Application period ends July 15th, 2019.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources +354 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ

2018 The strongest in Iceland

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3700 employees in over 25 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM



# Viltu vera með?

## Lyfjafræðingur

**Lyf & heilsa óskar eftir lyfjafræðingum til fjölbreyttra starfa í apótekum okkar á höfuðborgarsvæðinu.**

### Lyfsöluleyfishafi

Lyfjafræðingur óskast til að veita forstöðu einu apóteka okkar á höfuðborgarsvæðinu.

***Starfssvið*** Í starfinu felst, auk daglegrar stjórnunar apóteksins, fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

***Hæfniskröfur*** Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

### Lyfjafræðingur

***Starfssvið*** Í starfinu felst fagleg ábyrgð á afgreiðslu lyfja samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsölu.

***Hæfniskröfur*** Ef þú hefur háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi, brennandi áhuga á þjónustu, ert jákvæður og opinn einstaklingur, þá gætum við verið að leita að þér.

***Upplýsingar um störfin veitir Guðbjörg Stefánsdóttir, rekstrar- og mannauðsstjóri, gudbjorgs@lyfogheilsa.is“***

***Fyrir bæði störfin skal senda umsókn merkta „lyfjafræðingur“, ásamt ferilskrá á starf@lyfogheilsa.is fyrir 19. júlí.***

***www.lyfogheilsa.is***

*Lyf & heilsa er framsækið þjónustufyrirtæki með starfsemi víðsvegar um landið. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu á sviði heilsu, heilbrigði og lífsgæða.*

**Lyf & heilsa** *Við hlustum!*

PIPAR\TBWA · SÍA · 190093

---

## Embætti ráðuneytisstjóra

Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra í mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 8. júlí 2019**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

---



## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Fjölbreytt og skemmtileg störf í boði.**

**Hjá leikskólum bæjarins** er óskað eftir aðstoðarleikskólastjóra, matráð, sérkennurum, þroskaþjálfa og deildarstjóra.

**Í grunnskólum Kópavogs** er óskað eftir umsjónarkennurum á miðstig og frístundaleiðbeinendum í félagsmiðstöðina Pegasus.

**Á velferðasviði** er óskað eftir starfsfólki í félagslega heimaþjónustu og þroskaþjálfa í þjónustuíbúðir.

**Allar nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu okkar www.kopavogur.is.**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

---

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Garðaskóli**
- Íþróttakennari vegna forfalla

**Íþróttamiðstöðvar Garðabæjar**
- Starfsmaður í Ásgarð
- Starfsmaður í Breiðumýri
- Starfsmaður í Mýrina

**Móaflöt – skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni**
- Starfsmenn
- Yfirþroskaþjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

**GARÐABÆR**
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# Verkefnastjóri í viðskiptaþróun

EIK FASTEIGNAFÉLAG

Eik fasteignafélag leitar að skipulögðum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði, metnaði og framúrskarandi samskiptahæfileikum til að sinna starfi verkefnastjóra á viðskiptaþróunarsviði.

Umsóknarfrestur
**16. júlí 2019**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/14113**

**Starfssvið:**
- Þróun nýrra viðskiptatækifæra.
- Mótun umhverfisstefnu Eikar og umhverfismál.
- Samskipti við hagaðila.
- Skilgreining stefnumarkandi verkefna með faglegum hætti.
- Undirbúningur afmarkaðra verkefna, gerð verkefnisáætlana, skipulagning, framkvæmd og lúkning.
- Greiningar.
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Meistaranám í verkefnastjórnun (MPM) æskilegt.
- Reynsla í verkefnastjórnun nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi.
- Lausnamiðuð hugsun.
- Mjög góð tölvukunnátta.

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með rúmlega 300 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 450 talsins í yfir 600 leigueiningum. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista Nasdaq Iceland.

Gildi Eikar eru, áreiðanleiki, fagmennska, frumkvæði og léttleiki.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_




## FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Isavia leitar að öflugum og reyndum leiðtoga til að stýra fjármálasviði fyrirtækisins. Starfið er bæði umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem býr yfir færni á sviði fjármálastjórnunar og samskipta. Gerð er krafa um háskólapróf á sviði, fjármála, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er hluti af framkvæmdastjórn, vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn að því að framfylgja stefnu og ná rekstrarmarkmiðum félagsins.

Umsjón með ráðningu hefur Capacent. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Garðar Hjaltason, **hilmar.hjaltason@capacent.is**, og Auður Bjarnadóttir, **audur.bjarnadottir@capacent.is**.

**Meðal verkefna framkvæmdastjóra eru**
- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins
- Reikningshald og uppgjör fyrir samstæðu
- Fjármögnun og áhættu- og lausafjárstýring
- Umsjón með greiningum og rekstrarupplýsingum
- Miðlæg innkaupaþjónusta
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

Capacent_

UMSÓKNARFRESTUR:
**14. JÚLÍ**

UMSÓKNIR:
**CAPACENT.IS**

isavia

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is

## Viðgerðamenn vélamenn og bílstjórar

Suðurverk hf óskar eftir að ráða vegna framkvæmda fyrirtækisins:

Viðgerðamenn með staðgóða þekkingu á bilanagreiningu vinnuvéla

Vélamenn með haldgóða reynslu af stjórnun vinnuvéla

Bílstjóra með meirapróf

**Upplýsingar veittar hjá Dofra í síma 892-0067.**

Umsóknir skulu berast á skrifstofu okkar að Hlíðasmára 6 eða sendar á netfangið sudurverk@sudurverk.is

SUÐURVERK

## STARFSKRAFTUR Á SKRIFSTOFU

**Vinnutími: 4 tímar eftir hád, 4 daga í viku**
Vinnan felst í að svara fyrirspurnum á netpósti, reikna út verð í formúlu, raða bókhaldi, vinna auðlærða heimasíðuvinnu og fleira sem til fellur.

**Hæfniskröfur**
- Að hafa kunnáttu á Excel og DK bókhaldsforrit.
- Að hafa bílpróf.
- Að vera skapgóður, nákvæmur, vel skrifandi á íslensku og góður í mannlegum samskiptum.

Kunnátta á Illustrator og Photoshop er stór plús en ekki nauðsynleg.
Skrifhæfni á ensku er mjög æskileg.

Umsóknir skulu berast á **motif@motif.is** fyrir 1. ágúst.
Starf hefst 1. september.

motif
AUGLÝSINGAVÖRUR
Bæjarhrauni 12 220 Hafnarfirði

## Stéttafélagið
stettafelagid.is

### Tæknimaður

**Stéttafélagið ehf. óskar eftir tæknimanni til starfa.**
Verkefnin eru fjölbreytt, s.s. GPS mælingar með Trimble GSM rover, magnútreikningar, aðstoð við tilboðsgerð og uppgjör, ofl..

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tækni- eða verkfræði er æskileg.
- Reynsla af GPS mælingum er kostur, en ekki skilyrði.

Umsækjandi sem til greina kemur, getur hafið störf strax.

Umsóknir sendist með ferilskrá á elvar@stettafelagid.is

ÍAV 1954 2019 65

## OKKUR VANTAR FLEIRI Í HÓPINN Á VÉLAVERKSTÆÐI ÍAV
## WE WANT MORE TO JOIN OUR GROUP AT THE IAV WORKSHOP



ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins sem hefur starfað samfleytt frá 1954 á öllum sviðum byggingariðnaðarins.

Við sýnum fagmennsku í verki og byggjum á áratuga reynslu á öllum sviðum við mannvirkjagerð.

Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla einstaklinga sem sýna frumkvæði og fagmennsku í verki og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Hjá okkur starfa yfir 300 manns með mikla færni og við erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.

Starfsmannafélag ÍAV rekur öflugt félagsstarf með fjölda viðburða á hverju ári ásamt því að leigja út bústað í Grímsnesi og íbúð á Akureyri.

Við leggjum áherslu á öflugt skipulag og verkefnastjórnun, góðan undirbúning verkefna sem skilar sér í ánægðum viðskiptavinum.

ÍAV er eina verktakafyrirtækið á Íslandi sem hefur bæði ISO 9001 gæðavottun og OSHAS 18001 öryggisvottun.

### ÍAV óskar eftir starfsmönnum á vélaverkstæði

ÍAV óskar eftir að ráða vél- og bifvélavirkja á verkstæði félagsins í Reykjanesbæ.

Starfið fellst meðal annars í almennum viðgerðum og viðhaldi á bifreiðum og vinnuvélum ÍAV.

ÍAV er með vel á þriðja hundrað bifreiðar og vinnuvélar í daglegum rekstri.

Verkstæði okkar á Holtsgötu í Reykjanesbæ er vel búið og þar starfar samheldinn hópur með ástríðu fyrir vélum og tækjum

Hæfniskröfur og menntun:

- Sveinspróf í vélvirkjun eða bifvélavirkjun
- Vinnuvélaréttindi er kostur
- Þekking, reynsla og sjálfstæði í starfi
- Reglusemi og stundvísi

***Nánari upplýsingar veitir Heiðar Jón Heiðarsson í síma +354 693 4222 eða Þórmar Viggósson í síma +354 660 6225. Umsóknum skal skilað á vefinn www.iav.is. Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um. Umsóknarfrestur er til 2. ágúst.***

### ÍAV is looking for a mechnic

ÍAV wishes to hire a mechanic for machine and vehicle repair work in the company's workshop in Reykjanesbær.

The work includes, among other things, general repairs and maintenance of vehicles and machines at ÍAV.

ÍAV has well over two hundred vehicles and machines in daily operation.

Our workshop at Holtsgata in Reykjanesbær is well equipped and employs a cohesive group of mechanics with a passion for machinery and equipment.

Skills Requirements and Education:

- Certificate in mechanics or motor vehicle engineering
- Machine operation license is an advantage
- Knowledge, experience and independence at work
- Dependability and punctuality

*For further information please contact Heiðar J Heiðarsson, tel. +354 693 4222 or Þórmar Viggósson, tel. +354 660 6225*
*Applications must be submitted on the website www.iav.is. We encourage both women and men to apply. The deadline for applications is August 2.*

***We realise ideas***

FÆRNI | FRUMKVÆÐI | FAGMENNSKA

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 | OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | www.iav.is

MEN&MICE

# Changing the way the world ***sees*** networks



Men & Mice software solutions boost business efficiency and growth by helping enterprises manage and monitor network spaces wherever they're hosted, across platforms and on-premises, in the cloud or in hybrid or multi-cloud environments.

We are looking for team players who are reliable, motivated, dependable, detail-oriented and dedicated towards our goals.

## HEAD OF MARKETING

The Head of Marketing is responsible for the development, implementation and execution of global multi-channel marketing strategies, setting objectives and driving initiatives, building, leading and motivating an in-house team and network of trusted, reliable partners to support the success of Men & Mice's campaigns, business goals and growth.

### Skills and experience

› University degree that is applicable to the assignment
› Successful experience leading marketing teams
› A team player and excellent communications skills
› Proven leadership abilities
› International experience is a plus
› Fluency in English, verbally and written is necessary

## DIGITAL MARKETING SPECIALIST

The Digital Marketing Specialist is responsible for the integration of all digital channels, driving online efforts and creating a meaningful funnel from awareness to actual revenue. This covers pretty much every digital channel – from website, social media, email, online advertising, SEO, SEM, etc. – as well as analyzing the effectiveness of each campaign, articulating the results, and focusing efforts on those campaigns that are most valuable.

### Skills and experience

› University degree that is applicable to the assignment
› Successful digital marketing experience
› Good analytical skills
› A team player, good social and communication skills
› International experience is a plus
› Fluency in English, verbally and written is necessary

**The closing date for applications is July 22, 2019.**

Further information can be provided by Thordur S. Oskarsson (thordur@intellecta.is) at Intellecta, tel + 354 511 1225.
All applications are strictly confidential and will be answered.
Applications should be completed on www.intellecta.is. Please attach a CV with an introduction letter.

**MEN & MICE**

Men & Mice is an established software company founded in 1990.
Customers include Microsoft, Intel, Intuit, Xerox, IMF, Sprint, Unilever, T-Mobile and FedEx.

menandmice.com

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Deildarstjóri heimaþjónustu í efri byggð

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts leitar að kraftmiklum stjórnanda til að leiða og efla samþætta heimaþjónustu í Breiðholti, Árbæ, Grafarholti, Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Þjónustan er veitt á daginn, á kvöldin og um helgar og samanstendur af félagslegri heimaþjónustu, heimahjúkrun og endurhæfingu í heimahúsi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og ábyrgð á rekstri samþættrar heimaþjónustu í efri byggð
- Leiða áframhaldandi þróun þjónustunnar í samstarfi við aðra sem koma að rekstri heimaþjónustu hjá Reykjavíkurborg
- Ábyrgð á starfsmannamálum og framkvæmd starfsmannastefnu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Haldgóð þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af stjórnun á sviði öldrunarþjónustu s.s. hjúkrunarþjónustu er æskileg
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og leiðtogahæfni
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Sólveig Reynisdóttir
í síma 664-7720 eða solveig.reynisdottir@reykjavik.is

## Umsóknarfrestur er til 24. júlí nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á **www.reykjavik.is/storf**

VIRÐING • VIRKNI • VELFERÐ

---

## Embætti **skólameistara** Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

Umsóknarfrestur er til og með
**1. september 2019**

**Stjórnarráð Íslands**
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

---

SUZUKI

## STARFSMAÐUR ÓSKAST Á MÓTORHJÓLAVERKSTÆÐI SUZUKI

Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling á Mótorhjólaverkstæði Suzuki.

**Hæfniskröfur:** almennur áhugi og þekking á mótorhjólum, utanborðsmóturum og fjórhjólum eða reynsla sem nýtist í starfi.

Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 12. júlí á netfangið stefan@suzuki.is**

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17 • 108 Reykjavík • 568 5100

---





*Bjarg íbúðafélag er sjálfseignarstofnun stofnuð af ASÍ og BSRB. Félagið er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Félagið vinnur nú að byggingu 1400 íbúða víðs vegar um land.*

# UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

**Um starfið**

Bjarg íbúðafélag leitar að starfsmanni til að sinna spennandi verkefnum á sviði fasteignaumsjónar. Í boði er áhugavert starf á krefjandi og skemmtilegum vinnustað.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Húsasmiður, húsasmíðameistari eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á framkvæmdum og viðhaldi
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun
- Góð samskiptahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvuþekking

**Starfssvið**

- Viðhald fasteigna
- Samskipti við verktaka
- Eftirlit með byggingaframkvæmdum

Umsókn um starfið skal skila á **bjorn@bjargibudafelag.is** fyrir 16. júlí.

BJARG
ÍBÚÐAFÉLAG




# Tálknafjörður

## – fjölbreytt mannlíf og blómstrandi atvinnulíf

Tálknafjörður er afar fallegur fjörður sem þekktur er fyrir einstaka veðurblíðu. Íbúarnir eru miklir íþróttaálfar og þorpið státar af glæsilegri íþróttamiðstöð með tækjasal, 25m sundlaug og ótal skipulögðum íþróttatímum. Atvinnulífið er í miklum blóma og uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu á svæðinu býður upp á mikil tækifæri. Næg leikskólapláss og sérlega hagstæð leikskólagjöld.

## Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar

### Arctic Fish

Við leitum að **vélstjóra** til starfa við sjóeldið okkar í Patreksfirði og Tálknafirði. Aðalverkefni eru viðhald og umsjón véla í bátum okkar og fóðurprömmum ásamt daglegum störfum og tilfallandi verkefnum þegar þess gerist þörf. Vinnudagurinn er að jafnaði kl. 7–16 en umsækjendur þurfa að vera sveigjanlegir varðandi fyrirkomulagið.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Vélstjórnarréttindi að lágmarki 750kW og <24m
- Stundvísi, skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Við leitum líka að starfsmönnum til að **starfa við sjóeldi**. Starfið felur í sér ýmis verkefni, s.s. fóðrun, daglegt eftirlit og önnur verkefni við kvíahringi og fóðurpramma. Umsækjendur þurfa að geta verið sveigjanlegir varðandi skipulag vakta og vinnutíma, en miðað er við að vinna á sjö daga vöktum og frí í sjö daga.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stundvísi, frumkvæði og metnaður í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi eru æskileg
- Reynsla úr fiskeldi er kostur
- Þekking eða reynsla á uppsetningu verkferla og vinnuferla í sjókvíaeldi er kostur
- Góð tölvukunnátta og þekking á eldishugbúnaði er æskileg
- Áhugi á líffræði, búskap og dýravelferð og skilningur á mikilvægi heilbrigðs umhverfis í fiskeldi

Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um! Umsóknir sendist til Kristínar Hálfdánsdóttur, skrifstofustjóra Arctic Fish á kh@afish.is. Umsókn skal innihalda stutta starfsferilskrá auk kynningarbréfs.

Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2019.

### Tálknafjarðarskóli

Tvær stöður **umsjónarkennara** á yngsta stigi og unglingastigi (50-100% starf). Fjölbreytt og skemmtileg störf sem fela m.a. mögulega í sér list- og verkgreinakennslu.

**Stöður stundakennara** (10–40% starfshlutfall). List- og verkgreinar og kennsla/umsjón í upplýsingatækni. Áhersla lögð á samþætt verkefni þvert á námsgreinar.

Nánar um menntunar- og hæfniskröfur á talknafjardarskoli.is. Senda skal umsókn og ferilskrá á netfangið skolastjori@talknafjordur.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2019.

### Tálknafjarðarhreppur

Hlutastarf við **heimaþjónustu**, 6–8 tímar á viku. Í starfinu felast þrif og aðstoð á heimilum eldri borgara.

Starfsmaður til að sinna **félagsmiðstöð** unglinga u.þ.b. tvö kvöld í viku.

Nánari upplýsingar veitir Arnheiður Jónsdóttir félagsmálastjóri í síma 450 2300.

Umsóknum er hægt að skila í netfangið arnheidur@vesturbyggd.is eða á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps. Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2019.

### Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar

Starfsfólk í **sundlaugarvörslu** á dag-, kvöld- og helgarvöktum frá og með 20. ágúst nk.

Starfið felst í almennri afgreiðslu og þrifum auk eftirlits með sundlaug og íþróttahúsi. Æskilegt er að viðkomandi tali a.m.k eitt erlent tungumál, sé þjónustulundaður og ekki er verra að hafa dálítið frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 846 4713 eða í sundlaug@talknafjordur.is. Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2019.

ArcticFish

Tálknafjarðarhreppur - sími: 450 2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Tálknafjörður

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, kvenlækningadeild | Reykjavík | 201907/1341 |
| Starfsmaður í eldhúsi | Landspítali, meðferðargeðdeild | Reykjavík | 201907/1340 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, krabbameinslækningad. | Reykjavík | 201907/1339 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Landspítali, kviðarhols-/þvagf.skurðd. | Reykjavík | 201907/1338 |
| Sjúkraliði | Landspítali, krabbameinslækningad. | Reykjavík | 201907/1337 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, krabbameinslækningar | Reykjavík | 201907/1336 |
| Skólameistari FVA | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Akranes | 201907/1335 |
| Táknmálskennari | SHH | Reykjavík | 201907/1334 |
| Táknmálstúlkur | SHH | Reykjavík | 201907/1333 |
| Sálfræðingur | Heilsugæslan Hvammur | Kópavogur | 201907/1332 |
| Sálfræðingur barna | Heilsugæslan Hvammur | Kópavogur | 201907/1331 |
| Nýdoktor | Háskóli Íslands, lyfjafræðideild | Reykjavík | 201907/1330 |
| Sjúkraliðar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201907/1329 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201907/1328 |
| Prestur í Fossvogsprestakalli | Biskupsembættið | Reykjavík | 201907/1327 |
| Sérfræðingur við Barnahús | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201907/1326 |
| Starfsmaður á skurðstofu | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201907/1325 |
| Sjúkraliði á bráðamóttöku | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201907/1324 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201907/1323 |
| Lektor í upplýsingafræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201907/1322 |
| Lektor í klínískri lyfjafræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201907/1321 |
| Starfsmenn í þjónustudeild | Landspítali, rekstrarsvið | Reykjavík | 201907/1320 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, göngudeild 10E | Reykjavík | 201907/1319 |
| Umsjónarmaður dreifnáms | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Hólmavík | 201907/1318 |
| Skjalastjóri | Biskupsembættið | Reykjavík | 201907/1317 |
| Sjúkraflutningamaður | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Fjallabyggð | 201907/1316 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Fjallabyggð | 201907/1315 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201907/1314 |
| Hjúkrunarfræðingur geðheilsut. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201907/1313 |
| Áfengis- og vímuefnaráðgjafi | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201907/1312 |
| Prestur í Breiðholtsprestakall | Biskupsembættið | Reykjavík | 201906/1281 |

## Þú finnur draumastarfið á job.is



Kennsla



Heilbrigðisþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is

---

REIR VERK

## Bílstjóri óskast til starfa

**Reir Verk óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa.**
Um er að ræða framtíðarstarf við keyrslu á sendibíl og vörubíl með bílkrana.

**Hæfniskröfur**
- Meirapróf með réttindi á bílkrana
- Stundvísi
- Jákvæðni og góð samkiptahæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 20. júlí** og senda skal umsóknir með ferilskrá á arni@reir.is

---

Brammer Ísland

## Sölu- og þjónustufulltrúi í verslun Brammer

**Helstu verkefni:**
- Sala og afgreiðsla í verslun
- Þjónusta og ráðgjöf
- Slöngusmíði
- Vöruþróun, innkaup og val á söluvarningi

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sambærilegu starfi eða í iðngrein
- Iðnmenntun kostur
- Þjónustulund og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði
- Hæfileikar til að geta unnið undir álagi
- Áhugi á sölumennsku
- Þekking á iðnaðarvörum mikill kostur

Nánari upplýsingar er að finna í auglýsingu fyrirtækisins á **www.alfred.is** en þar geta áhugasamir sótt um starfið fyrir

---

## SMÍÐAVERK ehf.

**Íslensk smíðaverks snilli**

Smíðaverk ehf óskar eftir

### Húsasmiðum

Viðkomendur þurfa að vera með víðtæka reynslu og geta unnið sjálfstætt.

Smíðaverk ehf var stofnað 2001 og hefur unnið að fjölbreyttum verkum allt frá viðhalds og þjónustaverkefnum upp í nýbyggingar.

Umsóknir óskast sendar á hilmar@smidaverk.is

---

## Þarftu að ráða?

Hið ógilda vegabréf og handtökuskipunin hafa aftur á móti reynst Kanter fjötur um fót þegar kemur að keppnisferðalögum. Í janúar síðastliðnum átti Kanter að ferðast til Lundúna með þáverandi liði sínu, New York Knicks, til þess að leika við Washington Wizards.

Kanter gat hins vegar ekki ferðast með liðinu. Knicks sögðu það vegna þess að illa gengi að fá vinnuleyfi fyrir leikmanninn en því var Kanter ekki sammála. „Þetta snýst ekkert um vinnuleyfi. Knicks munu ekkert segja að ég eigi á hættu að vera drepinn. Þeir tala bara um vinnuleyfi svo þetta hafi ekki áhrif á samherja mína. Ég hef raunverulegar áhyggjur af öryggi mínu.“

Kanter gat ekki heldur ferðast til Kanada í febrúar til þess að keppa við nýkrýnda meistara, Toronto Raptors. Bandarískir miðlar fjölluðu um ástæðuna í kringum leikinn en Kanter hafði þá sagt við NBCS að Tyrkir hefðu í janúar sett nafn sitt á lista hjá Interpol. Hann mætti því eiga von á handtöku. „Ég get ekki sinnt vinnunni minni vegna eins einræðisherra. Það er ákaflega sorglegt,“ sagði Kanter.

ÉG ER ÁN RÍKISFANGS EINS OG ER. EN ÉG ER OPINN FYRIR ÞVÍ AÐ VERÐA BANDARÍSKUR RÍKISBORGARI.


1. SEPTEMBER Í ELDBORG
raggi
bjarna
85
EILÍFÐAR TÖFFARINN RAGGI BJARNA FAGNAR
85 ÁRA AFMÆLI ÁSAMT GÓÐUM GESTUM Í HÖRPU
KATRÍN HALLDÓRA · LAY LOW · EYÞÓR INGI · PÁLL ÓSKAR
ÞORGEIR ÁSTVALDS · ÓMAR RAGNARSSON OG FLEIRI
MIÐASALA Í MIÐASÖLU HÖRPU, Í SÍMA 528-5050 OG Á TIX.IS

# Var fáránlega hræddur við allt

Niklas Natt och Dag stendur með pálmann í höndunum eftir útkomu fyrstu skáldsögu sinnar 1793 sem komin er út á íslensku. Hlustaði á íslenskt lag eftir meðlim SigurRósar meðan hann skrifaði framhaldsbókina 1794.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





Hvað varðar væntingar: þær koma mér ekki við, segir Niklas Natt och Dag sem er af aðalsættum og ber eftirminnilegt ættarnafn. MYND/GABRIEL LILJEVALL

Frumraun sænska rithöfundarins Niklas Natt och Dag er 1793, grípandi og hrollvekjandi söguleg skáldsaga um hroðalegan glæp. Aðalpersónurnar Mickell Cardell og Cecil Winge rannsaka viðurstyggilegt morð í Svíþjóð árið 1793. Aðrar aðalpersónur eru ólánsamur ungur maður og saklaus stúlka sem þarf að þola skelfilegar raunir. Bókin hefur vakið gríðarlega athygli og rokselst. Hún er nú komin út í íslenskri þýðingu og óhætt er að gefa henni bestu meðmæli.

Blaðamaður náði tali af Niklas Natt och Dag og spurði hann af hverju hann hefði viljað skrifa skáldsögu. „Ég var einmana barn og leitaði félagsskapar og huggunar í bókum. Bækur brugðust aldrei, þær voru alltaf til staðar og það var hægt að treysta á þær," segir hann. Hann segist hafa náð sterku sambandi við höfunda þeirra verka sem hann las: „Skyndilega var ég í mjög nánum samskiptum við einhvern sem var í fjarlægð eða var dáinn en orðin sem hann hafði skrifað lifnuðu í höfði mér. Mér fannst blasa við að það að vera rithöfundur væri það stórkostlegasta sem hægt væri að verða, maður yrði um leið félagi þeirra sem ættu engan félaga. Ég óttaðist alltaf að ef ég byrjaði að skrifa myndi koma í ljós að þessi draumur minn gæti ekki ræst. Svo ég beið í langan tíma, varð blaðamaður og fann mér skapandi farveg í um fimmtán ár. Eftir á að hyggja er ég feginn að ég beið. Það tók mig langan tíma að verða tilbúinn og ég þurfti á æfingunni að halda."

**Hryllingur samfélags**

Hann er spurður af hverju hann hafi ákveðið að láta sögusviðið vera Svíþjóð árið 1793. „Ég vildi láta söguna gerast eftir morðið á Gústafi III árið 1972. Ég fann nafn lítt þekkts lögreglustjóra, Johan Gustaf Norlin, sem fékk starfið í janúarmánuði 1793 en var rekinn í desember sama ár vegna þess að hann var sagður vera „heiðarlegur maður" – það var greinilega ekki talið æskilegt. Johan Gustaf er ástæðan fyrir því að 1793 varð fyrir valinu og í bókinni eru skáldaðar skýringar á falli hans."

Við lestur 1793 er ljóst að höfundurinn hefur lagt í mikla rannsóknarvinnu vegna verksins. „Ég las mikið bara til að hafa hversdagslegu hlutina rétta," segir Niklas. „Í langan tíma fór ég í hverja einustu fornbókaverslun í Stokkhólmi og keypti allt sem til var um þennan tíma. Þótt einkennilegt sé fólust erfiðleikarnir eftir það einkum í því að takmarka smáatriðin og halda eftir þeim réttu. Ef maður les sagnfræði finnur maður fjölmörg heillandi atriði sem virðist upplagt að setja í söguna en tekur svo eftir því að sagan fer að skjögra undir þunga allra þessara smáatriða. Ég komst líka að því að það er mikilvægt að kanna staðreyndir. Ég skrifaði til dæmis heilan kafla um brú sem ég sá á olíumálverki sem var sagt vera frá 1790 en komst síðan að því að brúarsmíðinni hefði ekki verið lokið árið 1793."

Skáldsagan er mjög ofbeldisfull, það tekur á lesandann að lesa þær frásagnir og Niklas er spurður hvort það hafi tekið á hann að skrifa þær. „Mér finnst ofbeldi skelfilegt og því á að lýsa þannig. Ofbeldið í 1793 á að endurspegla hrylling þess samfélags sem sagan lýsir og ég vona að lesandanum finnist það eiga rétt á sér og að ég hafi ekki farið yfir strikið. Það er aftökusena snemma í bókinni sem mörgum ofbýður en hún er forsenda fyrir siðferðilegu vali sem á sér stað í lok bókarinnar. Ekkert er þarna, vona ég, að ástæðulausu.

En sjálfur var ég fáránlega hræddur við nánast allt þegar ég var barn og vann úr þessum tilfinningum með því að lesa hryllingssögur. Ekkert í sögu minni kemur þeim á óvart sem hafa lesið Cormac McCarthy, de Sade, Dennis Cooper eða Samuel Delaney."



Sögusvið skáldsögunnar er Svíþjóð árið 1793. Niklas lýsir tíðaranda þessa tíma á magnaðan hátt.

**Sigur Rós og 1794**

Önnur aðalpersóna bókarinnar, Winge, er dauðvona en þó enn lifandi þegar bókinni lýkur. Niklas er spurður hvort hann ætli sér að skrifa framhald og í ljós kemur, lesendum væntanlega til mikillar gleði, að hann ætlar sér að skrifa þríleik. „Framhaldsbækurnar heita fremur fyrirsjáanlega 1794 og 1795. Hvað Winge varðar: Það er atriði í kvikmyndinni Misery, sem byggt er á skáldsögu Stephens King, þar sem Kathy Bathes fær æðiskast um eðli svokallaðra cliffhangers, þar sem aðalpersónan stefnir beint í dauðann en bjargast í næsta þætti á óskiljanlegan hátt. Ég er algjörlega sammála Kathy um þetta. En kannski á eftir að koma í ljós að Cecil Winge var bara skelfilega ímyndunarveikur og ég sjálfur loddari."

Miðað við velgengni 1793 liggur beint við að spyrja Niklas hvort honum finnist erfitt að fylgja þeirri bók eftir. Í ljós kemur að hann er nýbúinn að senda handritið að næstu bók til útgefanda síns. „Mér finnst ekki erfitt að skrifa, það er uppáhaldsiðja mín. Ferlið hefur hins vegar leitt í ljós að ég lærði alls ekkert af því að skrifa 1793. Ég lauk við fyrsta uppkastið að þessari nýju bók á sjö mánuðum og það tók mig aðra níu að endurskrifa og leiðrétta öll sömu mistökin og ég gerði í fyrsta uppkasti af 1793, hvað varðar flæði, þróun persóna og svo framvegis.

Hvað varðar væntingar: Þær koma mér ekki við. Það eina sem ég get gert er að skrifa það sem mér finnst vera gott og vona að einhverjum öðrum finnist það líka."

Í ljós kemur að það er sérstök tenging á milli Íslands og nýju bókarinnar 1794. „Ég var að hlusta á sænska útvarpsstöð og þar var verið að leika tónlist sem ég féll samstundis fyrir. Lagið heitir Teil I og er úr óperu sem Kjartan Sveinsson samdi og byggði á skáldsögu Halldor Laxness, Heimsljósi," segir Niklas. „Megnið af 1794 var skrifað með það lag í stöðugri endurspilun sem þýðir að ég hef hlustað á það í mörg hundruð klukkutíma. Kjartan var meðlimur í Sigur Rós í mörg ár og frá því ég heyrði fyrst í þeim hef ég verið mikill aðdáandi."

**Höfundur Ove bauð aðstoð**

Í eftirmála 1793 minnist Niklas á vin sinn, rithöfundinn Fredrik Backman, sem bauðst til að kosta útgáfu á skáldsögunni þegar svo virtist sem enginn útgefandi vildi gefa hana út. „Ég hætti að vinna sem sem blaðamaður í föstu starfi árið 2008 og varð lausamaður í blaðamennsku. Félagi minn sem vann fyrir annað blað hætti líka og varð lausamaður árið eftir. Við þekktumst dálítið og bárum gagnkvæma virðingu hvor fyrir öðrum og fengum þá hugmynd að reyna að finna vinnuherbergi sem við gætum deilt. Okkur fannst það vera góð hugmynd að komast út úr húsi, annars myndum við bara ganga um í sloppnum allan daginn, vera í tölvuleikjum og fresta allri vinnu þar til um miðja nótt þegar við værum búnir að gleyma öllum þjóðfélagsvenjum og farnir að missa vitið.




Dag nokkurn sagði vinur minn að hann væri byrjaður að skrifa skáldsögu, nokkuð sem ég vissi ekki að hann hefði látið sig dreyma um. Sú skáldsaga varð Maður sem heitir Ove, og seldist í milljón eintökum í Svíþjóð og var þýdd á um fimmtíu tungumál. Við héldum samt áfram að deila herbergi.

Þegar fyrsta uppkasti mínu af 1793 var alls staðar hafnað árið 2015, voru þrjár skáldsögur eftir Fredrik á sama tíma á metsölulista New York Times. Hann var fyrstur til að lesa það sem ég hafði skrifað og þegar staða mín virtist vonlaus þá bauðst hann til að kosta útgáfuna á 1793. Ef maður á slíkan vin þá er maður afar heppinn. Ég tók samt ekki við peningunum hans vegna þess að ég held að slík skuld geti haft neikvæð áhrif á vináttu, og svo vissi ég líka að ég hefði það ekki í mér að markaðssetja skáldsögu frá grunni. Hlutir þróuðust svo í aðra átt og það kom að því að ég fékk verðlaun fyrir að hafa skrifað mest seldu frumraun ársins og varð að koma að þessari athugasemd: 1793 er ekki einu sinni metsölubókin í mínu eigin vinnuherbergi."


Horfðu á
heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað
Internet
Netbeinir og WiFi
framlenging
Sjónvarps-
þjónusta
Ótakmarkaður
heimasími
+
Afþreying frá
Stöð 2
Uppsetning á interneti innifalin.
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun
eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
6. JÚLÍ 2019 LAUGARDAGUR



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Þorgeir Þorgeirsson**
læknir,

til heimilis í Hafnarfirði, lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold fimmtudaginn 20. júní. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. júlí klukkan 13.00.

**Bergur Þorgeirsson** — **Sigríður Kristinsdóttir**
**Lilja Þorgeirsdóttir** — **Björn Erlingsson**
**Finnur Þorgeirsson** — **Fey Teoh**
**Fjóla Þorgeirsdóttir** — **Baldur Bragi Sigurðsson**
**og barnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg S. Petersen**

lést á Droplaugarstöðum þriðjudaginn 2. júlí. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. júlí klukkan 15.00.

**Steinn Guðmundsson**
**Guðný Á. Steinsdóttir**
**Sigríður Steinsdóttir**
**Klara Steinsdóttir** — **Áki G. Karlsson**
**Hildur Friðriksdóttir**
**Steinn Friðriksson** — **Marta G. Blöndal**
**Steinn Rud Johnsson**
**Atli Gauti Ákason**
**Orri Steinn Ákason**
**Soffía Steinsdóttir Blöndal**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
**Klettaskóli, Suðurhlíð 9**, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**„Ég er búin að vasast í mörgu og held að það sé styrkur að hafa komið að ólíkum verkefnum,“ segir Guðríður Arnardóttir.**

# Kaldur kjúlli og Homeblest

## Guðríður Arnardóttir er nýskipaður skólameistari Menntaskólans í Kópavogi og heldur upp á það nú um helgina með gönguferð um Kerlingarfjöllin, ásamt eiginmanni sínum.

Við vorum nú búin að ákveða þetta fyrir löngu, hjónakornin, að fá okkur göngu og njóta landsins þessa helgi,“ segir Guðríður Arnardóttir. Hún er í óðaönn að pakka niður fyrir helgarferð í Kerlingarfjöll þegar henni er óskað til hamingju með skólameistarastöðuna við Menntaskólann í Kópavogi. Segir þau hjón nú ekki mikið í fjallaferðum en þó eiga jeppa sem fari yfir ár og vötn eftir því sem þurfi. „Við ferðumst frekar mikið og nú er kominn aftur sá kafli sem við erum bara tvö á ferðinni, því krakkarnir eru orðnir uppkomnir. Þá er nestið einfalt eins og við ólumst upp við, kaldur kjúklingur og Homeblest kex. Við erum að verða ung aftur!“

Spurð hvort hana hafi lengi langað að verða skólameistari svarar Guðríður: „Já, hugur minn hefur alveg staðið til þess í nokkur ár og ég hef haft augastað á Menntaskólanum í Kópavogi, mér finnst hann einn fjölbreyttasti framhaldsskóli landsins. Fyrir utan að vera almennur framhaldsskóli tilheyra Hótel- og veitingaskólinn, Leiðsöguskólinn og Ferðamálaskólinn honum og þar eru spennandi tækifæri. Ég er rótgróinn Kópavogsbúi og hef fylgst með skólanum sem bæjarfulltrúi, mér þykir vænt um hann og hlakka til að starfa með sterku liði fagfólks sem þar vinnur innan dyra. Er líka að taka við góðu búi.“

Guðríður segir skólann fullsetinn en nemendum hafi eðlilega fækkað í framhaldsskólum eftir styttingu námsins úr fjórum árum í þrjú og það sé áskorun að velta fyrir sér hvaða tækifæri felist í því. „Það er margt spennandi hægt að gera og ég er með fullt af hugmyndum sem ég mun fara yfir með kennarahópnum þegar við hittumst í ágúst. Það gerir enginn neitt einn.“

> **Ég er rótgróinn Kópavogsbúi og hef fylgst með skólanum sem bæjarfulltrúi, mér þykir vænt um hann og hlakka til að starfa með sterku liði fagfólks sem þar vinnur innan dyra.**

Miðað við ferilskrá Guðríðar hefur hún búið sig þokkalega undir þetta nýja embætti, bæði með námi og störfum. „Þetta er bara eitthvað sem ég hef pikkað upp á lífsins leið. Ég er búin að vasast í mörgu og held að það sé styrkur að hafa komið að ólíkum verkefnum. Hef unnið mikið í opinbera geiranum, verið kjörin fulltrúi og líka á almenna markaðinum. Þetta er nú í fyrsta skipti sem ég útbý svona formlega ferilskrá og þar tínir maður auðvitað allar skrautfjaðrir til, ég varð eiginlega hissa á hvað ég er búin að koma víða við.“

Guðríður hefur verið formaður og framkvæmdastjóri Félags framhaldsskólakennara síðustu fimm ár og kveðst hafa orðið innsýn í alla framhaldsskóla landsins gegnum það starf. Hún kenndi við Fjölbraut í Garðabæ og segir í gamansömum tón að grundvöllur sé að verða fyrir sérstöku félagi skólameistara sem eigi rætur þar. „Ég er FG-ingur, Már Vilhjálmsson, skólameistari Menntaskólans við Sund, kenndi í FG, líka Elísabet Siemsen, rektor Menntaskólans í Reykjavík, svo og Kristinn Þorsteinsson, núverandi skólameistari í FG. Þannig að þar er gróðrarstía fyrir stjórnendur!“

Nú ákveð ég að tefja Guðríði ekki lengur heldur óska henni góðrar ferðar í fjöllin og ákjósanlegs veður. Hún þakkar fyrir og bætir við: „Sem fyrrverandi veðurfréttamaður veit ég að það er ekki alltaf að marka veðurspána en hún lofar góðu.“ **gun@frettabladid.is**

### Ferill Guðríðar

Guðríður lauk B.Sc.-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands 1995 og uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda frá sama skóla árið 1997. Hún lauk diplómanámi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2002 og diplómagráðu á meistarastigi í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands árið 2015. Hún hefur auk þess lokið grunn- og framhaldsnámskeiðum í samningatækni frá Harvard háskóla.

Guðríður hefur starfað sem kennari á grunn- og framhaldsskólastigi og einnig sem hugbúnaðarsérfræðingur, veðurfréttamaður og markaðsstjóri. Hún hefur verið formaður og framkvæmdastjóri Félags framhaldsskólakennara frá árinu 2014 og er fulltrúi Íslands í ETUCE, Evrópusamtökum kennarafélaga. Þá var hún bæjarfulltrúi í Kópavogi árin 2006-2014 og formaður bæjarráðs Kópavogs 2010-2012. Hún var auk þess varaformaður stjórnar og fulltrúi í kjaranefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010-2014 og fulltrúi Íslands í samráðsvettvangi sveitarstjórnarfólks á vegum Evrópuráðsins.

# Leggur á djúpið eins og lærisveinarnir gerðu forðum

**Guðsþjónusta verður í Staðarkirkju í Grunnavík í mynni Jökulfjarða á morgun, sunnudag. Séra Magnús Erlingsson siglir frá Ísafirði ásamt organista og kirkjugestum með Ölveri ÍS og til baka um miðnætti annað kvöld.**



Séra Magnús Erlingsson sóknarprestur á siglingu úti á Djúpinu í sólskinsskapi.

Það er messað í Staðarkirkju í Grunnavík með nokkurra ára millibili, kannski svona á fjögurra ára fresti, þó er engin ákveðin hrynjandi í því. Það býr náttúrlega enginn þarna lengur en fólk dvelur þar stundum í sumarhúsum. Nú ætlar Átthagafélag Grunnvíkinga að standa fyrir guðsþjónustu þar á morgun, sunnudag," segir séra Magnús Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, sem sér um helgihaldið. Farið verður með Ölveri ÍS frá Ísafjarðarhöfn klukkan 15.30, að því er fram kemur á bb.is, og komið aftur um miðnætti. Séra Magnús upplýsir að um hálftímagangur sé frá ströndinni til kirkjunnar.

Jafnan er vel mætt þegar boðað er til messu í eyðibyggðunum fyrir vestan, að sögn séra Magnúsar. „Ég var um síðustu helgi með messu á Stað í Aðalvík, þar voru rúmlega sextíu manns. Kirkjan rúmaði það en það var setið í nánast öllum bekkjum. Það er þannig að þegar svona sjaldan er messað þá mætir fólk. Oft eru það félög sem standa að þessum helgistundum eða þær eru í tengslum við ættarmót og þá eru kirkjurnar fullar, jafnvel þó engir séu skráðir með búsetu í sókninni."

Aðalvík er hluti af friðlandi Hornstranda og þar er bara farið um fótgangandi, að sögn séra Magnúsar. „Þetta er bara gamli tíminn en það er orðinn mikill gróður á þessum stöðum. Í Aðalvík voru kirkjugestir vopnaðir sveðjum til að ryðja sér leið að kirkjunni gegnum kerfil og hvönn. En Staðarkirkja í Grunnavík stendur á mel. Aðalhvönnin þar er í kirkjugarðinum sem er svolítið frá kirkjunni og svo sækir kerfillinn á. Ég sá hann ekki þegar ég kom þarna fyrst."

Séra Magnús kveðst hafa verið sóknarprestur fyrir vestan síðan 1991. „Ég ætlaði að vera í eitt ár en er enn, það er svo gott að vera hérna." Hann kveðst oft hafa þjónað áður í eyðibyggðunum og telur það ekki eftir sér. „Ég sigli oft með sómabátum hér yfir Djúpið, legg á djúpið eins og lærisveinarnir gerðu forðum, í alls konar veðri, og geng með hempuna á bakinu til kirkju."

**Ég var um síðustu helgi með messu á Stað í Aðalvík, þar voru rúmlega sextíu manns. Kirkjan rúmaði það en það var setið í nánast öllum bekkjum.**

Það horfir vel með veður nú um helgina, en séra Magnús segir það ekki skipta hann máli. „Ég fer hvernig sem veðrið er, svo fremi sem skipstjórinn vill sigla. Það er stór bátur sem fer núna og þar er töluvert pláss. Með mér verður Kjartan Sigurjónsson sem var hér organisti fyrir mörgum árum. Hann ætlar að koma og spila á hið fótstigna harmóníum sem í kirkjunni er. Vonandi virkar það, en enginn veit það fyrr en komið er á staðinn."

Út af hverju ætlar hann svo að leggja í predikuninni? „Heyrðu, texti dagsins er sígild dæmisaga um tvo syni. Annar þeirra heimtar föðurarfinn fyrir fram, fer og sólundar honum, kemur svo heim aftur og faðirinn tekur hann í sátt og fyrirgefur honum."

Samkvæmt bb.is verður hægt að kaupa veitingar hjá Sigurrósu á Sútarabúðum sem verður með kökuhlaðborð og kaffi eftir messu. **gun@frettabladid.is**



## Fróðleikur um Stað í Grunnavík

- Staður í Grunnavík var prestsetur og kirkjustaður frá gamalli tíð. Kirkjan er helguð Maríu mey.
- Séra Pjetur Maack Þorsteinsson varð prestur á Stað árið 1884 en hann drukknaði á heimleið úr kaupstað 8. september 1892 skammt undan landi og er svipvindi kennt um.
- Kjartan Kjartansson tók við sem prestur. Hann byggði íbúðarhús í Sætúni. Kjartan var talinn fyrirmynd að sögupersónunni Jóni Prímusi í Kristnihaldi Halldórs Laxness.
- Jónmundur Halldórsson tók við af Kjartani árið 1918 og var prestur á Stað til 1954. Hann skrifaði dagbók um líf og starf í Grunnavík.
- Prestsetrið á Stað brann 1920 á sama tíma og séra Jónmundur jarðsöng menn sem fórust við leit að Sumarliða pósti Brandssyni er hvarf fram af hengibrún við Vébjarnarnúp rétt fyrir jól árið 1920.

*Heimild: Wikipedia*

ÞETTA GERÐIST: 6. JÚLÍ 1950

## Fyrsta landsmót hestamanna var sett

„Hafliði Másson og Þorgils Oddason og aðrir fornhöfðingjar, er söfnuðu fjölmenni til þingreiðar, myndu vafalaust kætast, ef þeir mættu líta upp úr gröfum sínum og sjá mannareið þá, sem verið hefir til Þingvalla síðustu dagana. Myndi þeim þykja sennilegt, að nú væru stórdeilur í landi, og drægju goðorðsmenn saman flokka." Svo hljóðaði umfjöllun Tímans frá 8. júlí 1950 um fyrsta landsmót hestamanna sem var sett á Þingvöllum þann 6. júlí 1950.

Til Þingvalla kom fjöldi fólks með úrvalsgæðinga og keppnishesta en mótið sjálft var haldið helgina eftir.

Alls voru sýnd 82 hross víðsvegar af landinu en stóðhesturinn Hreinn úr Skagafirði vann til fyrstu verðlauna í hópi stóðhesta og hlaut Sleipnisbikarinn. Eigandi hans var Hannes Stefánsson, bóndi að Þverá í Blönduhlíð. Knapi var Páll Sigurðsson.

Svala frá Núpi í Haukadal fékk fyrstu verðlaun í flokki hryssa.





✝

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**Hallbjörns Eðvarðs Þórssonar**

Stórhóli 29,
Húsavík.

**Helena Eydís Ingólfsdóttir**
**Hera Karin Hallbjörnsdóttir**
**Arna Júlía Hallbjörnsdóttir**
**Helga Hallbjörnsdóttir** **Eyjólfur Magnússon**
**Þór Ottesen Pétursson**
**og systkini.**



✝

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát eiginkonu minnar og systur,

**Grétu Sigríðar Haraldsdóttur**

Kórsölum 1.

Einnig færum við starfsfólki á deild 12G Landspítala sérstakar þakkir.

**Hrafnkell Þorvaldsson**
**Sigrún J. Haraldsdóttir**



✝

Móðir okkar, amma og langamma,

**Bergný Jóhannsdóttir**

frá Skriðufelli,

lést fimmtudaginn 13. júní.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Aðstandendur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hólmfríður S. Gunnlaugsdóttir**

Bólstaðarhlíð 62,
Reykjavík,

lést 1. júlí.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 12. júlí kl 15

**Grétar Sigurgeirsson** **Gunnvör Sverrisdóttir**
**Margrét Óskarsdóttir** **Steinar Þór Guðlaugsson**
**Gylfi Óskarsson** **Guðrún Sigmundsdóttir**
**og ömmubörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Elín Halldóra Halldórsdóttir**

Vestursíðu 9,
Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð í faðmi fjölskyldu þann 2. júlí.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristjana** **Rúnar**
**Halldór** **Lovísa**
**Hólmkell** **Kristín Sóley**
**Þórir** **Alyona**
**Hólmfríður Berglind** **Guðmundur Már**
**ömmu-, langömmu-, langalangömmubörn og aðrir aðstandendur.**



✝

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Arnheiður Helgadóttir**

lést á dvalarheimilinu Fossheimum 30. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 8. júlí kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Helgi Þorvaldsson** **Þórey Hilmarsdóttir**
**Þorvaldur Þorvaldsson** **Erlín K. Karlsdóttir**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**SAUÐFJÁRBÓNDI**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A | | B | | L | | Ó | | Á | | A | N | D | A | G | L | A | S | I | Ð |
| B | O | R | G | A | R | B | Y | G | G | Ð | | O | | R | | U | | | |
| B | | Á | | U | | I | | E | | F | E | L | L | A | S | K | Ó | L | A |
| A | U | Ð | S | K | I | L | I | N | N | A | | L | | N | | A | | Á | |
| D | | A | | P | | G | | G | | L | | A | L | D | A | M | Ó | T | A |
| Í | S | F | Ó | L | K | I | N | U | | L | | R | | V | | I | | Ú | |
| S | | Á | | Ö | | R | | M | E | I | N | A | B | A | R | N | I | N | U |
| A | F | R | Á | N | I | N | U | | L | | | N | | R | | N | | I | |
| | R | | | T | | I | N | N | E | I | G | N | | A | | I | | N | |
| K | O | L | M | U | N | N | A | | M | | L | | S | N | U | Ð | R | U | M |
| | S | | A | | Ý | | Ð | | E | F | A | S | T | | N | | A | | A |
| S | K | O | T | E | L | D | S | | N | | M | | R | | D | Ú | S | U | M |
| | M | | A | | I | | E | F | T | I | R | M | Á | L | I | | S | | B |
| M | A | T | R | Ó | S | U | M | | I | | A | | K | | R | Ú | B | L | A |
| | N | | K | | T | | D | Á | N | A | R | D | A | G | S | | L | | S |
| I | N | G | I | M | A | R | I | | | P | | | G | | T | R | A | L | L |
| | S | | N | | S | Ú | R | B | L | A | N | D | A | | Ö | | U | | A |
| V | I | Ð | D | V | Ö | L | | U | | S | | | N | E | Ð | S | T | A | N |
| | N | | U | | F | L | U | G | B | J | A | R | G | | U | | U | | G |
| O | S | T | R | U | N | A | | A | | A | | | A | L | M | Y | R | K | A |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist jurt sem bragð er að. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 28. júní á krossgata@frettabladid.is merkt „22. júní“.




### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Blá** eftir **Maja Lunde** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ása Guðmundsdóttir, 105 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Veikluleg víf eflast er stelpukrakki með bein í nefinu mætir (13)
**11** Grípum bara þau tvö út af stuldi á nokkrum bókum (8)
**12** Bæta þarf reglur um bindandi reglur (13)
**13** Kæra brotamann fyrir kjaft og stæla (8)
**14** Úrvinnsla þessara gagna fer fram heima en samt langt í burtu? (11)
**15** Segi þótt íhaldsamur sé: Þetta er þó gott svæði til mátunar (10)
**16** Mun fagfaginu lánast að ramba á atvinnuhrísluna? (11)
**17** Það er gott, jafnvel fullnægjandi, að kúra saman, en þetta er orðið gott (10)
**22** Leita gróinna lendingarstaða, fræja og áburðar (9)
**26** Vista íhaldsama stjórnu af valmúaætt (11)
**28** Lama samgöngur milli Kennedy og Kastrup (10)
**29** Með vit á við fölt fólk, verulega fölt! (11)
**30** Komum upp úr kafinu með andarteppu (8)
**32** Yfirgefin í bænum sem við ein byggjum (9)
**33** Hann er lítill, hún er dugleg, og bæði fanga jafnvel minnstu kóð (8)
**34** Klukkan tifar og seinkun er óhjákvæmileg (5)
**36** Rógur um þá sem skrifa hittir þá fyrir sem skrifa hann (11)
**41** Fléttaði banvænu grasi samanvið salatið hjá tálgaðri týpu (7)
**44** Segja storm knýja löður (4)
**45** Snið mót fyrir lag (7)
**46** Gluggi út í heim er laus við misfellur (9)
**47** Óðni þyki vænt um sinn mann í Miðgarði (6)
**48** Númer eitt heyrði af haga á heiði (7)

### LÓÐRÉTT

**1** C=Flognir km/fjöldi trjáa til að bæta það upp (13)
**2** Hinir yfirnáttúrulegu yfirgefa líklega ESB (9)
**3** Söguleg grjóthrúga á Louvre freistar starfsmanna þar (9)
**4** Af krassandi sérhljóðadauða (7)
**5** Muna: Rósin orsakar ekki óreiðuna og ruglið (9)
**6** Bonnie Parker sviptir bófa enni sínu (8)
**7** Hátimbruð mannvirki virðast á leið í langferð (8)
**8** Henda öllu utan stikanna og fastra leikatriða (8)
**9** Sýsla með ása (6)
**10** Heldur ókát miðað við hvað hún er búsuð og bústin (8)
**18** Hví er þessari skapgóðu skepnu lýst sem algjörri skepnu? (9)
**19** Smábitar trjáa auka snerpu (9)
**20** Draga upp sína hlið málsins (9)
**21** Allt frá dánarvottorðinu að syndakvittuninni (13)
**23** Þetta system dugar minnst XX stærðfræðingum (9)
**24** Sneri upp á mat og mjúka einangrun (9)
**25** Leysa þá sem öllu stjórna (8)
**27** Andra skip skilur eftir slóð í snjónum (8)
**31** Svona lið tekur þekkingu til sín þar sem hún býðst (8)
**35** Skrýtið að sá búni blés (6)
**37** Sítar hljómar næstum eins og magakeis (5)
**38** Þessi maður leitar tákns um töfra (5)
**39** Flokkaði reipi sem aldin (5)
**40** Gyrði mig í brók svo ég ruglist ekki og gleymi fræðunum (5)
**42** Óttalegt píp er þetta alltaf í forsetanum vestra (4)
**43** Leið á þessu sama juði í sinni vinnu endalaust (4)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 3 | 7 | | | | 1 | |
| | 8 | 2 | 5 | | | | | 4 |
| 5 | | | 6 | 2 | 3 | 7 | | |
| 4 | | 1 | | | 2 | 5 | 9 | |
| | | | | 3 | 7 | | 6 | 1 |
| 3 | 9 | | | | | | 2 | |
| | | | 2 | 1 | 5 | | | |
| 8 | 4 | 9 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 8 | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | | | | 4 | | 8 | |
| 2 | 3 | 6 | 9 | | | 1 | | 7 |
| | | 4 | | | 3 | | | |
| 4 | | 2 | | | | | 1 | 6 |
| | 9 | | | | | | 5 | |
| | 6 | | 7 | | | 8 | | |
| | | | 2 | 4 | | 3 | | |
| 3 | | | 5 | 6 | | | 7 | |
| 9 | | | 3 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | 2 | | |
| 9 | 6 | 8 | | | | 3 | | |
| | | | 5 | 7 | 9 | 1 | | |
| | | 3 | 2 | | | 5 | | |
| | 1 | 6 | | | 5 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 6 | |
| | | | | 9 | 8 | 6 | | |
| | | | 7 | | 1 | | | |
| | 4 | | | | | | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 9 | 1 | 4 | 6 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 7 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 3 | 8 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 4 | 7 | 5 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 4 | 9 | 3 | 8 | 1 | 2 | 5 |
| 1 | 8 | 3 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 4 | 1 | 2 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 1 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 9 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 3 | 8 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 |
| 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Sergeant átti leik gegn Brierly í Hastings árið 1946.

**1. ... Rd4! 2. Dxd7 Rxf3+ 3. Kh1 Rxe1! 4. Dh3 Bd7 5. g4 Bxg4! 0-1.**
Hannes Hlífar Stefánsson hefur unnið fimm skákir í röð á móti í Tékklandi. Mótinu verður framhaldið í dag og lýkur á morgun. Á morgun lýkur jafnframt ofurmóti í Zagreb. Mun Magnús Carlsen slá eigið stigamet?

**www.skak.is:** Tíðindi helgarinnar.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## GOTT VAL

Það gladdi bridgespilara óneitanlega þegar Opna landslið Íslands hampaði sigri í Norðurlandamótinu á dögunum. Framan af var landslið Danmerkur með forystu en Danir gáfu eftir á lokakaflanum þegar landslið Íslands skoraði grimmt og náði fyrsta sætinu. Landslið Íslands endaði með 119,21 stig, Noregur 110,75 og landslið Danmerkur féll alla leið í þriðja sætið með 104,98 stig. Spilaformið var þannig að spiluð var tvöföld umferð, fyrstu 5 umferðirnar voru samkvæmt drætti og næstu 5 umferðir samkvæmt stöðu. Landslið Íslands og Danmerkur mættust í síðasta leiknum (10. umferð) og sá leikur endaði með stórsigri Íslands, 16:42-3:58. Spilarar í landsliði Íslands voru greinilega að segja betur en hin landsliðin. Gott dæmi um það er þetta spil úr leiknum. Að venju, spiluðu allir spilararnir á NM sömu spilin. Austur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ ÁD10
♥ 5
♦ ÁK52
♣ ÁDG86

**Vestur**
♠ G6
♥ K106
♦ DG98764
♣ 4

**Austur**
♠ K9843
♥ DG42
♦ 3
♣ 932

**Suður**
♠ 752
♥ Á9873
♦ 10
♣ K1075

Eftir 2 pöss frá austri og suðri opnaði Daninn Mikael Askgård (í lokuðum sal) á 3♦ á vesturhöndina eins og allir aðrir í salnum. Nánast allir í norður leystu málið með því að segja 3 grönd með góðan stöðvara í tígli, eins og Danirnir í opnum sal (10 slagir). Spilið var spilað á 6 borðum í opnum flokki. Á fjórum þeirra var lokasamningurinn 3 grönd í NS, 3♦ doblaðir voru spilaðir á einu þeirra (500) en annar samningur var spilaður á íslenska borðinu í lokuðum sal. Aðalsteinn í norður sá að „gildi“ handarinnar var mikið og valdi dobl en ekki 3 grönd. Bjarni Harðarson í suður valdi 4♥ og Aðalsteinn sagði 5♣, sem lofaði sterkri hönd og góðum lit. Bjarni Hólmar sá að gildi sinnar var gott í laufasamningi. Hann var með tvö „höggspil“ (hjartaás og trompkóng), góðan trompstuðning og trompunarmöguleika. Hann reisti í 6♣. Sá samningur var auðveldur til vinnings og Ísland græddi vel á spilinu.


KRÓNAN
Pylsa eða pulsa, löööng eða stutt?
þitt er valið!
Ódýrt
BARA PYLSUR 10 STK.
Bara pylsur, 10 stk.
399 kr. pk.
Ketó Grískar Feta pylsur
Grískar feta pylsur, 8 stk.
1199 kr. pk.
Silver Spring Jalapeño Mustard
Silver Spring Beer'n Brat Horseradish Mustard
Silver Spring Honey Mustard
Silver Spring sinnep, 269 g
379 kr. stk.
GRILL
ROOOOSALEGA LÖÖÖNG PYLSU BRAUÐ
Rooosalega löng pylsubrauð, 2 stk.
369 kr. pk.
ROOOOSALEGA LAAANGAR PYLSUR
100% ÍSLENSKT
Krónan mælir með!
Rooosalega langar pylsur, 4 stk. með Cheddar osti og karmeluðum lauk
899 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 360

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | 2 | | 8 | 7 |
| 4 | 7 | 6 | | | 8 | 2 | 9 | |
| | | | 4 | | | | | 5 |
| | 5 | | 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | |
| 9 | | 7 | | 8 | | 5 | | 6 |
| | 1 | 8 | | 4 | 5 | | 3 | |
| 7 | 3 | | 2 | | | 8 | 5 | 4 |
| 8 | | | | 9 | 4 | 1 | | 3 |
| 1 | | 2 | 8 | 5 | | 6 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | | 5 | | 3 |
| 1 | 4 | | 2 | | 3 | | | 9 |
| | 8 | 9 | | 5 | | 4 | 1 | |
| 7 | 3 | | 9 | 1 | | 8 | 2 | |
| | | 8 | 5 | | 2 | 3 | | 1 |
| 5 | | 2 | | | 4 | 9 | 6 | |
| 8 | | 1 | 3 | | 5 | 2 | | 4 |
| | 5 | | 4 | | 1 | | | 8 |
| | 9 | | 7 | 2 | 8 | | 5 | 6 |

? Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata? ?



## Lestrarhestur vikunnar Sandra Lind Magnúsdóttir

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Bara gaman að lesa af því að það gerist svo margt í þeim.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Bók um Binnu B. Bjarna, hún er um stelpu sem gerist ýmislegt hjá. Ballett, djúpa laugin, hermikráka og bannað að reykja.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Þegar ég var lítil var það bókin „Nökkvi kúkar í koppinn“.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Bækur eins og „Mamma klikk“ og „Pabbi prófessor“.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Breiðholtsskóla.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, nokkuð oft og líka bókasafnið í skólanum.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Körfubolti, dans og sund.




**Sandra Lind er átta ára.**

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.




**Laufey Lilja segir vera fullt af skrítnum dýrum í Harry Potter-bókunum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Búin með allar Harry Potter bækurnar

Laufey Lilja Leifsdóttir er sjö ára stelpa í Laugarnesskóla. Hún er mikill lestrarhestur og er nýbúin að lesa allar Harry Potter-bækurnar. Hún hefur líka gaman af að teikna og spila á flautuna sína. Já, og auðvitað að leika með vinkonum sínum.

**Hversu margar Harry Potter-bækur ertu búin að lesa?** Allar bækurnar sjö.

**Veistu hvað það eru margar blaðsíður í allt?** Þykkasta bókin er meira en sjö hundruð blaðsíður. Allar bækurnar eru mörg þúsund blaðsíður samtals.

**Hvenær byrjaðir þú og hvernig stóð á því?** Ég byrjaði í febrúar á þessu ári. Pabbi gaf mér myndirnar og mamma sagði að ég mætti ekki horfa á þær fyrr en ég væri búin að lesa bækurnar. Pabbi náði í bækurnar fyrir mig.

**Hvaða bók finnst þér best?** Sú síðasta, Harry Potter og Dauðadjásnin, en þær eru allar spennandi. Mest spennandi er stríðið í síðustu bókinni og þegar Harry Potter er að berjast við basilíuslönguna í bókinni Leyniklefinn, númer tvö.

**Hver er uppáhaldssögupersónan þín?** Harry Potter, Hermione, Ron, Dumbledore og Sirius Black. Þessar persónur eru allar skemmtilegar og góðar.

**ÞYKKASTA BÓKIN ER MEIRA EN SJÖ HUNDRUÐ BLAÐSÍÐUR. ALLAR BÆKURNAR ERU MÖRG ÞÚSUND BLAÐSÍÐUR SAMTALS.**

**Varstu ein að lesa eða var einhver með þér?** Ég var ein og las helst á kvöldin áður en ég fór að sofa en líka oft meðan ég borðaði morgunmat.

**Eru ekki ljót atriði í bókunum?** Jú. Það deyja margir og það er dálítið mikið blóð. Ég var samt aldrei hrædd

**Hvað ætlar þú að lesa næst?** Percy Jackson og grísku guðirnir – Eldingarþjófurinn. Ég er byrjuð. Það er mikið um guði og töfra.

**Ertu að gera eitthvað skemmtilegt úti við í sumar?** Ég er á reiðnámskeiði. Hesturinn minn heitir Hersir. Hann er góður og bítur ekki. Ég var líka í Danmörku. Ég var mikið úti á daginn því veðrið var gott en á nóttunni voru oft þrumur.

**Eru hestar í Harry Potter-bókunum?** Nei. Það eru bara til kentárar en þeir eru hálfir hestar og hálfir menn. Það er líka hippógriffin sem er hálfur fugl og hálfur hestur. Það er fullt af skrítnum dýrum í Harry Potter-bókunum.

# PIER

# ÚTSÖLUSPRENGJA

# 20-70%

## AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

KORPUTORG OG SELFOSS

## RÝMINGARSALA Á SMÁRATORGI

# 50-70%

## AFSLÁTTUR*

NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 4. júlí - 10. júlí. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

| SMÁRATORG | KORPUTORG | SELFOSS |
|---|---|---|
| LAU 10-18 | LAU 12-18 | LAU 10-18 |
| SUN 12-18 | SUN 12-18 | SUN 12-18 |
| VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 |

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15 °C / 4 ↘ | 11 °C / 4 ↘ | 10 °C / 3 ↓ |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 9 °C / 8 ↘ | 16 °C / 3 ← | 10 °C / 6 ↓ |

Norðan 3-10 og víða léttskýjað, en norðvestan 10-15 á annesjum norðaustanlands og rigning þar seint um kvöldið. Hiti að 20 stigum syðra að deginum.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík  | 14 °C / 6 ↙ | 11 °C / 4 ↙ | 13 °C / 4 ↑ | 15 °C / 4 ↖ | 14 °C / 1 ↑ |
| Ísafjörður  | 5 °C / 6 ↙ | 5 °C / 5 ↘ | 7 °C / 1 ↖ | 11 °C / 1 ↙ | 10 °C / 2 ↓ |
| Akureyri  | 7 °C / 7 ↓ | 5 °C / 1 → | 12 °C / 1 ↑ | 16 °C / 2 ↙ | 10 °C / 1 ↘ |
| Egilsstaðir  | 9 °C / 5 ↘ | 7 °C / 2 ↗ | 13 °C / 5 ↑ | 12 °C / 4 ↑ | 12 °C / 0 ○ |
| Kirkjubæjarklaustur  | 15 °C / 9 ↓ | 9 °C / 3 ← | 12 °C / 6 ↖ | 11 °C / 2 ↖ | 15 °C / 2 ↑ |
| Hveravellir  | 4 °C / 7 ↓ | 3 °C / 4 ↓ | 10 °C / 7 ↑ | 13 °C / 5 ↑ | 11 °C / 3 ↓ |










## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# ★ ÚRVAL BORGARFERÐA ★



## RIGA
### STÆRSTA BORG EYSTRASALTSRÍKJANNA

**5. OKT, 12. OKT & 19. OKT** 5 DAGAR
Fjölbreytt flóra menningar, fjöldi verslana og veitingastaða þar sem verðlag er upp á gamla móðinn.
VERÐ FRÁ **82.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



## BERLÍN
### KRAFTURINN Í BERLÍN

ICELANDAIR

**20. SEPT, 17. OKT, 25. OKT & 21. NÓVEMBER** 4 DAGAR
Fáar borgir hafa annan eins kraft og Berlín. Það er óhætt að segja að engin borg í Evrópu sé eins mörkuð af sögu tuttugustu aldarinnar og Berlín.
VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



## GDANSK
### FEGURÐ VIÐ EYSTRASALTIÐ

ICELANDAIR

**31. OKTÓBER - 3. NÓVEMBER** 4 DAGAR
Stórkostlegur matur, úrval heilsulinda, fjörugt næturlíf, söfn, leikhús og svo má lengi telja.
VERÐ FRÁ **114.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



## BRUSSEL
### AÐVENTUFERÐ

ICELANDAIR

**6. - 10. DESEMBER** 4 DAGAR
Glaðværir og skemmtilegir jólamarkaðir þar sem má finna óteljandi sölubása með spennandi varningi.
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



## HAMBORG
### AÐVENTUFERÐ

ICELANDAIR

**28. NÓVEMBER OG 05. DESEMBER** 4 DAGAR
Jólaævintýri á jólamarkaðinum Weihnachtsmark.
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.



## BRIGHTON
### LÍFLEGUR STRANDBÆR

ICELANDAIR

**13. SEPT, 14. SEPT, 27. SEPT, 4. OKT & 10. OKT** 3 - 5 DAGAR
Litríkt menningarlíf, iðandi mannlíf og lifandi tónlist á hverju kvöldi, og ekki skemmir veðráttan fyrir!
VERÐ FRÁ **77.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 3 daga.



## DUBLIN
### EINSTÖK STEMMNING

ICELANDAIR

**27. SEPT, 18. OKT, 24. OKT & 14. NÓV** 4 - 5 DAGAR
Mikið úrval góðra veitingastaða er að finna í Dublin og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.
VERÐ FRÁ **83.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna í 4 daga.




## EPERNAY
### HEIMILI KAMPAVÍNSINS

ICELANDAIR

**11. - 14. OKTÓBER** 4 DAGAR
Fyrir kampavíns unnendur er heimsókn til kampavínshéraðsins Epernay í Frakklandi upplifun út af fyrir sig.
VERÐ FRÁ **89.900 KR.**
Verð á mann m.v. 2 fullorðna.

## SJÁÐU MEIRA Á URVALUTSYN.IS

TALAÐU VIÐ FERÐARÁÐGJAFA Í SÍMA **585 4000** EÐA SENDU OKKUR PÓST Á **INFO@UU.IS**

VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

www.uu.is | @urvalutsyn | Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

# Steinaharpa og gasfylltir nótnahausar

**TÓNLIST**
★★★★½

**Kórtónleikar**

**Verk eftir Pál Guðmundsson og fleiri**
**Flytjendur:** Kammerkór Suðurlands, Páll Guðmundsson, Andri Freyr Hilmarsson, Frank Aarnink og Hjörtur B. Hjartarson.

**Hafnarborg**
laugardagur 29. júní



Á tónleikum í Hafnarborg laugardaginn 29. júní mátti sjá gasfyllta nótnahausa svífa upp og niður fyrir ofan sviðið. Kórmeðlimir allt í kring reyndu að syngja í takt við tónhæðina. Nótnahausarnir voru fjórir. Þetta voru svartar blöðrur sem höfundar gerningsins, Haraldur Jónsson og Ásta Fanney Sigurðardóttir, létu ferðast um ímyndaðan tónstiga í loftinu, fram og til baka.

Hugmyndin að láta söngvara eða hljóðfæraleikara fylgja sjónrænum bendingum án þess að vita hvað kemur næst er ekki ný. Þetta var t.d. fastur liður á tónleikum tilraunahópsins SLÁTUR fyrir nokkru síðan. Þar voru bendingarnar þó yfirleitt á tölvuskjá, en á tónleikunum nú voru nóturnar lifandi.

Útkoman var kómísk; kórinn, Kammerkór Suðurlands, hefði kannski mátt fylgja bendingum betur, tónarunur upp og niður voru á köflum stirðar, en maður gat alla vegana flissað. Skrifuð tónlist er í eðli sínu dauð, bara nótur og nótnastrengir, bogar, þagnir og áherslur. Það þarf flytjendur í einhverri mynd til að hún öðlist líf. Nýstárlegt var því að sjá sjálfar nóturnar á hreyfingu og fullar af anda.

Í heild voru þetta óvanalegir tónleikar. Þeir skiptust í tvennt. Fyrir hlé voru fjölmörg, mjög stutt verk eftir Atla Ingólfsson, Huga Guðmundsson, Benna Hemm Hemm, Elínu Gunnlaugsdóttur og fleiri. Textinn var úr ólíkum áttum, en öll tónlistin hafði á sér framandi blæ, bauð stöðugt upp á nýjar víddir. Eitt skemmtilegasta lagið var eftir fyrrnefndan Atla, tvíeggjað sverð þar sem annars vegar var falskur tónn, hins vegar hreinn. Þetta tvennt rann saman svo úr varð sérkennileg hljóðmynd, undarlega heillandi.

Skemmtilegt var hve sterkur heildarsvipur var á dagskránni fyrir hlé, þrátt fyrir að tónskáldin væru ólík. Kórstjórinn, Hilmar Örn Agnarsson, hafði auðheyrilega valið og raðað lögunum af smekkvísi. Flæði í söngnum var lýtalaust og óheft, líkt og um eitt heilsteypt verk væri að ræða.

Dagskráin eftir hlé var ekki síður spennandi. Þá voru flutt allmörg lög eftir Pál Guðmundsson á Húsafelli í útsetningum ýmissa tónlistarmanna. Lögin voru við ljóð mismunandi skálda og voru ávallt grípandi og falleg. Við kórsönginn var leikið á hljóðfæri sem Páll hefur smíðað, steinahörpur og flautur úr rabarbara. Páll sjálfur spilaði með nokkrum öðrum músíköntum og þeir gerðu það allir vel. Útkoman var kliður sem auðveldlega mátti ímynda sér að kæmi úr einhverjum álfaheimi, hann var töfrandi og ómótstæðilegur.

Söngurinn var líka prýðilegur, kórmeðlimir voru ágætlega samstilltir, mismunandi raddir í góðu jafnvægi sín á milli. Saman voru þær þéttar og safaríkar. Kórstjórn Hilmars var kraftmikil og nákvæm, lífleg og innileg; maður naut hvers tóns. Meira svona, takk. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frumleg efnisskrá, flottur flutningur.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 6. JÚLÍ 2019

### Sýning

**Hvað?** Búkalú um lönd og lendar
**Hvenær?** 21.00-23.59
**Hvar?** Havarí, Karlsstöðum, Berufjarðarströnd
Fullorðins fjölbragðasýning með fjölda innlendra og erlendra kabarettlistamanna. Fjöllistakonan Margrét Erla Maack er prímus mótor.



Tríó Björns Thor ásamt Unni Birnu kemur fram á Jazzi undir Fjöllum.

### Tónleikar

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00-12.30
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Johannes Skoog, ung orgelstjarna frá Svíþjóð, flytur verk eftir Marcel Dupré, Jehan Alain og Maurice Duruflé. Miðaverð 2.500 kr.

**Hvað?** Marína & Mikael – sumardjass
**Hvenær?** 15.00-17.00
**Hvar?** Jómfrúin, Lækjargötu 4 – utandyra
Marína Ósk Þórólfsdóttir söngur, Mikael Máni Ásmundsson gítar, Þorgrímur Jónsson kontrabassi, Matthías Hemstock trommur. Á efnisskrá eru meðal annars númer sem þekkt eru í flutningi Billie Holiday og Lester Young, Ellu Fitzgerald og Louis Armstrong. Jónasi og Jóni Múla Árnasonum verða gerð verðug skil. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Jazz undir Fjöllum
**Hvenær?** 14-17
**Hvar?** Byggðasafnið í Skógum – Samgöngusafn / Skógakaffi
Sigurður Flosason: saxófónn, Vignir Þór Stefánsson: píanó, Leifur Gunnarsson: kontrabassi, Erik Qvick: trommur. Sérstakur gestur: Paulo Malaguti: söngur og píanó.

**Hvað?** Eyþór Ingi – tónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Fishhouse Bar&Grill, Grindavík

**Hvað?** Aðaltónleikar Jazz undir Fjöllum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Félagsheimilið Fossbúð undir Eyjafjöllum
Fram kemur tríó gítarleikarans Björns Thoroddsen ásamt söngkonunni og fiðluleikaranum Unni Birnu Bassadóttur. Sigurgeir Skafti Flosason leikur á bassa og Skúli Gíslason á trommur. Þau flytja fjölbreytta dagskrá uppáhaldslaga úr ólíkum áttum á sinn hátt, spjalla og grínast.



Strandarkirkja í Selvogi er vettvangur tónlistarhátíðarinnar Englar og menn.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### 7. JÚLÍ 2019

### Fjölskyldustund

**Hvað?** Horfið aftur í tímann
**Hvenær?** 13.00-16.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Starfsfólk safnsins er í fatnaði frá 5. og 6. áratugnum. Háskóladansinn sýnir dansstíla. Spákona býður í stutt spjall. Í Hábæ vinnur húsfreyjan við að greiða nágrannakonum. Félagar í Fornbílaklúbbnum kíkja í heimsókn. Ilmur af nýbökuðum lummum leikur um svæðið og á baðstofuloftinu er tóskapur. Ókeypis aðgangur fyrir börn, öryrkja og handhafa Menningarkorts.

### Tónleikar

**Hvað?** Syngið þið fuglar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Strandarkirkja, Selvogi
Lilja Guðmundsdóttir sópran, Kristín Sveinsdóttir mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, harmóníum og píanó, koma fram á tónlistarhátíð Strandarkirkju, Englar og menn. Aðgangseyrir 2.900 krónur.

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 17.00-18.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti
Johannes Skoog, ung orgelstjarna frá Svíþjóð, leikur. Á efnisskrá eru verk eftir Claude Debussy, Jean-Louise Florentz, Marcel Dupré, Jehan Alain og Maurice Duruflé. Miðaverð 3.000 krónur.

**Hvað?** Íslensk tónlist í nýjum búningi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Listasafn Sigurjóns, Laugarnestanga
Tríóið Máninn líður sem er skipað Önnu Jónsdóttur sópran og Þjóðverjunum Ursel Schlicht píanóleikara og Ute Völker harmonikuleikara flytur íslensk þjóðlög og lög eftir Jón Leifs á nýstárlegan hátt. Miðaverð er 2.500 og 1.500 krónur.



VINNINGSHAFI
EUROVISION

# SALVADOR SOBRAL



GETUR
TÓNLIST
VERMT
SÁLINA?

**Þú kemst
að því
1. nóvember**

HARPA

Miðasala hófst 4. júlí á
**tix.is**

# SÖGUR AF PLÖTUM

– með Bubba Morthens




Sögur af plötum er nýtt vikulegt hlaðvarp með Bubba Morthens á frettabladid.is þar sem hann rekur tilurð valdra plata úr safni sínu.

Hægt er að hlusta á þættina á frettabladid.is/hladvarp

HLAÐVARPIÐ

**á frettabladid.is**

*– hlustaðu þegar þér hentar*

Sögur af plötum er unnið í samstarfi við:

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

FRETTABLADID.IS




# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** **KrakkaRÚV**
**07.16** **Hinrik hittir**
**07.21** **Molang**
**07.25** **Manni meistari**
**07.48** **Rán og Sævar**
**07.59** **Nellý og Nóra**
**08.06** **Mói**
**08.17** **Hrúturinn Hreinn**
**08.24** **Eysteinn og Salóme**
**08.37** **Millý spyr**
**08.44** **Með afa í vasanum**
**08.56** **Konráð og Baldur**
**09.08** **Flugskólinn**
**09.30** **Ævar vísindamaður**
**10.00** **Jörðin** Önnur þáttaröðin í þessum geysivinsæla breska heimildarmyndaflokki með Sir David Attenborough þar sem brugðið er upp svipmyndum af Jörðinni, náttúru hennar og dýralífi í áður óséðum gæðum. Áhorfendur eru teknir með í stórkostlegt ferðalag um Jörðina á öllum árstíðum og þeim eru sýnd undur hennar í allri sinni dýrð, meðal annars hrikaleg fjöll og gljúfur, hellar og eyðimerkur og hugað að erfiðri lífsbaráttu sjaldséðra dýra sem oft á tíðum verða að bjarga sér við afar óblíðar aðstæður. e.
**11.00** **Baðstofuballettinn**
**11.30** **Súpudósir og súperstjörnur - Hvernig popplistin breytti heiminum**
**12.20** **Álafoss - Ull og ævintýri**
**13.15** **Matur með Kiru**
**13.45** **Babýlon Berlín - Á tökustað**
**14.30** **Sætt og gott**
**14.50** **Bronsleikur HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá bronsleik á HM kvenna í fótbolta.
**17.05** **Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps**
**17.20** **Mótorsport Rallý og torfæra**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Guffagrín**
**18.23** **Sögur úr Andabæ**
**18.45** **Landakort Skátar**
**18.53** **Lottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Hrúturinn Hreinn** Gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um hrútinn Hrein og félaga hans.
**21.10** **When Harry Met Sally Þegar Harry hitti Sally**
**22.45** **Sonur Sauls** Ungversk Óskarsverðlaunamynd um Saul, ungverskan fanga í útrýmingarbúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Hann starfar við líkbrennslu í búðunum og dag einn rekst hann á lík af ungum dreng sem minnir hann á son hans. Hann einsetur sér að bjarga líkinu frá brennslu og finna rabbína til að veita drengnum útför og greftrun að gyðingasið. Leikstjóri: László Nemes. Aðalhlutverk: Géza Röhrig, Levente Molnár og Urs Rechn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**00.30** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**07.00** **3M Open** Útsending frá 3M Open á PGA mótaröðinni.
**11.00** **Dubai Duty Free Irish Open** Bein útsending frá Dubai Duty Free Irish Open á Evrópumótaröðinni.
**16.10** **Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**17.00** **3M Open** Bein útsending frá 3M Open á PGA mótaröðinni.
**22.00** **Thornberry Creek** Bein útsending frá Thornberry Creek á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **Madam Secretary**
**13.50** **Speechless**
**14.15** **The Bachelorette**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.55** **Family Guy**
**18.20** **Our Cartoon President**
**18.45** **Glee**
**19.30** **The Biggest Loser**
**20.15** **Legally Blonde 2. Red, White and Blonde**
**21.50** **The Intouchables**
**23.45** **Our Kind of Traitor**
**01.30** **Fruitvale Station**
**02.55** **Midnight in Paris** Gil og Inez fara í ferðalag til Parísar, ásamt foreldrum Inez sem eru að fara þangað í viðskiptaerindum. Gil er rithöfundur sem gengur ekki alltof vel, en verður ástfanginn af borginni og leggur til að þau Inez flytji þangað þegar þau eru búin að gifta sig.

## RÚV RÁS EITT

**06.55** **Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00** **Fréttir**
**07.03** **Til allra átta Einn listinn enn**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.05** **Frakkneskir fiskimenn**
**09.00** **Fréttir**
**09.05** **Á reki með KK**
**10.00** **Fréttir**
**10.05** **Veðurfregnir**
**10.15** **Blindfull á sólríkum degi Svik og háski**
**11.00** **Fréttir**
**11.02** **Vikulokin**
**12.00** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**13.00** **Gestaboð**
**14.00** **Bókmenntir og landafræði Thor Vilhjálmsson**
**15.00** **Flakk**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Orð um bækur Orð um spássíur í bókum**
**17.00** **Bærinn minn og þinn**
**18.00** **Kvöldfréttir**
**18.10** **Í ljósi sögunnar**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Sveifludansar Fats Waller, Benny Goodman og Don Sebesky**
**20.45** **Úr gullkistunni**
**21.15** **Bók vikunnar Íslenski draumurinn**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Brot af eilífðinni Édith Piaf, seinni þáttur**
**23.00** **Vikulokin**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.20** **A Quiet Passion**
**11.25** **Love and Friendship**
**13.00** **The Fits**
**14.15** **Cats & Dogs**
**15.40** **A Quiet Passion**
**17.45** **Love and Friendship**
**19.20** **The Fits**
**20.35** **Cats & Dogs**
**22.00** **Geostorm**
**23.50** **Atomic Blonde**
**01.45** **Sleight**
**03.15** **Geostorm**

## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Kormákur**
**07.35** **Billi Blikk**
**07.45** **Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn**
**07.55** **Tindur**
**08.10** **Kalli á þakinu**
**08.35** **Dagur Diðrik**
**08.55** **Lína Langsokkur**
**09.20** **Latibær**
**09.45** **Víkingurinn Viggó**
**09.55** **Stóri og Litli**
**10.10** **K3**
**10.20** **Ninja-skjaldbökurnar**
**10.45** **Friends**
**11.10** **Ellen**
**12.00** **Bold and the Beautiful**
**12.20** **Bold and the Beautiful**
**12.40** **Bold and the Beautiful**
**13.00** **Bold and the Beautiful**
**13.20** **Bold and the Beautiful**
**13.40** **Britain's Got Talent**
**14.50** **Britain's Got Talent**
**15.15** **The Big Bang Theory**
**15.35** **Tveir á teini**
**16.05** **Grand Designs Australia**
**17.00** **GYM**
**17.30** **Golfarinn**
**18.00** **Sjáðu**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.55** **Sportpakkinn**
**19.10** **Top 20 Funniest**
**19.55** **Destined to Ride**
**22.55** **The History of Love**
**01.10** **Due Date**
**02.45** **Ready Player One**
**05.00** **Friends** Monica fer yfir gestalistann fyrir brúðkaupið og kemst að því að Chandler hefur ekki boðið „föður“ sínum.

## STÖÐ 3

**14.35** **Friends**
**15.00** **Friends**
**15.25** **Friends**
**15.50** **Friends**
**16.25** **Friends**
**16.50** **Curb Your Enthusiasm**
**17.30** **The Goldbergs**
**17.55** **Um land allt**
**18.25** **Margra barna mæður**
**19.00** **Ísskápastríð**
**19.35** **Masterchef USA**
**20.20** **Grand Designs**
**21.10** **Camping**
**21.40** **Mosaic**
**22.30** **Boardwalk Empire**
**23.30** **The Originals**
**00.15** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** **Valur - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**08.40** **Útsending frá leik í undanúrslitum Copa America.**
**10.20** **Útsending frá leik í undanúrslitum Copa America.**
**12.00** **Þór - Fram** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**13.40** **ÍA - Fylkir** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**15.55** **ÍBV - KR** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**18.15** **Atvinnumennirnir okkar**
**18.50** **3. sæti** Bein útsending frá leik um 3. sætið á Copa America.
**21.00** **Búrið**
**21.35** **Formúla 1. Austurríki - Keppni** Útsending frá kappakstrinum í Austurríki.
**23.55** **UFC Now**
**00.45** **Búrið**
**01.20** **UFC Countdown**
**02.00** **UFC 239. Jones vs Santos** Bein útsending frá UFC 239 þar sem Jon Jones og Thiago Santos mætast í aðalbardaga kvöldsins.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.15** **KrakkaRÚV**
**07.16** **Begga og Fress**
**07.28** **Minnsti maður í heimi**
**07.29** **Sara og Önd**
**07.36** **Húrra fyrir Kela**
**07.59** **Hæ Sámur**
**08.06** **Söguhúsið**
**08.14** **Letibjörn og læmingjarnir**
**08.21** **Hvolpasveitin**
**08.44** **Alvinn og íkornarnir**
**08.55** **Disneystundin**
**08.56** **Tímon & Púmba**
**09.17** **Sígildar teiknimyndir**
**09.24** **Lílo og Stitch**
**09.45** **Reikningur**
**10.00** **Drengjaskólinn**
**10.30** **Skollaeyja** Náttúrulífsþáttur um tasmaníuskolla. Sjaldgæfur smitsjúkdómur herjar á tasmaníuskollana og hefur hópur vísindamanna brugðið á það ráð að koma fimmtíu heilbrigðum dýrum sem fædd eru í dýragörðum fyrir á afskekktri eyju í von um að bjarga tegundinni frá útrýmingu. Dýrin hafa þó aldrei þurft að bjarga sér sjálf í náttúrunni áður og þar leynast margar hættur og áskoranir. e.
**11.00** **InnSæi**
**12.15** **Sumarævintýri Húna** Í þessum fyrsta upprifjunarþætti um ævintýri Áhafnarinnar á Húna í sumar verður byrjunin skoðuð sérstaklega. Hvað varð til þess að menn lögðu í þessa ótrúlegu ferð hringinn í kringum landið? Hvaða fley er þessi Húni II? Fyrstu fjórir staðirnir, Húsavík, Borgarfjörður eystri, Reyðarfjörður og Höfn, verða svo heimsóttir og heimamenn teknir tali. Meðal viðmælenda í þættinum eru bræðurnir Magni og Arngrímur Viðar Ásgeirssynir, Þráinn Sigvaldason auk skipsáhafnarinnar og hljómsveitarinnar.
**12.40** **Fiðlusmiðurinn**
**13.30** **Sælkeraferðir Ricks Stein - Lissabon**
**14.30** **HM stofan**
**14.50** **Úrslitaleikur HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá úrslitaleik á HM kvenna í fótbolta.
**16.50** **HM stofan**
**17.10** **Sinfó í Japan**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Stundin okkar**
**18.30** **Skollaeyja**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.35** **Veður**
**19.45** **Íslendingar Anna Pálína Árnadóttir** Fjallað er um Íslendinga sem settu svip sinn á íslenskt samfélag um sína daga með margvíslegum hætti. Þættirnir spegla jafnframt sögu þjóðarinnar og samtíð á ýmsum tímum, menningu, listir, stjórnmál og fleira. Þeir eru byggðir á efni úr safni RÚV á nærfellt hálfrar aldar tímabili.
**20.40** **Löwander-fjölskyldan**
**21.40** **Viktoría**
**22.35** **Íslenskt bíósumar. Rokland**
**00.20** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**06.00** **3M Open** Útsending frá 3M Open á PGA mótaröðinni.
**11.00** **Dubai Duty Free Irish Open** Bein útsending frá Dubai Duty Free Irish Open á Evrópumótaröðinni.
**16.10** **Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**17.00** **3M Open** Bein útsending frá lokadegi 3M Open á PGA mótaröðinni.
**22.00** **Thornberry Creek** Bein útsending frá lokadegi Thornberry Creek á LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**12.00** **Everybody Loves Raymond**
**12.20** **The King of Queens**
**12.40** **How I Met Your Mother**
**13.05** **A.P. BIO**
**13.30** **Black-ish**
**13.50** **Rel**
**14.15** **Top Chef**
**15.00** **90210**
**16.00** **Malcolm in the Middle**
**16.20** **Everybody Loves Raymond**
**16.45** **The King of Queens**
**17.05** **How I Met Your Mother**
**17.30** **Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
**18.25** **George Clarke's Old House, New Home**
**19.45** **Speechless**
**20.10** **Madam Secretary**
**21.00** **Law and Order. Special Victims Unit**
**21.50** **Jamestown**
**22.40** **Pose**
**23.40** **Escape at Dannemora**
**00.40** **The Disappearance**
**01.25** **Seal Team**
**02.10** **MacGyver**
**02.55** **Mayans M.C.** Spennandi þáttaröð um ungan mann sem gengur til liðs við mótorhjólagengi eftir að hann losnar úr fangelsi.
**03.55** **Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.55** **Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00** **Fréttir**
**07.03** **Tríó**
**08.00** **Morgunfréttir**
**08.05** **Ljóðabókin syngur I Söngvar förumannsins**
**09.00** **Fréttir**
**09.03** **Samtal um heilbrigðisþjónustu**
**10.00** **Fréttir**
**10.05** **Veðurfregnir**
**10.15** **Bók vikunnar Veröld ný og góð**
**11.00** **Guðsþjónusta úr Skútustaðaprestakalli**
**12.00** **Hádegisútvarp**
**12.20** **Hádegisfréttir**
**12.40** **Veðurfregnir**
**13.00** **Sögur af landi Skynjun**
**14.00** **Tengivagninn**
**15.00** **Grár köttur Skopmyndir**
**16.00** **Síðdegisfréttir**
**16.05** **Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**17.25** **Orð af orði Votlendi**
**18.00** **Kvöldfréttir**
**18.10** **Blindfull á sólríkum degi Svik og háski**
**18.50** **Veðurfregnir**
**18.53** **Dánarfregnir**
**19.00** **Óskastundin**
**19.40** **Orð um bækur Orð um spássíur í bókum**
**20.35** **Gestaboð**
**21.30** **Úr gullkistunni**
**22.00** **Fréttir**
**22.05** **Veðurfregnir**
**22.10** **Á reki með KK**
**23.10** **Frjálsar hendur**
**00.00** **Fréttir**
**00.05** **Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.55** **Carrie Pilby**
**08.30** **Brad's Status**
**10.10** **Where to Invade Next**
**12.10** **Snowden**
**14.20** **Carrie Pilby**
**16.00** **Brad's Status**
**17.45** **Where to Invade Next**
**19.45** **Snowden**
**22.00** **Maudie**
**23.55** **Get Out**
**01.40** **Return to Sender**
**03.15** **Maudie**

## STÖÐ 2

**07.00** **Strumparnir**
**07.25** **Tindur**
**07.40** **Stóri og Litli**
**07.50** **Heiða**
**08.15** **Mæja býfluga**
**08.25** **Víkingurinn Viggó**
**08.35** **Blíða og Blær**
**09.00** **Ævintýri Tinna**
**09.25** **Skoppa og Skrítla á póstkorti um Ísland**
**09.45** **Lukku-Láki**
**10.10** **Latibær**
**10.30** **Ninja-skjaldbökurnar**
**10.55** **Friends**
**11.20** **Ellen**
**12.00** **Nágrannar**
**12.20** **Nágrannar**
**12.40** **Nágrannar**
**13.00** **Nágrannar**
**13.20** **Nágrannar**
**13.40** **Ellen's Game of Games**
**14.20** **The Big Bang Theory**
**14.45** **Seinfeld**
**15.05** **Seinfeld**
**15.30** **Fósturbörn**
**15.55** **I Feel Bad**
**16.20** **Splitting Up Together**
**16.40** **Friends**
**17.10** **Atvinnumennirnir okkar**
**17.40** **60 Minutes**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50** **Sportpakkinn**
**19.05** **Britain's Got Talent**
**20.20** **Britain's Got Talent**
**20.45** **GYM**
**21.10** **Big Little Lies**
**22.05** **Absentia**
**22.45** **Crashing**
**23.15** **Hreinn Skjöldur**
**23.40** **S.W.A.T.**
**00.25** **The Son**
**01.10** **Shameless**
**02.05** **Shameless**
**03.00** **Shameless**
**03.50** **Shameless**
**04.45** **Seinfeld**

## STÖÐ 3

**14.55** **Seinfeld**
**15.20** **Seinfeld**
**15.40** **Seinfeld**
**16.05** **Seinfeld**
**16.30** **Seinfeld**
**16.55** **American Idol**
**18.25** **Who Do You Think You Are?**
**19.10** **First Dates**
**20.00** **True Detective**
**21.00** **The Americans**
**21.55** **Boardwalk Empire**
**22.55** **Wrecked**
**23.20** **Empire**
**00.10** **Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** **ÍA - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**09.20** **ÍBV - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**11.00** **Útsending frá leik um 3. sætið á Copa America.**
**12.40** **Þór - Fram** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**14.20** **Golfarinn**
**14.50** **ÍA - Fylkir**
**16.30** **ÍBV - KR**
**18.10** **Útsending frá leik um 3. sætið á Copa America.**
**19.50** **Úrslitaleikur Copa America** Bein útsending
**22.00** **UFC 239. Jones vs Santos** Útsending frá UFC 239 þar sem Jon Jones og Thiago Santos mætast í aðalbardaga kvöldsins.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.55** **Breiðablik - HK** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin






Gauti spilaði fyrir gesti Jarðbaðanna þriðja árið í röð nú síðastliðinn fimmtudag. MYND/MARCIN KOZACZEC



# Emmsjé Gauti með tónleika við Jarðböðin við Mývatn

Rapparinn **Emmsjé Gauti** var með tónleika nú síðastliðinn fimmtudag fyrir gesti jarðbaðanna í Mývatnssveit. Þriðja barnið var að bætast í fjölskylduna og nóg er að gera á öllum sviðum hjá Gauta.

Tónleikagestir í Jarðböðunum í Mývatnssveit dýfðu sér heldur betur í lukkupollinn um síðustu helgi þegar þeir nutu þess í sundfötum að sjá og heyra rapparann Emmsjé Gauta fíla sig í botn á þriðju tónleikunum sem hann heldur í lóninu fyrir norðan. Gauti var sjálfur varla enn kominn með allar tíu tær á jörðina þegar Fréttablaðið náði tali af honum þar sem hann borðaði taco á hlaupum enda brjálað að gera og þétt prógramm í gangi í það minnsta til jóla.

Gauti hélt sína fyrstu tónleika í Jarðböðunum utan dagskrár á Icelandic Airwaves fyrir þremur árum. „Ég fann það bara þá strax að það er eitthvað brjálæðislega ótrúlegt í gangi þarna. Það gerðist bara eitthvað og þarna voru einhverjir straumar í gangi sem er erfitt að lýsa,“ segir Gauti sem átti svo frumkvæðið að því að leikurinn var endurtekinn ári síðar. „Mér fannst þetta heppnast svo rosalega vel að ég hringdi í Airwaves og spurði hvort við ættum ekki að gera þetta aftur. Þetta er svo sérstakt að ég myndi vilja gera þetta að árlegu partíi.“

Gauti segist hreinlega ekki geta komið orðum að þeim töfrum sem eru í gangi í jarðböðunum. „Það er upplifun út af fyrir sig bara að fara þarna ofan í og þegar tónleikum er blandað saman við þetta þá verður þetta mögnuð tvöföld upplifun.“



Rapparinn segist ekki geta komið orðum að þeim töfrum sem eru í gangi Jarðböðunum. MYND/MARCIN KOZACZEK

Það er skammt stórra högga á milli hjá rapparanum sem er í ofanálag einn eigenda hamborgarastaðarins Hagavagnsins sem hefur gert stormandi lukku á Melunum með einföldum og góðum borgurum og ostasósu sem þykir svo góð að hún geti varla verið af þessum heimi. „Ég er á leiðinni til Færeyja um næstu helgi að spila á G-Festival og tveimur vikum eftir það fer ég til Póllands að spila á stóru hipphoppfestivali.“ Ekki leynir sér að Gauti er sérstaklega spenntur fyrir Póllandsferðinni. „Ég hef aldrei komið þangað áður en bara heyrt góða hluti.“ Gauti situr heldur ekki auðum höndum í frítímanum, ef frítíma skyldi kalla. Barnalánið hefur leikið við hann og rétt tæplega þrítugur er hann nýkominn með þriðja barnið í fjölskylduna. Og til þess að keyra gleðina enn frekar upp er hann kominn í bullandi jólaskap í byrjun júlí. „Jólin eru byrjuð hjá mér. Ég er á fullu að undirbúa jólatónleikana mína, Julevenner,“ segir Gauti en verður síðan leyndardómsfullur mjög þegar hann upplýsir að hann sé búinn að bóka alla gesti en geti ekki sagt meira um það í bili. „Ég get ekki gefið neitt upp strax annað en að það verður svaka sprenging. Ég er líka að vinna að plötu, eins og alltaf. Þannig að ég er bara á fullu að búa til tónlist, steikja hamborgara, undirbúa jólin og sinna börnum. Svo verð ég líka þrítugur í nóvember og planið er að tengja plötuútgáfuna einhvern veginn við afmælið. Kannski eitthvað Emmsjé Gauti í 30 ár. Hver veit?“



toti@frettabladid.is

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
696 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is


SUMARMARKAÐUR
20–50% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
SCARPA MOJITO SKÓR
VERÐ ÁÐUR 19.995 KR.
VERÐ 15.996 KR.
20% AFSLÁTTUR
ELLINGSEN BRYGGJUPEYSA
VERÐ ÁÐUR 19.995 KR.
VERÐ 15.996 KR.
30% AFSLÁTTUR
COLOMBIA TRAIL MAGIC JAKKI
VERÐ ÁÐUR 34.995 KR.
VERÐ 24.497 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLOMBIA CALDORADO HLAUPASKÓR
VERÐ ÁÐUR 26.995 KR.
VERÐ 13.498 KR.
20% AFSLÁTTUR
OSPREY KESTREL 38L BAKPOKI
VERÐ ÁÐUR 28.995 KR.
VERÐ 23.196 KR.
30% AFSLÁTTUR
MUCK ARTIC SPORT STÍGVÉL
VERÐ ÁÐUR 17.995 KR.
VERÐ 12.597 KR.
40% AFSLÁTTUR
DEVOLD TINDEN SPACER PEYSA
VERÐ ÁÐUR 29.995 KR.
VERÐ 17.997 KR.
50% AFSLÁTTUR
THE NORTH FACE VENTURE JAKKI
VERÐ ÁÐUR 24.995 KR.
VERÐ 12.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
VERÐ ÁÐUR 14.995 KR.
VERÐ 7.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN DECK STÓLL
VERÐ ÁÐUR 13.995 KR.
VERÐ 6.998 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLEMAN KOBUK VALLEY 2 TJALD
VERÐ ÁÐUR 18.995 KR.
VERÐ 9.498 KR.
50% AFSLÁTTUR
SAFARICA NIMBA BORÐ
VERÐ ÁÐUR 6.995 KR.
VERÐ 3.498 KR.
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

## Lífið í vikunni
30.06.19–06.07.19

### PITSU FREKAR EN GJAFASTURTU



Fjöllistakonan Margrét Erla Maack og Tómas Steindórsson eiga von á barni í haust og í vikunni lét hún þau boð út ganga á Facebook að parið vilji ekki að þeim verði komið á óvart með sængurgjafateiti, eða „baby shower“. Þau skorti fátt og vilji frekar fá heimsóknir og flatbökur þegar barnið er komið í heiminn.



### BÁRA Í BÚRI

Bára Halldórsdóttir, upptakari, öryrki og helsti hrellir ölkærra klaustursriddara, gaf fólki óvenjulega innsýn í daglegt líf öryrkja þegar hún lokaði sig í búri á RVK-Fringe Festival og þar mátti fylgjast með daglegu amstri öryrkjans.

### FORN FRÆGÐ SEINFELDS

Í gær voru 30 ár frá því gamanþættirnir um Seinfeld hófu göngu sína í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir nutu gríðarlegara vinsælda en sá fyrsti fór í loftið 5. júlí 1989 en gríninu lauk með ósköpum í lokaþættinum 14. maí 1998.



### SÓNARMYND Á FACEBOOK



Salka Sól Eyfeld, leik- og söngkona, og unnusti hennar, Arnar Freyr Frostason, komu þeim gleðitíðindum til skila á Facebook að þau eigi von á sínu fyrsta barni. Salka birti mynd af þeim Arnari með sónarmynd af erfingjanum á milli sín.








Ingi Bauer vann meðal annars lagið Dicks með hljómsveitinni. Á myndinni eru þeir Ingi Bauer, Benjamín Snær, Alvar Nói og Bjartur Freyr. MYND/KETCHUP CREATIVE

# Taka sig ekki of alvarlega

Hljómsveitin **Séra Bjössi** spilar í Vestmannaeyjum á Þjóðhátíð. Vinsældirnar komu flatt upp á meðlimina, en hljómsveitin var upphaflega stofnuð í kringum þeirra einkahúmor.

Þetta er fyrst og fremst smá djók, eða þetta hófst þannig. Við tökum okkur ekki sérstaklega alvarlega sem einhverja listamenn, eða í það minnsta gerðum það ekki. Það er samt alveg geggjað hvað fólk er búið að taka vel í tónlistina okkar,“ segir Alvar Nói, einn liðsmanna hljómsveitarinnar Séra Bjössi.

Hann segir meðlimi hljómsveitarinnar engan veginn hafa búist við svona góðum viðtökum þegar þeir byrjuðu að gera tónlistina.

„Við erum sem sagt vinahópur úr Hafnarfirði. Þetta byrjaði sem smá spaug. Benjamín Snær býr til alla taktana. Hann hefur verið að fikta í taktagerð mjög lengi, alveg frá því að ég kynntist honum í það minnsta. Það var þegar við vorum í 8. bekk í grunnskóla. Í gegnum hann kynnist ég þessum vinahóp, sem ég kalla mína bestu vini í dag.“

Alvar segir að fyrst hafi þeir mest verið að hittast heima hjá Benjamín og að semja texta við taktana hans, mest upp á grínið.

„Það stóð upphaflega ekkert sérstaklega til að gefa lögin út. Þetta þróaðist í raun þannig að við vildum geta hlustað á lögin en bara hjá Benjamín, svo við settum nokkur lög á SoundCloud. Það var samt mest bara fyrir okkar vinahóp, svo við gætum hlustað á og spilað lögin hvar og hvenær sem er,“ segir Alvar.




Lagið Dicks með hljómsveitinni hefur verið einstaklega vinsælt á streymisveitum.

Þegar á leið tóku þeir svo eftir því að hlustanafjöldinn hækkaði furðulega mikið.

„Þannig að við áttuðum okkur á því að það er greinilega annað fólk en bara okkar vinahópur að hlusta á, sem okkur fannst náttúrulega geðveikt. En samt auðvitað skrýtið líka því við upplifðum þetta sem svo mikinn einkahúmor.“

Hann segir að upphaflega hafi hlustendur þeirra mestmegnis verið fólk á svipuðum aldri og þeir sjálfir og úr Hafnarfirði.

„Svo mánuði eftir að við tökum eftir þessum aukna hlustendafjölda erum við beðnir um að spila á balli hjá menntaskólanum Flensborg. Það var frábært en auðvitað stressandi, því þetta var komið á allt annað stig en við höfðum eitthvað sérstaklega stefnt á. En við gerðum okkar besta og keyptum okkur prestakufla til að gera þetta sem flottast.“

Hann segir að ekki hafi mikil pæling legið að baki nafni hljómsveitarinnar.

„Bjartur kom með nafnið og þar með var það bara ákveðið. Þetta var fyrst allt gert í mikilli fljótfærni en við erum þó byrjaðir að taka þessu alvarlegar núna. Fyrst gerðum við bara lög á einum degi og negldum þeim út. Það kannski lýsir svolítið hljómsveitinni hvað við spáðum lítið í þessu fyrst.“

Eitt vinsælasta lag hljómsveitarinnar er lagið Dicks sem hljómsveitin vann með Inga Bauer.

„Þetta er auðvitað þannig séð satíra. Við gerum mikið grín að okkur sjálfum en í laginu erum við að taka smá ádeilu á þessa „toxic“ karlmennskuímynd. Við erum samt ekki að taka okkur það alvarlega að líta svo á að við séum að taka einhverja almenna samfélagsádeilu. Svo leyfum við bara hlustendum að túlka frekar lögin eins og þeir vilja,“ segir Alvar að lokum.

Séra Bjössi spilar á Þjóðhátíð um verslunarmannahelgina. Miða á hátíðina er hægt að nálgast á dalurinn.is. **steingerdur@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Honey Nut Cheerios®
fullt af fjöri

# Lífið getur verið hunangssætt



BYKO



Allt að
50%
afsláttur!

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

# SUMAR ÚTSALAN

*í fullum gangi*

**REIÐHJÓL -25-30% • REIÐHJÓLAFYLGIHLUTIR -25% • GARÐHÚSGÖGN -28% • SLÁTTUVÉLAR -25-30% NAPOLEON GASGRILL -25-30% • BROIL KING GASGRILL -25-30% • KOLAGRILL -25-50% • EINHELL GARÐVERKFÆRI -30-40% • SLÁTTUORF -25-40% • HEKKKLIPPUR -25-30% • GREINA- OG MOSA-TÆTARAR -25-30% • KEÐJUSAGIR -25-30% • BLÓM, TRÉ OG RUNNAR -30% • LJÓS -25% • GJØCO INNIMÁLNING -25% • FRÆ -40% • GEISLAHITARAR -30% • KAMÍNUR -30% • BLÓMAPOTTAR OG GARÐSKRAUT -30% • PLASTBOX -35% • FERÐATÖSKUR -40% • LEIKFÖNG -35% • KÖRFUBOLTASPJÖLD OG STANDAR -25% • TRAMPOLÍN AUKAHLUTIR -30% • HARÐPARKET -25% • MOTTUR OG DREGLAR -25% JÁRNHILLUR -20% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR -20% • JÁRNBÚKKAR -20% • VERKFÆRBOX OG -SKÁPAR -20% • POTTAR OG PÖNNUR -25-40% • FLÍSAR -20% OG MARGT, MARGT FLEIRA!**

PHOENIX



30%

**Tilboðsverð**

**Reiðhjól**
26" götuhjól, 6 Shimano gírar. Hvítt með bögglabera, brettum og körfu.

**20.996**
49620201
Almennt verð: 29.995

RYOBI



20%

**Tilboðsverð**

**Rafhlöðuborvélasett**
Verkfærasett með kolalausri borvél, tveimur rafhlöðum, hleðslutæki og bitasetti með 38 bitum. Vegleg verkfærataska fylgir með.

**35.996**
Almennt verð: 44.995
7133004297

30%



**Tilboðsverð**

**Geislahitari**
SunRed 600 W. Lítill og nettur hangandi hitari,

**6.996**
50615006
Almennt verð: 9.995

30%

**Tilboðsverð**

**Eldkarfa**
Denver, frábært að brenna eldivið og hlýja sér í garðinum.



**4.197**
50615061
Almennt verð: 5.995

BOSCH



**Tilboðsverð**

**Höggborvél**
PSB 700-2RE

**13.996**
74860700
Almennt verð: 19.995

30%

Snickers WORKWEAR

50%



**Tilboðsverð**

**Jakki**
Soft Shell jakki.

**12.497**
93441074
Almennt verð: 24.995

Skoðaðu útsölublaðið á byko.is

**Broil King**
Great Barbecues Every Time



## Tilboðsverð
### Gasgrill
ROYAL 320 með þremur ryðfríum brennurum og grillgrindum úr pottjárni sem hægt er að snúa við.

**49.995**

50657512

Almennt verð: 69.995

Kílóvött 8,8 | Brennarar 3

29%

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl. Tilboð gilda til 17. júlí, eða á meðan birgðir endast.

NAPOLEON
TRAVELQ
PORTABLE GAS GRILL



## Tilboðsverð
### Gasgrill
TRAVELQ með vagni. Þú ferð létt með að grilla hamborgara fyrir alla á tjaldsvæðinu!

**44.996**

506600012

Almennt verð: 59.995

25%

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2

**Broil King**
Great Barbecues Every Time



## Tilboðsverð
### Gasgrill
Signet 320 gasgrill með postulínshúðuðum grillgrindum, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.

**83.996**

50657505

Almennt verð: 119.995

30%

Kílóvött 11,4 | Brennarar 3

Einhell

## Tilboðsverð
### Bensínsláttuvél
GC-PM 46/3 S 2,0kW. Kröftug sláttuvél sem létt er að stjórna og ræður við erfiða og stóra garða, 46 cm sláttubreidd og 55 lítra safnpoki.

35%

**45.496**

748300653

Almennt verð: 69.995



## Tilboðsverð
Einhell
### Bensínsláttuvél
GC-PM 56, sláttuvél með drifi, fjórgengis mótor, 2,8 kW, sláttubreidd 56 cm, 6 hæðastillingar, 80 lítra safnpoki.

30%

**69.996**

748300659

Almennt verð: 99.995



barbecook

## Tilboðsverð
### Kolagrill
Adam kolagrill, krómuð grillgrind, Ø 47,5 cm, stillanlegt í 3 hæðir. Með loki og á hjólum.

**21.997**

50685050

Almennt verð: 43.995



50%

RYOBI



## Tilboðsverð
### Sláttuorf
Bensínsláttuorf, 1,4 kW, 55cc, 2 strokka vél.

**34.996**

7133002545

Almennt verð: 49.995

30%

GARDENA



## Tilboðsverð
### Sláttuorf
Sláttuorf, 300W 23CM.

**5.471**

54909805

Almennt verð: 7.295

25%

NAPOLEON



30%

## Tilboðsverð
### Kolagrill
Pro22K-Leg 57 cm.

**44.096**

506600090

Almennt verð: 62.995

Vertu með!
# PALLA-LEIKUR BYKO

## Svona tekur þú þátt í leiknum
1. Þú kaupir pallaefni í BYKO fyrir 50.000kr. eða meira á tímabilinu 24. apríl - 15. ágúst 2019.
2. Þú skráir nótunúmer og aðrar nauðsynlegar upplýsingar á www.byko.is/pallaleikur
3. Þú ert kominn í pottinn og gætir unnið veglega vinninga! Alls 10 vinningar, heildarverðmæti rúmlega 700.000kr.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf








**BAKÞANKAR**

Óttars Guðmundssonar




## Kannanir

Ég hef lengi reynt að ganga í takt við þjóð mína enda er ég pólitískt rétthugsandi gamall maður. Enginn vill vera úthrópaður af feisbúkk og kommentakerfinu sem beiskt gamalmenni sem allt hefur á hornum sér.

Það er miður hversu oft ég hef ekki hugmynd um hvaða skoðun er rétt og þjóðinni hugleiknust. Ég er því þakklátur fyrir endurtekna gúrkutíð á fjölmiðlum sem verður til þess að menn neyðast til að búa til fréttir til að fjalla um. Oftast verður fyrir valinu að efna til tilgangslausrar skoðanakönnunar þar sem hringt er í nokkur hundruð manns og þeir spurðir um ýmis þjóðþrifamál.

Viltu hafa neyðarflugbraut í Vatnsmýrinni eða viltu heldur deyja í sjúkrabíl í umferðarteppu við Landspítalann? Viltu láta flytja hrátt kjöt til landsins, uppfullt af dularfullum bakteríum og fúkkalyfjum? Viltu fá til landsins stórhættulega og skuggalega flóttamenn sem taka vinnu og húsnæði frá innfæddum? Borðarðu gómsætan og þjóðlegan þorramat? Hefurðu nokkrar áhyggjur af hamfarahlýnun jarðar? Viltu afsala öllum orkugjöfum landsins til vondra útlendinga og samþykkja orkupakkann?

Sláandi niðurstöðum þessara símakannana er venjulega slegið upp á forsíðu og stundum er fjallað um málið í leiðara. Verst er hversu hlutfall svarenda er lítið og spurningarnar leiðandi en hvað gerir það til? Allir græða! Fjölmiðillinn birtir innihaldslausar ekki-fréttir í nokkra daga. Almannatenglar fá peninga fyrir að hringja í fólkið. Síðast en ekki síst eru þessar skoðanakannanir leiðbeinandi fyrir mig og forða mér frá því að þurfa að setja mig inn í málin.








